

# BÓKATÍÐINDI

2016



QEYMIÐ BÓKASKRÁNA. QÚN GÆTI KOMIÐ ðÉR VËL ÞEGAR VELJA Á BÓK.

## Kæru bókakaupendur,

Þann á ný sjáum við gríðarlegan kraft í íslenski bókaútgáfu. Í Bókatiðindunum sem þú heldur á eru skráðar tæplega 700 nýjar bækur sem koma út á árinu, sem sýnir glögg tækni áhuga landsmanna á bókum og bóklestri og gróskumikla útgáfu.

Aldrei hafa fleiri íslensk skáldverk verið skráð í Bókatiðindi en í ár. Það er sérlega ánægjulegt, enda hefur áhugi á íslenskum skáldskap náð langt út fyrir landsteinana. Íslenskur skáldskapur ferðast um heim allan, áhuginn fer sívaxandi með ári hverju og fjöldi íslenskra rithöfunda sem fá bækur sínar gefnar út á erlendri grundu hefur líklega aldrei nokkurn tímann verið meiri.

Til þess að bókaútgáfa geti þrífist með heilbrigðum og eðlilegum hætti er nauðsynlegt að stjórnvöld hverju sinni tryggji höfundum og útgefendum traustan starfsgrundvöll. Á Íslandi, einu örfára landa Evrópu, er til dæmis enn ríkiseinokun á útgáfu námsbóka fyrir grunnskóla sem annars staðar telst ein helsta undirstaða bókaútgáfunnar. Eins er virðisaukaskattur á bókum langt ofan við Evrópumeðaltalið, sem hlýtur að teljast sérkennilegt á jafn litlu málsvæði og okkar. Óskandi er að stjórnvöld komi betur til móts við bæði höfunda og útgefendur og búi þannig íslenski bókaútgáfu betri skilyrði.

Jólabókafloðið, sem nú er hafið, er hornsteinn íslenskrar bókaútgáfu og í raun það sem fjölmargir bókaútgefendur, rithöfundar og aðrir sem útgáfunni tengjast, byggja allt sitt á. Jólabókafloðið er því að mörgu leyti grundvöllur þess að bókaútgáfa geti þrífist hér. Sú ríka hefð Íslendinga að gefa bækur í jólagjöf er okkur öllum dýrmæt og nauðsynleg.

Gleðileg bókajól!

Egill Örn Jóhannsson  
formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

## Merking tákna í Bókatiðindum

Undir kápumyndum allra bóka má nú finna tákna sem vísa til útgáfuforms. Táknskýringar má finna neðst á öllum kynningarblaðsíðum.

<b>GOR</b>	Gormabók
<b>HSP</b>	Harðspjalda bók – allar blaðsíður úr hörðum pappír
<b>HLB</b>	Hljóðbók
<b>IB</b>	Innbundin bók – kápuspjöld úr hörðum pappír
<b>KIL</b>	Kilja
<b>RAF</b>	Rafbók
<b>SVK</b>	Sveigjanleg kápa – líkt og kilja en í annarri stærð
<b>ENDUR ÚTGÁFA</b>	Endurútfingin bók

## Efnisyfirlit

### Barna- og ungmennabækur

■ Myndskreyttar .....	3
■ Skáldverk .....	11
■ Fræði og bækur almenns efnis .....	17
■ Ungmennabækur .....	20

### Skáldverk


■ Íslensk .....	22
■ Þýdd .....	31
■ <i>Ljóð og leikrit</i> .....	37
■ <i>Listir og ljósmyndir</i> .....	41
■ <i>Saga, ættfræði og héraðslýsingar</i> .....	43
■ <i>Ævisögur og endurminningar</i> .....	46
■ <i>Matur og drykkur</i> .....	49
■ <i>Fræði og bækur almenns efnis</i> .....	52
■ <i>Útivist, tómstundir og íþróttir</i> .....	69
■ <i>Höfundaskrá</i> .....	72
■ <i>Útgefendaskrá</i> .....	76
■ <i>Bóksalaskrá</i> .....	78
■ <i>Titlaskrá</i> .....	79
■ <i>Skrá yfir raf- og hljóðbækur</i> .....	82

## BÓKATIÐINDI 2016

### Útgefandi:




Félag íslenskra bókaútgefenda  
Barónsstíg 5  
101 Reykjavík  
Sími: 511 8020  
Netf.: fibut@fibut.is  
Vefur: www.fibut.is

<b>Hönnun kápu:</b>	Halldór Baldursson og Ámundi Sigurðsson
<b>Ábm.:</b>	Benedikt Kristjánsson
<b>Upplag:</b>	125.000
<b>Umbrot, prentun og bókband:</b>	Oddi, umhverfisvottað fyrirtæki 
<b>Dreifing:</b>	Íslandspóstur hf.

ISSN 1028-6748

HELGINA  
19. OG 20.  
NÓVEMBER  
Í HÖRPU




KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRRA BÓKA

Sjá dagskrá:  
[www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

# Barnabækur

## MYNSKREYTTAR



### 1000 gluggar með fróðleik um heimilið

*Lyftu flipa og lærdú orðin*

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Yngstu börnin una sér tímunum saman við að gá í gluggana og læra nöfnin á því sem þau umgangast daglega heima hjá sér. Þau skemmta sér við að tengja saman orð og myndir og skoða hvað leynist í gluggunum. Þannig læra þau hvað hlutirnir heita og hvaða hlutverki þeir gegna.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Arngrímur apaskott og skuggarnir


Kristín Arngrímsdóttir

Arngrímur apaskott er aleinn í kofa sínum og hugsar um vin sinn hrafninn. Hrafninn er horfinn og kemur ekki aftur. Kvöld eitt opnar Arngrímur apaskott kofa-dyrnar og gengur af stað inn í dimman skóginn. Þar kemst hann í hann krappan þegar skuggaverur spretta fram í myrkrinu. En geta vinir hans hjálpað honum úr klípunni?

32 bls.

Skrudda

IB



### Bangsi litli í sumarsól

Benjamin Chaud

Þýð.: Guðrún Vilmundardóttir

Spennandi leit Bangsapabba og lesenda að Bangsa litla heimshorna á milli. Skemmtileg saga og stórkostlega fallegar myndir sem heilla lesendur og koma endalaust á óvart.

32 bls.

Angústúra

IB



### Bangsímón

A.A. Milne

Þýð.: Guðmundur Andri Thorsson

Myndskr.: E.H. Shepard

Hún er loksins komin aftur! Þessi glæsilega bók hefur að geyma fyrstu sögurnar um Bangsímón sem gerðu hann að heimsins vinsælasta bangsa fyrir níutíu árum.

Sögurnar eru í fallegri hátíðarútgáfu með upprunalegum teikningum í snilldarþýðingu Guðmundar Andra Thorssonar.

148 bls.

Edda útgáfa

IB

ENDUR  
ÚTGÁFA



### Besta bílabókin

Bergrún Íris Sævarsdóttir


Ritstj.: Sævar Siggeirsson

Bókin er eins og harmonikka og verður samfelld lengja þegar hún er dregin út. Lesandi byrjar á að velja bíl sem hvílir á kápunni og hjálpar svo bifvélavirkjanum að finna verkfæri til að gera við bílinn. Þá er bókinni snúið við og bílnum ekið um fallegt landslag með tilheyrandi umferðarmerkingum.

12 bls.

Töfraland – Bókabeitan

HSP



### Bókin borðaði hundinn minn!

Richard Byrne

Þýð.: Marta Hlín Magnadóttir

Þegar hundurinn hennar Bellu hverfur ofan í kjölinn á bókinni þarf hún aðstoð við að finna hann aftur. En þegar aðstoðarfólkið hverfur líka þarf Bella að leita óhefðbundinna leiða til að bjarga máluunum. Hún endar með að leita til lesandans! Bókin er hnyttin og skemmtileg fyrir börn og fullorðna.

30 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



### Bókin hans Breka

Hrefna Bragadóttir

Breki hefur yndi af bókum og heitasta ósk hans er að verða sögupersóna í einni slíkri. Það reynist hins vegar ekki vera eins einfalt að komast í bók og hann heldur. Hugljúf og falleg saga um kosti þess að skera sig úr hópnunum.

32 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



### Búðarferðin

Bergrún Íris Sævarsdóttir og Ósk Ólafsdóttir


Þegar ímyndunaraflíð fær að leika lausum hala getur allt gerst! Blær og Busla fara út í búð að kaupa mjólk og á vegi þeirra verða snarbrött fjöll og flókið vöfundarhús, frumskógardýr, berggrisar og aðrar furðuverur.

Allir ættu að geta samsamað sig aðalpersónunni sem heitir Blær og er algjörlega kynfrjáls.

32 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



### Dagsferð Depils

Eric Hill

Þýð.: Birna Klara Björnsdóttir

Depill og vinir hans fara í skemmtilega dagsferð í sveitina. Um leið og sagan er lesin getur þú strokið fingrunum yfir myndirnar og fundið mismunandi áferð.

10 bls.

Bókaforlagið Bifröst

HSP



### Daprasta litla stúlka í öllum heiminum

Stefán Máni

Myndskr.: Bergrún Íris

Lovísa Perluvesti Blómasdóttir er ekki bara æruverðug og ættgöfug hefðarprinsessa. Hún er líka daprasta litla stúlka í heiminum. Alein býr hún í hæsta turninum á stórum kastala í dimmu landi langt í burtu.

Eða hvað?

Stefán Máni sýnir á sér nýja hlið í þessari bráðskemmtilegu barnasögu sem skreytt er einstökum teikningum Bergrúnar Írisar.

38 bls.

Sögur útgáfa

IB



### Dýrin í sveitinni

Rachel Hale

Þýð.: Hálfán Ómar Hálfánarson

Í þessari skemmtilegu bók fá börnin að fylgjast með dýrunum þegar þau búa sig undir hátíð. Orð og myndir á hverri síðu segja til um hvenær á að ýta á hljóðhnappa til að hlusta á dýrin.

10 bls.

Unga ástin mín

HSP



### Enginn sá hundinn

Hafsteinn Hafsteinsson og Bjarki Karlsson

Krakkarnir á Bakka verða himinlifandi þegar fjörugur hvolfur leynist í jólapakkanum. En um næstu jól eru gjafirnar svo spennandi að hundurinn gleymist. Þá gripur hann til sinna ráða! Bráðskemmtileg saga í bundnu máli sem foreldrar og börn munu njóta að lesa saman aftur og aftur.

34 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



### Ég vil skoða ...

Ég vil skoða dýrin

Ég vil skoða risaædlur

Ég vil skoða... bókaflökkurinn inniheldur skemmtilegar og fræðandi flipabækur fyrir forvitna krakka 3 ára og eldri.

Allir hafa gaman af því að lyfta flipunum og finna út hvað leynist undir þeim og læra í leiðinni.

Rósakot

IB



### Farartækin

Harmonikkubók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Bókin getur orðið 123 cm löng! Hér geta yngstu börnin lært allt um bíla og önnur farartæki. Það er skemmtilegur leikur að draga bókina sundur og saman eins og harmónikku, skoða litríkar myndir og fá leiðsögn um veröld farartækjanna.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Feimnisþúkar

Sigurlaug H.S. Traustadóttir

Myndir: Lára Garðarsdóttir

Ert þú stundum feimin/n og getur ekki gert það sem þig langar til? Eru kannski feimnisþúkar að trufla þig? Haddý lendir í basli með feimnisþúkana sína en sem betur fer kann mamma ráð! Þúkabækurnar fjalla á skemmtilegan hátt um ýmis vandamál.

Í bókunum eru umræðuspurningar sem foreldrar geta notað til að spjalla við barnið um efni bókanna.

32 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



### Finndu lambið í sveitinni

Margt skemmtilegt að skoða og fræðast um í sveitinni!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Þú unir þér tímunum saman við að leita að týnda lambinu og myndirnar verða þér hvatning til að spinna þínar eigin sögur og ævintýri úr sveitinni. Tekst rebba að hremma hænuna?

Fjörug bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



### Flökkusaga

Lára Garðarsdóttir

Myndskr.: Lára Garðarsdóttir

Eftir miklar breytingar í heimalandi Ísldar og mömmu hennar, neyðast þær til að flýja. Þær leggja í langa ferð í leit að nýjum heimkynnum en mæta óvæntum erfiðleikum þegar þær loksins nema land.

Munu brúnu birnir taka hvítu birnurnar í sátt?

40 bls.

Lára Garðarsdóttir

IB



### Freyja og Fróði

Freyja og Fróði geta ekki sofnað

Freyja og Fróði í klippingu

Kristjana Friðbjörnsdóttir

Myndir: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Freyja og Fróði eru skemmtileg systkini sem vita hvað þau vilja. Í fjörugum texta og fallegum myndum glíma þau í hverri bók við nýjar aðstæður sem allir krakkar þekkja – hér eru það ferð á hársnyrtistofu og háttatím-inn. Góðar og gagnlegar bækur fyrir krakka á aldrinum tveggja til sex ára.

32 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



### Fyrsta límmiðabókin

Bílar og dráttarvélar

Boumans Lieve

Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Flest börn hafa mikinn áhuga á bílum og öðrum farartækjum. Þessi bók hjálpar börnunum að þjálfra fínreyfingar og athyglisgáfu. Hún mun halda athygli þeirra tímum saman við þroskandi og athafnasaman leik þar sem ýmiss konar farartæki kom við sögu.

16 bls.

**Skrudda**

SVK



### Fyrsta límmiðabókin

Gæluðýr

Boumans Lieve

Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Öll börn eru hugfangin af dýrum. Þessi bók hjálpar börnunum að þjálfra fínreyfingar og athyglisgáfu. Hún mun halda athygli þeirra tímum saman við þroskandi og athafnasaman leik.

16 bls.

**Skrudda**

SVK



### Fyrstu 50 orðin

Þýð.: Bjarki Karlsson

*Fyrstu 50 orðin* er skemmtileg lyfti- og flettiflipa bók sem barninu finnst gaman að nota og safnar um leið yfir fimmtíu grundvallarorðum í orðaforðann.

16 bls.

**Unga ástin mín**

HSP



### Góða risaeðlan

Arlo og Seppi í ævintýrum

Walt Disney

Þýð.: Sæunn Ólafsdóttir

Dag einn hittir risaeðlan Arlo undarlegt smádýr. Það reynist vera drengurinn Seppi. Með þeim tekst mikil vinátta og saman reyna þeir að finna leiðina heim.

Þó bókinn inniheldur 5 stensla!

10 bls.

**Edda útgáfa**

HSP



### Græni traktorinn

Hjóðbók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Fylgdu græna traktorum eftir á annasömum degi á búgarðinum. Bókin er tilvalin fyrir fjörlega sögustund því að börnin verða hugfangin af hljóðinu sem heyrst þegar þrýst er á hnappinn.

*Tilvalin bók fyrir yngstu börnin.*

8 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Hekla skilur hundamál

Allie Doersch og Hulda Jónsdóttir Tölgyses


Hekla er stelpa og Hugi hundur en samt eru þau bestu vinir og skilja hvort annað vel. Það er af því að Hekla skilur tungumálið sem Hugi tjáir með líkamanum og veit þess vegna alltaf hvernig honum líður. Bráðsnjöll og skemmtileg saga sem kennir börnum að bera virðingu fyrir dýrum og lesa í tjáningu þeirra.

34 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

IB

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRAR BARNA-  
OG UNGMENNABÓKA



# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

HELGINA 19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU  
Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



### Hetjubókin

Jóna Valborg Árnadóttir

Myndir: Elsa Nielsen

Sóla er byrjuð í skóla og þar líður henni vel. Þangað til hún lendir í vandræðum. Þá þarf hún að horfast í augu við óöryggi sitt og óttann við að vera ekki eins og hinir. Bækurnar um Sólu henta börnum frá 4 ára aldri. Þær efla skilning þeirra á eigin tilfinningum og annarra og hjálpa þeim að færa þær í orð.

41 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



### Hver er mamma mín?

Þýð.: Bjarki Karlsson

Hver á mömmu sem segir bra? Lesum spurningar, giskum á svör, lyftum svo flipum og sjáum lausnina.

10 bls.

Unga ástin mín

HSP



### Íslensku dýrin

Umsj.: Kristín Ásta Þórsdóttir

Yndisleg bók með fjölbreyttar og fallegar ljósmyndir af dýrunum okkar, bæði húsdýrum og öðrum vel þekktum dýrum. Dýraheitin eru bæði á íslensku og ensku, til fróðleiks og til þess að bókin nýttist fleiri lesendum.

18 bls.

Unga ástin mín

HSP



### Jói Kassi og snjókarlinn (Litabók/Saga)

Konráð Sigurðsson

Myndskr.: Þórir Karl Celin

Það er jóladagur og systkynin tvö fara út að leika í snjónum, hvolpurinn Snæfinnur er með í för. Þau búa til síkátann snjókarl og Jói fylgist með þeim og stuðinu á Snæfinni. Litabók og saga, hentar 3–8 ára krökkum.

24 bls.

Konráð Sigurðsson

SVK



### Jólasyrpa

Walt Disney

Þýð.: Sigríður Halldórsdóttir

Jólin nálgast og íbúar Andabæjar takast á við þá staðreynd hver með sínum hætti.

254 bls.

Edda útgáfa

IB



### Kanínan sem vill fara að sofa

Carl-Johan Forssén Ehrlin

Þýð.: Sigurður Helgason

Þetta er óvenjuleg saga til að lesa fyrir svefninn sem byggir á sálfræðilegri tækni. Henni er ætlað að auðvelda börnum að sofna fyrir og að sofa betur á hverri nóttu. Sögunni fylgir slökun og leiðir til að innst inni vill barnið sofna.

28 bls.

Draumsýn

SVK



### Kiddi kanína elskar bækur

Peter Bentley

Þýð.: Lúther Jónsson

Kiddi kanína les sögur um prinsu, sjóræningja, nornir og galdrakarla. Hann les bækur um járnbrautarlestir og risaeðlur en ... vinum hans finnast bækur þrautleiðilegar! Það er kominn tími til að Kiddi kanína sýni þeim hve stórkostlegar bækur eru.

20 bls.

Steinegg

HSP



### Knús / Mjá! Mjá!

Knús

Mjá! Mjá!

Þýð.: Bjarki Karlsson

Bækur fyrir yngstu börnin með mjúkum snertiflötum og hljómfögurum vísam sem efla málþroska barnsins og örva snertiskyn.

14 bls.

Unga ástin mín

HSP



### Konungborna bólubaslíð

Viggó Ingimar Jónasson

Myndskr.: Ari Hlynur Guðmundsson Yates

Í konungsríki, óralangt í burtu, býr undirfögur prinsessa sem er elskuð og dáð af öllum þegnum sínum. Líf hennar virðist fullkomið þangað til hún vaknar dag einn og þarf að takast á við risavaxið vandamál sem kollvarpar allri veröld hennar.

En er vandamálið eins skelfilegt og hún telur það vera?

24 bls.

Bókaútgáfan Hringur

IB



### Kuggur 14 og 15

Hoppað í París

Rassaköst í Róm

Sigrún Eldjárn

Tvær glænýjar sögur um Kugg, sem hefur verið einn af bestu vinum íslenskra lestrarhesta í bráðum 30 ár. Nú hafa vinkonur hans, Málfríður og mamma hennar, farið í ferðalög og segja Kuggi ferðasögur frá París og Róm, elda fyrir hann rétti frá þessum stöðum og kenna honum svolitla útlensku.

32 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



### Lárubækur

Kósýkvöld með Lára

Lára fer á skiði

Birgitta Haukdal

Myndir: Anahit Aleqsanian

Hin lífs glaða Lára snýr aftur! Hún prófar skiði í fyrsta sinn, heldur kósýkvöld með foreldrum sínum og fær óvæntar fréttir um fjölgun í fjölskyldunni. Vinsælar bækur eftir Birgittu Haukdal, með litríkum og fallegum myndum.

41 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



### Leika sér / Matartími

Leika sér

Matartími

Þýð.: Bjarki Karlsson

Skemmtilegar myndabækur fyrir litla yndið þitt. Með litríkum myndum, gægjugötum og einhverju óvæntu á hverri síðu.

14 bls.

Unga ástin mín

HSP



### Leppur og sjóræningjarnir

Konráð Sigurðsson

Myndskr.: Þórir Karl Celin

Sagan segir frá Lepp þegar hann er færður um borð í sjóræningjaskip. Þar lendir hann í skemmtilegri atburðarás með öðrum hlutum og er þess valdur að sjóræningjarnir granda sínu eigin skipi. En hvað verður um Lepp og vini hans? Þetta er önnur bókin af sex.

Hentar 3–8 ára krökkum.

24 bls.

Konráð Sigurðsson

SVK



### Letipúkar

Sigurlaug H.S. Traustadóttir

Myndir: Lára Garðarsdóttir

Ert þú stundum löt/latur og nennir ekki neinu? Getur verið að það séu letipúkar að fela sig í hárinu á þér? Stormur á í vanda með letipúkana sína en sem betur fer kann pabbi ráð! Púkabækurnar fjalla á skemmtilegan hátt um ýmis vandamál.

Í bókunum eru umræðuspurningar sem foreldrar geta notað til að spjalla við barnið um efni bókarinnar.

32 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



### Litirnir

Harmonikkubók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Bókin getur orðið 123 cm löng! Hér geta yngstu börnin lært að þekja litina og segja fyrstu orðin meðan þau leika sér með þessa litríku og skemmtilegu bók. Það er skemmtilegur leikur að draga bókina sundur og saman eins og harmónikku!

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Litla töskubókin mín

Milla og Malla hjálpa til

Walt Disney

Þýð.: Sæunn Ólafsdóttir

Mína er stolt af nýju búðinni sinni. Frænkur hennar, Milla og Malla, vilja gjarnan hjálpa til. En skyldi alltaf vera hjálp í þeim?

Taktu litlu töskubókina þína með þér hvert sem þú ferð! Límmiðar fylgja!

10 bls.

Edda útgáfa

HSP

## » Sendum samdægurs

Nú getur þú látið okkur senda til vina og vandamanna erlendis.

Við getum meira að segja pakkað gjöfinni inn og skrifað á kortið!

Stærsta bókabúðin er á netinu!

HEIMKAUP

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S. 550-2700



### Múmínálfar

Límmiðabók

Myndir: Tove Jansson

Múmínsnáðinn og vinir hans leika sér í fjörunni, kanna dimman helli, læðast í gegnum skóginn, veltast um í snjónum og lenda stöðugt í nýjum ævintýrum. Yngstu lesendurnir ráða ferðinni í þessari litríku límmiðabók og kynnast töfrandi veröld Múmínálfanna.

16 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

SVK



### Norn!

Kim Fupz Aakeson

Myndir: Rasmus Bregnhøj

Pabbi hefur eignast kærustu. Hún er með sítt hár, sítt, grænt og úfið hár. Og skemmdar tennur. Vörtur. Uppmjóan hatt. Það er brennisteinslykt af henni. Hún er NORN! Af hverju hefur mamma engar áhyggjur af þessu? Brakandi myndin saga um flókna fjölskyldu.

40 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB



### Ofur Kalli

Camilla Läckberg

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Myndskr.: Millis Sarri

Kalli er nýfæddur þegar tvær stjórnur rekast á úti í geimnum. Yfir Kalla dreifist örlítið fínlegt stjörnuyk sem gerir hann að ofurhetju. Frábærlega myndin og spennandi saga um óvenjulegan garp.

Camilla Läckberg er vinsælasti reyfarahöfundur Svía. Hér teflir hún fram stórskemmtilegri barnabók.

32 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



### Pennafærni


Þýð.: Sara Hlín Hálfánardóttir

Bók sem þjálfar fínreyfingar og ýtir smátt og smátt undir getu til þess að læra að skrifa stafina.

20 bls.

**Unga ástin mín**

HSP



### Sigurfljóð hjálpar öllum

Sigrún Eldjárn

Þegar Sigurfljóð vaknar finnur hún um leið að þetta verður óvenjulegur dagur. Hún smellir ofurkossi á pabba og mömmu og flýgur út í daginn til að hjálpa öllum. Glæðleg og hressandi bók um splunkunýja ofurhetju eftir einn ástsælasta barnabókahöfund landsins.

34 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB



### Snuðra og Tuðra og ruslagrísirnir

Iðunn Steinsdóttir

Myndskr.: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Síkátu, en svoltið óþekku, systurnar Snuðra og Tuðra fara í fjöruferð með pabba sínum. Þau verða steinhissa að sjá allt ruslið í fjörunni og sjónum og ákveða að taka málin í sínar hendur. Þær systur ganga þó helst til langt eins og þeim einum er lagið og þurfa að takast á við afleiðingarnar.

Skemmtileg saga fyrir börn á öllum aldri!

20 bls.

**Salka / Útgáfuhúsið Verðandi**

SVK



### Snuðra og Tuðra og svefntraugurinn

Iðunn Steinsdóttir

Myndskr.: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Síkátu, en svoltið óþekku, systurnar Snuðra og Tuðra heimsækja draugasafnið með mömmu sinni og Skeggja frænda. Þær geta þó ekki notið heimsóknarinnar af því að þær voru óþekkar kvöldið áður og hlýddu ekki mömmu sinni þegar hún sagði þeim að fara að sofa. En það sem þær vita ekki er að þá getur svefntraugurinn komið í heimsókn!

Skemmtileg saga fyrir börn á öllum aldri!

20 bls.

**Salka / Útgáfuhúsið Verðandi**

SVK



### Stafakarlarinn

Bergljót Arnalds

Myndir: Frédéric Boulet

Ævintýrið smellna um stafakarlarana kom fyrst út fyrir tuttugu árum og er nú endurútgefið í veglegri hátíðarútgáfu með geisladiski og textum allra stafakarlaganna. *Stafakarlarinn* er ein vinsælasta barnabók sem út hefur komið hér á landi og hafa þúsundir barna lært að lesa með aðstoð hennar.

57 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB ENDUR ÚTGÁFA



### Stórt og smátt

Ég er tveggja ára

Boumans Lieve

Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Þessi bók kennir barninu að öðlast tilfinningu fyrir mismunandi stærðum og hjálpar barninu jafnframt að til-einka sér 5 mikilvæga færniþætti: skilning, málþroska, tilfinningaþroska, fínreyfingar og sköpunarkraft.

16 bls.

**Skrudda**

HSP



### Stærsta og sniðugasta myndaorðabók í heimi

Tom Schamp

Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir

Stórglæsileg og einstök myndaorðabók fyrir yngstu lesendurna.

65 bls.

**Bjartur**

IB





### Sveitabærinn

Renndu lausu myndinni eftir brautinni!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Þessi bók er kjörin til að örva hreyfiproska barna. Þau fá góða þjálfun í að stjórna handahreyfingum sínum um leið og þau renna lausu myndinni eftir brautinni. Vinstra megin á hverri opnu eru nokkrar myndir og spurningar sem tengjast þeim.

*Bók fyrir yngstu börnin.*

10 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Sögur af skemmtilegum vinum

Nú hugljúfar sögur

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Þessa bók er tilvalið að lesa með börnunum. Hún geymir fjársjóð af fallega myndskreyttum og hugljúfum sögum af dýrum. Einhver af sögunum nú á eftir að verða í mestu upphaldi.

*Tilvalin bók fyrir börn frá tveggja ára aldri. Hentar vel fyrir börn sem eru að byrja að lesa sjálf.*

176 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



### Sögur fyrir svefninn

21 saga fyrir krakka

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Allir krakkar elska að hlusta á sögu fyrir svefninn og hér eru margar sögur. Með þessum fallega myndskreyttu kvöldsögum eiga allir krakkar eftir að kunna að meta þetta frábæra sögusafn.

*Tilvalin bók fyrir börn frá þriggja ára aldri. Hentar vel fyrir börn sem eru að byrja að lesa sjálf.*

176 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



### Takk fyrir að vera vinur minn

Peter Bentley

Þýð.: Lúther Jónsson

„Æ, æ“ sagði Klara og brosti. „Ég er svo mikill kjáni. Það eru engin skrímsli undir rúminu.“ Klara hefur fengið nýtt svefnherbergi og það virðist dálítið ógnvekjandi. Það býr yfir skrítnum skuggum og hljóðum. En það eru ekki til nein skrímsli ... er það nokkuð?

20 bls.

Steinegg

HSP



### Teiknileikni

Dútl fyrir 3 ára

Dútl fyrir 4 ára

Dútl fyrir 5 ára


Þýð.: Bjarki Karlsson

Í þessum skemmtilegu teiknileikni-bókum er sægur af leikjum og verkefnum til að fanga einbeitingu þriggja til fimm ára handa. Hvort sem þú vilt teikna eða lita eða fást við önnur skemmtileg verkefni, þá er hér úr nágu að velja.

48 bls.

Unga ástin mín

HSP



### Teljum saman – leikföngin mín

Bók með gömlu góðu talnagrindinni

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

„Einn lítill sílófónn á sína bringu ber.“

Tveir litlir bangsar að blöðrum leika sér.“

Börnum finnst gaman að læra að telja með þessari frá-bæru, gagnvirku talnagrindarbók þar sem textinn hefur bæði hljóðfall og rím.

*Líflæg bók fyrir yngstu börnin.*

10 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Tilfinningar – Stundum verðum við reið!

Ásta María Hjaltadóttir og Þorgerður Ragnarsdóttir

Hvað gerist þegar Maggi brýtur kubbabil vinar síns, óvart?

Léttlestrarbók fyrir yngstu lesendurna þar sem einnig er hugað að því að ráða við erfiðar tilfinningar. Í þessari bók er það reiðin sem um ræðir.

20 bls.

Bókstafur

SVK



### Tilfinningar – Þekkir þú afbrýðisemi?

Þorgerður Ragnarsdóttir og Ásta María Hjaltadóttir

Siggu finnst myndin sem Anna teiknar flottari en hennar eigin.

Léttlestrarbók fyrir yngstu lesendurna þar sem einnig er hugað að því að ráða við erfiðar tilfinningar. Í þessari bók er fjallað um afbrýðisemi.

20 bls.

Bókstafur

SVK



### Tíminn

Ég er þriggja ára

Boumans Lieve


Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Þessi bók kennir barninu að átta sig á tímanum, árstíðunum, dögum vikunnar og mismunandi tíma dagsins. Jafnframt hjálpar hún því að tileinka sér 5 mikilvæga færniþætti: skilning, málþroska, tilfinningaþroska, fín-hreyfingar og sköpunarkraft.

16 bls.

Skrudda

HSP





### Tommi ferðast um heiminn

Fyrsta lyftimyndabókin mín

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Tommi tígur er landkönnuður. Hann er að leggja af stað í ævintýralegan leiðangur til að leita uppi ótrúlega furðustaði og skrýtnar skepnur bæði á jörðinni og utan hennar. Fylgstu með honum í þessari frábæru lyftimyndabók.

*Tilvalin bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

18 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Tröllastrákurinn læknar hrekkjusvín

Sigríður Arnardóttir

Myndskr.: Freydis Kristjánsdóttir

Hrekkjusvín vinna skemmdarverk á kofunum sem tröllastrákurinn Vaki og Saga vinkona hans byggðu. Óvæntur atburður verður síðan til þess að allir þurfa að standa saman og hjálpast að. Skemmtileg og þroskandi saga eftir Sirrý. Bókinni fylgir geisladiskur með upplestri á sögunni.

29 bls.

Veröld

IB



### Við erum í rangri bók!

Richard Byrne

Þýð.: Birgitta Elín Hassell

Bella og Benni fara í pokahlaup sem endar með ósköpum. Þau detta út af síðunni sinni og enda á ókunnum slóðum. Þar getur að líta alls kyns furður og ranghala og Bella og Benni lenda í æsispennandi ævintýrum þegar þau reyna að komast aftur í sína eigin bók.

30 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



### Viktor – Hjólreiðakeppnin

Sögubók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Viktor og Tumi leika sér í garðinum þegar Robbi kemur æðandi með miklum látum. Hann þykist vera besti hjólreiðamaður í heimi! Tumi verður óskureiður og skorar á Robba að keppa við Viktor ...

*Góð bók fyrir börn frá fögurra ára aldri. Hentar vel fyrir börn sem eru að byrja að lesa sjálf.*

26 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



### Viktor – Kötturinn Lúkas

Sögubók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Viktoría þarf að bregða sér frá og fær Viktor til að passa Lúkas, litla köttinn sinn. Tumi er hreint ekki ánægður með þennan óvænta gest, sérstaklega þegar Lúkas lætur þá hlaupa um allt á eftir sér!

*Góð bók fyrir börn frá fögurra ára aldri. Hentar vel fyrir börn sem eru að byrja að lesa sjálf.*

26 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



### Vísnaugull

Vísur og þulur fyrir börn í fangi

Ritstj.: Helga Rut Guðmundsdóttir

Vísnaugull með sigildum þulur og söngvum sem íslensk börn hafa lengi haft dálæti á. Bókina prýða fallegar litmyndir eftir listakonuna Maríu Sif Danielsdóttur. Geisladiskur fylgir bókinni. Tónlistin er unnin af Péttri Ben og Helgu Rut Guðmundsdóttur sem valdi efnið í bókina.

64 bls.

Tónaugull

IB



### Vonbedon

Magnús og Malaika leysa málið

Bergljót Baldursdóttir

Myndskr.: Brynhildur Jenný Bjarnadóttir

Ævintýrabókin *Vonbedon*, *Magnús og Malaika leysa málið* er um orð og tungumál. Hún segir frá krökkum sem komast að því að nágranni þeirra er í raun dreki. Þrjár sögur um dreka eru fléttadar inn í söguþráðinn og er ein þeirra sagan um íslensku landvættina. Heiti bókarrinnar er setning sem annað barnið bjó til þegar það komst að því að til væru mörg tungumál í heiminum.

48 bls.

Bókaútgáfan Albert

IB

RAF



### Vögguvísurnar okkar

20 undurfagarar vögguvísur

Myndskr.: Úlfur Logason

Tónlist: Jón Ólafsson

Jón Ólafsson tónlistarmaður hefur leikið fegurstu vögguvísurnar okkar inn á hljómfaganan spilara sem er áfastur fallega myndskreyttri bókinni. Hér er að finna yndislegar vögguvísur fyrir börnin okkar, gamlar og nýjar, allt frá þjóðlögum og þulur til Megasar og Braga Valdimars. Veljið einhver þessara fallegu laga, ýtið á takkann og syngið með!

63 bls.

Sögur útgáfa

IB



### Ævintýri fyrir yngstu börnin

Sigild ævintýri með fallegum myndum.

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Í tímans rás hafa gömlu ævintýrin um Rauðhettu, Öskubusku, Bamba, Gosa, Ljóta andarungann og fleiri ævintýri verið lesin fyrir börn um allan heim. Í þessari bók eru 12 sigild ævintýri, skemmtilega myndskreytt, og börnin munu biðja um að þau verði lesin aftur og aftur.

253 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB

ENDUR ÚTGÁFA



### Ævintýri gæsamömmu

Biro Val

Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Ævintýrin í þessari bók hafa heillað hverja kynslóð barna á fætur annarri frá því þau birtust fyrst í bókinni *Sögur frá liðnum tíma* sem Charles Perrault gaf út árið 1697.

Sögurnar eru þessar: *Þyrnirós*, *Stígvéladi kötturinn*, *Rauðhetta*, *Froskar og gimsteinar*, *Öskubuska*, *Sjómilna-skórnir*, *Óskirnar þrjár*.

200 bls.

Skrúdda

IB

# Barnabækur

## SKÁLDVERK



### Afi sterki og skessusammirnar

Jenný Kolsöe

Myndskr.: Bergrún Íris Sævarsdóttir


Afi sterki hefur krafta í köggulunum og ráð undir rífi hverju!

Afi býður Aroni Magna í ferðalag á Bedfordinum. Í þrengslunum hrynur skriða með svo miklum hávaða að tvær skessur hrökkva upp með andfælum. Skessurnar eru glorsoltnar eftir langan svefn og vita fátt betra en litla stráka. Það er eins gott að hann afi kann sitthvað fyrir sér!

61 bls.

Bókabeitan

IB



### Amma glæpon

David Walliams

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Benni kvíðir því að vera heima hjá ömmu sinni á hverju föstudagskvöldi. En svo kemst hann að því að hún er alþjóðlegur skartgripaþjófur ... Taktu þátt í stórkostlegu ævintýri Benna þegar þau amma hans skipuleggja stærsta skartgriparán sögunnar. David Walliams fer hér á kostum. Þessi vinsæla bók er nú komin út á kilju.

300 bls.

Bókafélagið

KIL



### Amma óþekka og huldufólkið í hamrinum

Jenný Kolsöe

Myndskr.: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Amma óþekka gerir það sem hún vill – þegar hún vill! Amma og Fanny Þóra heimsækja vinkonu ömmu í Hveragerði. Á Jónsmessunótt finnur Fanny Þóra töfrastein sem flytur hana í álfheima. Þar er allt í uppnámi því álfadrottningunni hefur verið rænt af ófrýnilegum svartálfi en þær langmæðgur deya ekki ráðalaugar frekar en fyrri daginn.

53 bls.

Bókabeitan

IB



Tommi Teits

### Ágætar afsakanir (og margt annað gott)

L. Pichon

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir


Þetta er önnur bókin um Tomma, stórskemmtilegan þakka sem kemur sér í vandræði á (næstum) hverri síðu. Sjóðandi blanda af auðlæsilegum texta og flottum myndum sem hafa heillað krakka um allan heim. ★★★★★

„Ég er lesblind og þetta er fyrsta þykka bókin sem ég nenni að klára alveg.“ U.A. 9 ára (Um fyrstu Tomma Teits-bókina).

346 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



### Baldursbrá

Gunnsteinn Ólafsson

Myndskr.: Freydís Kristjánsdóttir

Baldursbrá vex og dafnar í gróinni lautu en langar að sjá sólarlagið sem blasir við ofan af ásnúnum – en sú ferð reynist örlagarík! Sagan byggist á ævintýraóperunni Baldursbrá og fylgir bókinni mynddiskur af flutningi óperunnar í Hörpu.

30 bls.

Veröld

IB



### Bert og fjölskylduerjurnar

Sören Olsson og Anders Jacobsson

Þýð.: Jón Daníelsson


Myndskr.: Kwok-Hei Mark

Prakkarinn Bert er engum líkur og kemur lesandanum enn á óvart. Ótrúlega myndin bók!

138 bls.

Bókaforlagið Bifröst

IB



### BFG

Roald Dahl

Þýð.: Sólveig Hreiðarsdóttir

Myndskr.: Quentin Blake

BFG eða Berggrísinn frámi góði er vænn og góður risi sem býr í Risalandi ásamt níu hræðilegum, beinabryðjandi, manneruétandi risum. Dag einn verður 8 ára og eldklár stúlka sem heitir Soffía á vegi hans. Í sameiningu ákveða þau að stöðva risana vondu og fá meira að segja aðstoð frá drottningunni sjálfri af Englandi.

*BFG* er sannkallað meistara verk og frábær skemmtun fyrir alla!

237 bls.

Bókaútgáfan Kver

KIL



### Bjalla og bæjarstjórinn sem gat ekki flogið

Þröstur Jóhannesson


Myndir: Pétur Guðmundsson

Litríkt og skemmtilegt ævintýri um hana Bjöllu, en hún á ekki sjö dagana sæla í geitakofanum með honum Gussa fingralanga. Dag einn hverfur hann á brott og Bjalla röltir yfir að Gullhóli og segist vera indjáni. Upphefst þá nýr kafla í lífi Bjöllu. Gussi fingralangi er þó aldrei langt undan og spurningin er: Hvað hefur hann í hyggju?

94 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



### Dagbók Kidda klaufa 8

Hundaheppni

Jeff Kinney

Þýð.: Helgi Jónsson

Kidda klaufa þekkja nánast öll íslensk börn. Hér kemur 8. bókin en allar hinar njóta gríðarlegra vinsælda. Höfundurinn kom til Íslands í maí 2016. Í stuttu máli: hann elskar Ísland, sem á örugglega eftir að koma fyrir í bók um Kidda klaufa í framtíðinni.

224 bls.

Tindur

IB



**Doddi: Bók sannleikans!**

Hildur Knútsdóttir og Þórdís Gísladóttir  
Myndir: Elín Elísabet Einarsdóttir  
Hressandi, spennandi og sjúklega myndin unglingsbók eftir tvo verðlaunahöfunda! Sumar unglingsbækur eru of þykkar en aðrar af ævintýralegar eða gerast í fornöld. Þessi bók er ALLS EKKI þannig því hún segir frá ýmsum æsandi viðburðum úr MÍNU lífi. Kveðja, Doddi (14 ára, tilvonandi heimsfrægur skordýrafræðingur). 160 bls.  
**Bókabeitan**

IB RAF



**Doktor Proktor og heimsendir. Kannski.**

Jo Nesbø  
Þýð.: Jón St. Kristjánsson  
Myndir: Per Dybvig  
Glæpasagnahöfundurinn Jo Nesbø fer á kostum (og handahlaupum) í þriðju bókinni um brjálaða prófessorinn Doktor Proktor og vini hans, hinn fífljarfa Búa og hugrökku Lisu. Ósegjanleg illmenni gera þeim lífið leitt og heimsendir er (kannski) í nánd! Stórkostleg skemmtun fyrir krakka sem gera miklar kröfur til ímyndunarafslisins. 280 bls.  
**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK



**Drauga-Dísa**

Gunnar Theodór Eggertsson  
Þegar Dísa lendir upp á kant við vinsældaklíkuna í níunda bekk flýr hún upp í sveit. Þrjú hundruð árum fyrr situr strákur í sama dal og bíður þess að ófreskja skriði úr egg. Hvorugt þeirra veit að brátt munu þau í sameiningu setja af stað atburðarás sem slær við öllum skrímslasögum sem heimurinn þekkir.  
**Forlagið – Vaka-Helgafell**

RAF



**Hrollur Draugaströndin**

R.L. Stine  
Þýð.: Marta Hlín Magnadóttir  
Systkinin Teitur og Tara eru í sumarfrí hjá frænku sinni og frænda. Teitur finnur helli sem hann langar að kanna en nágrannakrakkarnir segja að það sé stórhættulegt. Í hellinum búi nefnilega þrjú hundruð ára gamall draugur sem birtist bara á fullu tungli!  
Teitur veit að þetta er tilbúningur því draugar eru að sjálfsgöðu ekki til.  
Er það nokkuð?  
123 bls.  
**Bókabeitan**

KIL RAF



**Einhver Ekkineinsdóttir**

Kätlin Kaldmaa  
Þýð.: Lemme Linda Saukas Ólafsdóttir  
Lítill stúlka heldur út í heim að leita föður síns. Bókin gerist að stórum hluta á Íslandi. Glæsilega myndskreytt. Bókin fékk góða dóma sem barnabók fyrir alla aldursþópa þegar hún kom fyrst út í Eistlandi árið 2012. 103 bls.  
**Bókstafur**

IB



**Elsku Mío minn**

Astrid Lindgren  
Þýð.: Heimir Pálsson  
Myndir: Ilon Wikland  
Munaðarlaus drengur situr dapur í almenningsgarði eitt vetrarkvöld þegar hann tekur eftir því að eitthvað hreyfist inni í flösku við fætur hans. Daginn eftir auglýsir lögreglan eftir Búa Vilhjálmi Ólasyni – sem þá kallar sig Mío og leikur sér við föður sinn konunginn í Landinu í fjarskanum. Loksins er þessi hugljúfa saga um baráttu góðs og ills fánleg á ný. 174 bls.  
**Forlagið – Mál og menning**

IB ENDUR ÚTGÁFA



**Engill í vesturbænum**

Kristín Steinsdóttir  
Myndir: Halla Sólveig Þorgeirsdóttir  
Askur á heima í blokk í vesturbænum. Flestir halda að þar búi bara ósköp venjulegt fólk en hann veit betur. Þarna er varúlfur, Lína Langsokkur, veiðimaður, silfur-skotta, já og engill ... Þessi vinsæla og margverðlaunaða bók hefur verið uppseld lengi og fagnaðarefni að hún skuli loks vera fánleg að nýju. 105 bls.  
**Forlagið – Vaka-Helgafell**

IB ENDUR ÚTGÁFA



**Ég elska máva**

Þýð.: Þórunn Þorgeirsdóttir  
Pandóra tekur upp á ýmsu, mætir með rottu í skólann og skreppur með mávinn sinn að dorga. Anton fylgist spenntur með og saman velta þau fyrir sér dúfum, ljósverum og heitjum frá ýmsum tímum. *Ég elska máva* er heillandi frásögn eftir einn af okkar dádustu höfundum og kallast á við verðlaunasöguna *Ertu Guð, afi?*  
**Forlagið – Mál og menning**


RAF



**Georg og magnaða mixtúran**

Roald Dahl  
Þýð.: Sólveig Hreiðarsdóttir  
Myndskr.: Quentin Blake  
Georg er 8 ára strákur sem býr á bóndabæ með foreldrum sínum og ömmu. Hann þarf stundum að passa ömmu sína, en hún er yfirleitt andstyggileg við hann. Georg ákveður því að lækna hana af andstyggðinni með því að búa til nýtt lyf. Árangurinn verður þó allur annar og óvæntur. *Georg og magnaða mixtúran* er óborganlega myndin og skemmtileg lesning. 106 bls.  
**Bókaútgáfa Kver**

KIL





### Hrollur Gættu hvers þú óskar þér

R.L. Stine

Þýð.: Birgitta Elín Hassell

Síðla kvölds í þrumuveðri hittir Svala undarlega konu. Konan er villt en Svala vísar henni til vegar. Í þakkar-skygni veitir konan henni þrjár óskir. Svala hefur tækifæri til að láta alla sína drauma rætast og lætur alla var-kárni lönd og leið.

Það getur nefnilega ekkert klikkað þegar maður fær óskir sínar uppfylltar.

Er það nokkuð?

124 bls.

**Bókabeitan**

KIL RAF



### Heiða og Oliver Twist: Sígild ævintýri

Heiða

Oliver Twist

Þýð.: Auður S. Arndal og Huginn Þór Grétarsson

Bókmenntagersemar! Dásamlegar myndir prýða bækurnar. Textinn er hæfilega langur fyrir börn á öllum aldri. *Oliver Twist* er byggð á sögu Charles Dickens og *Heiða* er byggð á bók eftir Johanna Spyri. Nú eru þessar perlur á ný aðgengilegar börnum.

40/48 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB



### Henri og hetjurnar

Þórgímur Þráinsson

Hvernig verður munaðarlaus, franskur strákur að lukkadýri íslenska fótboltalandsliðsins? Um það fjallar þessi spennandi bók sem gerist á EM í Frakklandi þar sem Þórgímur var sjálfur í fylgd með EM-hetjunum okkar. Einnig koma við sögu sorglegir atburðir úr fortíðinni og flókin vandamál sem leysast ekki þótt boltinn endi í markinu.

178 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB RAF



### Húsið á heimsenda

Helga Sv. Helgadóttir

Blær er að klára 4. bekk þegar foreldrar hennar leigja gamalt hús á Vestfjörðum. Full tilhlökkunar leggur fjöl-skyldan land undir fót en ekki er allt sem sýnist. Það er margt sem skeður úti á landi sem ekki er á dagskrá í Reykjavík. Stórskemmtileg og þroskandi barnabók fyrir börn á öllum aldri úr íslenskum veruleika. Bæði fyrir stráka og stelpur!

94 bls.

**Vestfirska forlagið**

KIL



### Í klóm arnarins

Helgi Máni Sigurðsson

Júlli kynntist örnnum fyrst þegar hann fór í gönguferð á Esjuna og sá þennan konung fuglanna á Íslandi. Þá fór hann að lesa sér til um erni og komst að því að þeir væru með stærstu ránfuglum í heiminum. Um sumarið fór Júlli vestur á firði þar sem ernir eru dagleg sjón. Þá var hann kominn í návígi við þá og það gat ekki endað öðruvísi en með ósköpum.

112 bls.

**Nýhöfn**

KIL



### Kafteinn Ofurbrók og stórkarlalætin í Styrmi Stybba

Dav Pilkey

Þýð.: Bjarni Guðmarsson

Georg og Haraldur og eftirmyndir þeirra skiptast á að fara í skólann og njóta lífsins. En eitthvað rotið er á seyði í Skerjavík sem lyktar verr en haugur af óhræinum íþróttasokkum. Herra Sporti, íþróttakennarinn illráði, hefur fundið leið til að breyta venjulegum skólabörnum í hlýðin og námfús fyrirmyndarbörn. Framtíð alls mannkynsins hvílir á herðum félaganna.

206 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB



### Kafteinn Ofurbrók og ævintýri hans

Dav Pilkey

Þýð.: Karl Ágúst Úlfsson

Enginn veit hver hann er – ekki einu sinni hann sjálfur! Sögurnar um Kafteinn Ofurbrók heilla alla káta krakka. Í fyrsta skáldverkinu fáum við að vita hvernig Kári skólástjóri varð Kafteinn Ofurbrók. Líf og fjör á hverri síðu, praktkarastrik, skondnar söguhetjur, stafarugl og drepfyndnar teikningar – að ógleymsdu hinu sívinsæla flettibíói.

126 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL



Goðheimar

**Krækt í orminn**

Peter Madsen

Þýð.: Bjarni Frímann Karlsson

Það reynir á vináttu þeirra Þórs og Týs þegar Þór freistar þess að krækja í sjálfan Miðgarðsorminn. Stórskemmtileg myndasaga um norrænu goðin og systkinin Þjálfá og Röskvu. *Krækt í orminn* er sjöunda bókin í bókaflökknum um Goðheima og kemur nú í fyrsta sinn út á íslensku.

48 bls.

**Forlagið – Iðunn**

IB



### Leyndarmál Lindu 3

Rachel Renée Russell

Linda á sér ótal leyndarmál og það gengur á ýmsu í sambandi hennar við stelpur og stráka. Mjög vinsæll bókaflökkur fyrir stelpur.

320 bls.

**Tindur**

IB



Lói

*Þú flýgur aldrei einn*

GunHil

Óvænt atvik verða til þess að lóuunginn Lói verður eftir þegar langbesta vinkona hans, Lóa Vera, flýgur suður um höf með hinum farfuglum um haustið. Í framleiðslu er alþjóðleg stórmynd eftir þessari spennandi og hugljúfu sögu úr smiðju þeirra sömu og gerðu *Þór – Hetjur Valhallar*.

64 bls.

**Veröld**

IB



### Lukka og hugmyndavélin

Eva Rún Þorgeirsdóttir

Myndskr.: Logi Jes Kristjánsson

Uppfinningastelpan Lukka ætlar að nýta tímann í sumarfríinu í að koma hugmyndavélinni sinni í gang. Fyrirætlanir hennar fara þó út um þúfur þegar hún og bróðir hennar flækjast í dularfullt mál sem hefur komið upp í bænum Smáadal.

Stórskemmtilegt og ríkulega myndskreytt ævintýri!  
104 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



### Músadagar

Íris Dóróthea Randversdóttir

Myndskr.: Unnur Sveinsdóttir

„Bestu og þakklátustu hlutverk í heimi eru að verða amma og afa!“

Í bókinni er brugðið upp myndum úr lífi músaömmu og músaafa með smámýslum sínum í dagsins önn. Það er bakað og brasað og hlegið og glimmað og skæpað milli skerja. Óhætt er að segja að bókinn sé sannkallaður ástaróður til barnabarna. Yndislestur fyrir alla, sérstaklega ömmur og afa!

112 bls.

Bókstafur

IB



### Nasreddin 50 sögur

Þýð.: Steinar Matthíasson

Sögurnar af Nasreddin eru þekktar. Elstu sögurnar eru mjög gamlar og nöfn sögupersónunnar mörg. En almennt eru sögurnar af kennaranum Nasreddin, háttum hans og tiltækjum. Við getum lesið um það hvernig Nasreddin bregst við þegar þjófur brýst inn til hans, hvernig hann reynir sjálfur að bjarga sér út úr rófnastuldi og hvernig hann reynir að venja konu sína af söguburði.

Þessar sögur hafa skemmt mönnum í margar aldir, ungum sem öldnum. Þetta úrval sagna sem hér birtist hefur verið þýtt úr þýsku og það prýða skemmtilegar myndir eftir Barböru Árnason.

78 bls.

STEINAR

KIL



### Óvættaför 22

Mánaúlfynjan Lúna

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Dauðiskógur lífnar við að kvöldi og grimmi dýr, undir álögum mánaúlfynjunnar Lúnu, læðast fram. Tom verður að ná öllum brotunum úr verndargrip Avantíu ef honum á að takast að bjarga föður sínum – en það þýðir að hann verður að kljást við Lúnu. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

120 bls.

IBNÚ útgáfa

KIL



### Óvættaför 23

Ísdrekinn Blossi

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Eldfjallið við Steinvin er í klakabrynju og lífshættulegir frostbyljir blása um landið. Tekst Tom að sigra ísdrekann Blossa og ná næsta brotinu úr verndargrip Avantíu áður en það verður um seinan? Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

124 bls.

IBNÚ útgáfa

KIL



### Óvættaför 24

Draugapardusinn Leynir

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Síðasti óvættur Malvels, draugapardusinn Leynir, er kominn að hallardyrum Húgós konungs! Til að bjarga föður sínum verður Tom að ná síðasta brotinu úr verndargrip Avantíu sem hangir í ólinni um hálsinn á Leyni. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

120 bls.

IBNÚ útgáfa

KIL



### Óvættaför 25

Drottunari hafsins, Krabbi

Adam Blade


Þýð.: Árni Árnason

Ill álög hafa verið lögð á vættameistarann í konungsríkinu Gvildor og grimmilegir óvættir eru að leggja ríkið í rúst. Tom heitir því að létta þessum illu álögum, en þegar sá hryllilegi Krabbi ræðst á bátinn hans mætti ætla að för hans væri lokið. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

128 bls.

IBNÚ útgáfa

KIL



### Pabbi prófessor

Gunnar Helgason

Lesari: Gunnar Helgason

Nú stefnir allt í vitleysu heima hjá Stellu og fjölskyldu hennar. Á ísskápnum hangir langur listi yfir allt sem þarf að gera fyrir jólin og verkstjórnin er enginn annar en pabbi prófessor! Það er ekki séns að þetta náist!

*Pabbi prófessor* er framhald verðlaunabókarinnar *Mamma klikk!* sem sló rækilega í gegn hjá lesendum á öllum aldri og hlaut m.a. Íslensku bókmenntaverðlaunin.

250 bls. / 🎧 6:00 klst.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



### Ploey

*You never fly alone*

GunHil

Óvænt atvik verða til þess að lóuunginn Lói (Ploey) verður eftir þegar langbesta vinkona hans, Lóa Vera, flýgur suður um höf með hinum farfuglum um haustið. Í framleiðslu er alþjóðleg stórmynd eftir þessari spennandi og hugljúfu sögu. Texti á ensku.

64 bls.

Veröld

IB



### Rottuborgari

David Walliams

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Myndskr.: Tony Ross

Snilldarverk frá David Walliams. Rottuborgari var valin barnabók ársins 2013 í Bretlandi. Urrandi myndin og skemmtileg bók sem öll börn og foreldrar þeirra hafa gaman af. Guðni Kolbeinsson fer á kostum í þýðingu sinni. Nú komin í kilju.

320 bls.

Bókafélagið

KIL



### Rúnar góði

Hanna Borg Jónsdóttir

Myndskr.: Heiðdís Helgadóttir

Þvílíkur dagur! Hann byrjar alveg eins og allir aðrir dagar en fljótt kemur í ljós að hann er einstakur og Rúnar mun seint gleyma honum.

Þessi skemmtilega bók er skrifuð með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Hún kynnir réttindi barna fyrir ungum lesendum, réttindi sem öll börn í heiminum eiga að njóta. Bókin er þannig mikilvægt veganesti út í lífið.

50 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



### Sirkusráðgátan

Martin Widmark

Myndir: Helena Willis

Það verður uppi fótur og fit í Víkurbæ þegar verðmæti gesta hverfa á miðri sýningu hjá Sirkus Splendíðó. Lalli og Maja komast að því að hópur grunaðra er ansi stór – hver er eiginlega þjófurinn? Frábær saga úr Ráðgátubókaflokknum sem er fyrir spæjara á aldrinum 6–10 ára og alla sem vilja spreyta sig á því að lesa sjálfir.

77 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



### Skóladraugurinn

Inga Mekkin Beck

Fyrsta daginn í nýja skólanum heyrir Gunnvör söguna um skóladrauginn – gömlu söguna sem allir krakkarnir kunna utan að og eru löngu hættir að taka mark á. En Gunnvör hlustar. Það gæti nefnilega komið sér vel fyrir hana ef draugar eru til. *Skóladraugurinn* er spennandi saga um dularfulla atburði sem hrepti Íslensku barnabókaverðlaunin 2016.

173 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



### Skúli skelfir

Draugar

*Skúli skelfir og bölvun mannættunnar*

Francesca Simon

Myndir: Tony Ross

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Óhugnanleg mannæta með smekk fyrir litlu-bræðra-kjöti birtist í nýrri sögubók um hrekkjalóminn Skúla og hrollvekjandi frásagnir af draugum eru teknar saman í nýrri bók í sívinsælum Staðreyndabókaflokki Skúla skelfis. Þegar hárin í hnakkanum rísa eða undarlegur kuldahrollur fer um mann ... er þá draugur í nánd?

112 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



### Sólbjört Valentína – um freyðibað og dansandi hjólaskauta

Irmgard Kramer

Þýð.: Herdís Hübner

Myndir: Nina Dulleck


Húsið er einmana því Sólbjört, Nói og Amír þurfa að fara í skólann. Húsið ákveður því að breyta sér í skóla en tekst að „týna“ Helenu, kennara barnanna. Sólbjört fer inn á baðherbergi að leita að henni en endar í einni fjölmennustu borg í heimi – New York. Hvernig í ósköpunum á hún að fara að því að finna Helenu í öllum þessum mannfjölda?

171 bls.

Bókabeitan

IB

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRA BARNA-  
OG UNGMENNABÓKA



# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

HELGINA 19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU

Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



**Sögur barnanna**

H. C. Andersen

Þýð.: Lúther Jónsson

Kynslóðirnar hafa heillast af ævintýrum H. C. Andersens. Hér eru átta ævintýri úr fjársjóðum höfundarins í fallega myndskreyttri bók þar sem þau eru endursögð fyrir nýjar kynslóðir barna. Opnið bókina og látið heillast.

192 bls.

**Steinegg**

IB



**Sögur úr norrænni goðafræði**

Þýð.: Bjarki Karlsson

Í þessari eigulegu bók má lesa bráðskemmtilegar endursagnir á helstu goðsögum norrænna manna. Hér kynnumst við þrumuguðinum Þór, bragðarefnum Loka, jötnum, dvergum, skrímslum og hrímþursum, auk sögunnar af bardaga Sigurðar við drekann Fáfnir. Textinn er í senn vandaður og auðlesinn í þýðingu verðlaunskáldsins Bjarka Karlssonar.

280 bls.

**Rósakot**

IB ENDUR ÚTGÁFA



**Tvíburar takast á – (stríðið er hafið)**

Geoff Rodkey

Þýð.: Hilmar Örn Óskarsson

Erjurnar á milli Kláðu og Rökkva byrja sem sakleysilegur hrekkur í matsal skólans. Þegar átökin hafa stigmagnast í allsherjarstyrjöld (á plánetunni Amigo í tölvuleiknum FrumVeldi) þurfa systkinin að gera upp við sig hvort sigur sé virkilega fórnanna virði.

Bráðfyndin saga af systkinaerjum, sett fram í máli og myndum á einstakan hátt.

219 bls.

**Bókabeitan**

IB



**Úlfur og Edda: Dýrgripurinn**

Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Forngríp er stolið frá ömmu Eddu og stjúpustkinin Úlfur og Edda eru staðráðin í að endurheimta hann. Þau elta þjófinn ofan í göng undir Skálholti en enda í öðrum heimi. Höfundur hefur unnið mikið úr frá norrænum goðsögnum og hlotið margskonar verðlaun fyrir. Hér færir hún nútímabörn inn á svið goða, gyðja og jötna á frumlegan og skemmtilegan hátt.

224 bls.

**Bókabeitan**

IB



Bernskubrek Ævars vísindamanns

**Vélmennarásin**

Ævar Þór Benediktsson

Myndir: Rán Flygenring

Lesari: Ævar Þór Benediktsson


Æsispennandi saga um sumarið þegar Ævar var ellefu ára og langaði frekar að vera í tölvuskóla en úti í sólinni. En það reyndist hættulegt því þetta var enginn venjulegur skóli ... Fyrsta sagan um bernskubrek Ævars vísindamanns, *Risaeldur í Reykjavík*, sló rækilega í gegn og hér halda ævintýrin áfram.

192 bls. / 🎧 3:15 klst.

**Forlagið – Mál og menning**

KIL HLB

Hljóðbók frá Skynjun



**Vonda frænkan**

David Walliams

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Enn ein snildarþókin frá þessum frábæra höfundi sem skrifaði meðal annars *Ömmu glæpon* og *Grimma tannlækninn*. Hér í frábærri þýðingu Guðna Kolbeinssonar. *Vonda frænkan* var valinn barnabók ársins 2015 í Bretlandi. Sprenglægleleg metsöluspennubók um litla stelpu og ævintýri hennar í krefjandi aðstæðum.

420 bls.

**Bókafélagið**

IB



**Þín eigin hrollvekja**

Ævar Þór Benediktsson

Þessi bók er öðruvísi en aðrar bækur því hér ert þú söguhetjan og ræður ferðinni. Sögusviðið er dimmt og drungalegt kvöld þar sem þú getur rekist á vampíur og varúlfa, uppvakninga eða illa anda – allt eftir því hvað þú velur. Hryllilega góð skemmtun fyrir alla krakka og sjálfstætt framhald metsölubókanna *Þín eigin þjóðsaga* og *Þín eigin goðsaga*.

283 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB



**Þín eigin þjóðsaga**


Ævar Þór Benediktsson

Fyrsta bókinn í gríðarvinsælum bókaflökki þar sem lesandinn fær sjálfur að ráða ferðinni og flétta sína eigin sögu. Hér er sögusviðið heimur íslenskra þjóðsagna þar sem tröll, álfar, jólasveinar og aðrar furðuskepnur ráða ríkjum og enginn hæðarleikur er að halda lífi!

311 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

KIL



**Ævintýrið af Sólva og Oddi kóngi**

Bára Grímsdóttir

Myndskr.: Hála Sólveig Þorgeirsdóttir


Kvæði: Helgi Zimsen

Í þessari nýju bókarið Töfrahurðar er ryki blásið af íslenskum þjóðsögum og ævintýrum sem sett eru í nýjar umbúðir er höfða til barna í dag. Sólvi er fjórlegur strákur sem kann ógrynni af sögum. Í þessu nýja tónlistarevintýri kynnumst við honum, sögunum hans, hittum fyrir kóng, álfa, maura og margt fleira. Bókinni fylgir geisladiskur með flutningi á verkinu.

52 bls.

**Töfrahurð**

IB





# Barnabækur

FRÆÐI OG BÆKUR ALMENNIS EFNIS



## 100 Drekkaskutlur

Brjóttu blað og fljúgðu af stað

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Komdu þér upp eigin flugflota og sendu á loft ógnvekjandi her drekkaflauga til árása á óvininn.

Þú getur valið um 100 síður sem auðvelt er að losa úr bókinni og brjóta saman í skutlur með marghöfða drekum og öðrum hrollvekjandi skepnum.

*Góð afþreying fyrir börn frá fimm ára aldri.*

208 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



## 555 Límmyndir Skrímsli

Settu upp hrollvekjandi sögusvið!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hér eru fjölmargar ógnvekjandi myndasíður með hrikalegum skrímslum, óhugnanlegum uppvakningum og brjáluðum múmíum! Þú getur valið úr 555 myndum til að líma inn á síðurnar og gera þær enn hryllilegri!

*Góð afþreying fyrir börn frá fjögurra ára aldri.*

52 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



## 7 venjur fyrir káta krakka

Sean Covey

Þýð.: Erna Jóhannesdóttir

Myndskr.: Stacy Curtis

Ritstj.: Guðrún Högnadóttir

Allir eru góðir vinir sem eru sífellt að læra eitthvað nýtt.

Komdu með í Eikarbæ þar sem allir krakkar geta verið kátir krakkar, líka þú!

90 bls.

Útgáfufélagið Vegferð

IB



## Alfræði barnanna

Dýraríkið

Risaeðlur

Penelope Arlon

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir

Caroline Bingham

Þýð.: Árni Óskarsson

Litrík og líflugar bækur úr flokknum vinsæla, Alfræði barnanna. Fróðleikur, gátur og verkefni á hverri opnu.

Henta forvitnum krökkum á aldrinum 5–12 ára.

128 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



## Á ferð og flugi

Fræðandi gluggabók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Við skoðum þau fjölbreytilegu farartæki sem við getum valið um við ferðalög og flutninga. Lyftu flipunum til að gá hver er á ferðinni og hvað verið er að flytja. Settu í gang – það er svo ótal margt að skoða!

*Lifleg og fræðandi bók fyrir börn sem hafa áhuga á farartækjum.*

16 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



## Bestu barnabrandararnir

Meiriháttar

Þessi bókaflokkur hefur svo sannarlega slegið í gegn og ekki gefur þessi bók hinum fyrri neitt eftir. Bestu barnabrandararnir eru líka fyrir alla, jafnt unga sem eldri, enda fátt heilsusamlegra en að hlægja.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Stjörnu-leikmenn

## Bestu fótboltamenn allra tíma

Illugi Jökulsson

Óflugustu fótboltamenn heims í einni bók! Helstu æviatriði og sterkustu hliðar snillinganna. Skemmtilegur og lífligur texti við allra hæfi. Flottar myndir, fjórlegt útlit.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



## Brandarar og gátur

Ritstj.: Huginn Þór Grétarsson

Hahahaha! Stúttfull bók af frábærum bröndurum og gátum að ógleymdum fimmaurabröndörum:

Hvað taka bókasafnsverðir með sér þegar þeir fara út á vatn að veiða? Bókaorma.

Af hverju eru górrillur með stórar nasir? Vegna þess að þær eru með stóra fingur.

Hvað er ósýnilegt og lyktar eins og gulrætur? Kanínurump.

25 skrípamyndir eru inni í bókinni.

78 bls.

Óðinsauga útgáfa

KIL



## Frábærir límmiðar & leikir – Gæludýr

Fullt af þrautum og leikjum.

Baldur Snær Ólafsson

Kynnstu vinalegum og krúttlegum gæludýrum í þessari frábæru bók sem er full af litríkum myndum ásamt margs konar þrautum og leikjum og yfir 50 límmyndum.

*Góð afþreying fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

28 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



### Frábærir límmiðar & leikir – Íþróttir

Fullt af þrautum og leikjum.

Baldur Snær Ólafsson

Kynnstu fjórlegum og skemmtilegum íþróttum í þessari frábæru bók sem er full af litríkum myndum ásamt margs konar þrautum og leikjum og yfir 50 límmyndum.

*Góð afþreying fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

28 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



### Fyrsta orðabókin

270 orð fyrir þau yngstu

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Í þessari fallega myndskreyttu bók eru rúmlega 270 orð. Þeim er skipt í flokka eftir því hverju þau tengjast, til dæmis dýrum, tölum, sveitinni, líkamanum og hátta-tímanum.

*Bók fyrir yngstu börnin.*

18 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Goggafjör

Þú ert til þína eigin frábæru pappírsgogga!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Í bókinni eru fjórutíu blöð með skemmtilegum goggum sem þú getur losað og brotið saman. Skemmtu þér með vinum þínum við að spá í skilaboðin. Auk þess eru margar auðar goggasíður sem þú getur litað og skreytt með límmyndum sem fylgja!

*Fjörug bók fyrir fjögurra ára og eldri.*

90 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



### Íslandsbók barnanna

Margrét Tryggvadóttir

Myndir: Linda Ólafsdóttir

Í þessari fallegu og fræðandi bók er fjallað í máli og myndum um flest það sem einkennir eldfjallaeyjuna okkar, mannlíf, dýrin og náttúruna – vetur, sumar, vor og haust. Textinn er aðgengilegur fyrir krakka á öllum aldri og blæbrigðaríkar myndirnar gera bókina að sannkölluðu listaverki. Þetta glæsilega stórvirki á engan sinn líka og er fagnaðarefni fyrir íslenskar barnafjölskyldur.

97 bls.

Forlagið – Iðunn

IB



### Leyndarmálin mín

Bók sem er full af gagnlegum og heilbrigðum ráðum og góðum hugmyndum auk þess sem hún er með síðum til að skrifa niður leyndarmál! Falleg bók sem hægt er að læsa með lás. Lyklar fylgja!

144 bls.

Bókafélagið

IB



### Leynilíf gæludýra

Þýð.: Gunnar Kr. Sigurjónsson

Það er svo mikið af afþreyingarefni, leikjum og þrautum, í þessari skemmtibók að hún endist krökkunum í heilangan tíma! Auk þess má finna í henni andlitsgrímur af Max, Chloe, Snjólfri og Gittu, til að þrýsta út svo að hægt sé að leika öll skemmtilegu atriðin úr bío-myndinni.

Bókaútgáfan Hólar

IB



### Litabókin hennar Rosie Flo

Roz Streeten

Ekki bara litabók, heldur líka teiknibók! Litaðu fötin og teiknaðu svo höfuð, handleggi og fótleggi á þann sem er í þeim. Skapandi og frjó litabók.

36 bls.

Angústúra

SVK



### Líkaminn

Fræðandi gluggabók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Nú skoðum við líkama okkar og könnum hvað gerist innvortis. Undir flipunum kemur í ljós hvernig heilinn starfar, hvað heldur okkur gangandi, hvernig börnin þroskast og fleira – það er svo ótal margt sem hægt er að rannsaka!

*Lifleg og fræðandi bók fyrir börn sem hafa áhuga á líkamanum.*

16 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Órigami

Japönsk pappírslit – 100 skrautblöð, 5 formgerðir

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Í bókinni eru 100 blöð sem auðvelt er að losa og brjóta saman í fíngerð órigami pappírslíkön. Einfaldar leiðbeiningar með skýringarmyndum sýna hvernig hægt er að breyta þessum litríku og skrautlegu blöðum í falleg listaverk.

*Góð afþreying fyrir börn og fullorðna.*

102 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



### Ráðgátubók Villa

Vilhelm Anton Jónsson

Vísinda-Villi er íslenskum börnum vel kunnur sem höfundur hinna geysivinsælu Vísindabóka Villa. Hér hefur hann tekið saman fjölmargar fjörugar gátur og æsispennandi ráðgátur, ætlaðar til að skapa frjóar og skemmtilegar samverustundir með fjölskyldu eða vinum. Og gettu nú!

84 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Vísindabók Villa  
**Skynjun og skynvillur**  
Vilhelm Anton Jónsson

Hér er fjallað um heilann og hvernig hann getur „svindlað“ á eiganda sínum og látið okkur sjá hluti sem eru ekki til staðar eða sjá þá öðruvísi en þeir eru í raun. Að vanda útskýrir Villi heillandi heim vísindanna á frumlegan og lifandi hátt. Bókin geymir auk þess einfaldar, fræðandi og myndar tilraunir sem gaman er að gera með fjölskyldu og vinum – og sem dýpka í leiðinni skilning okkar á heilanum.

97 bls.  
Forlagið – JPV útgáfa

IB



**Spurningabókin 2016**

*Geta kengírur hoppað aftur á bak?*

Bjarni Þór Guðjónsson og Guðjón Ingi Eiríksson

Hér er spurt um allt milli himins og jarðar: íþróttir, dýr, tónlist, teiknimyndir, kvikmyndir, leikrit, málshætti og fleira til. Þessi bók er algjörlega ómissandi hvar og hvenær sem er!

Bókaútgáfan Hólar

KIL



**Stafir & tákn**

Unnur Sæmundsdóttir

Stafir og tákn er bók fyrir byrjendur í lestri og hefur einnig nýst innflytjendum, sem undirbúningur fyrir lestrarnám. Hér má finna skýrar og einfaldar upplýsingar um bókstafi, tölustafi og táknmálsstafi. Bókin hefur hlotið mjög góðar viðtökur hjá starfsfólki leikskóla landsins.

54 bls.

Unnur Sæmundsdóttir

SVK



**Star Wars: Mátturinn vaknar**

*Í máli og myndum*

Þýð.: Sæunn Ólafsdóttir

Hér finnur þú allt sem þú vilt vita um persónur, vélmenni, skepnur, staði og tæki í *Star Wars: Mátturinn vaknar*.

80 bls.

Edda útgáfa

IB



Stjörnu-leikmenn

**Stjörnurnar á EM**

Illugi Jökulsson

Í líflegum texta og með flottum myndum segjum við frá allra bestu fótboldamönnum Evrópu í dag. Sögum þeirra, afrekum og helstu styrkleikum.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



**Stjörnusköðun fyrir alla fjölskylduna**

Sævar Helgi Bragason

Stjörnu-Sævar segir á lifandi og aðgengilegan hátt frá tunglinu, sólinni og reikistjörnunum og hvernig best er að skoða þessa nágranna okkar í sólkerfinu. Fjallað er um fjöldamörg stjörnumerki, sögu þeirra og yfir fimmtíu fyrirbæri sem auðvelt er að finna á næturhimninum, ýmist með handsjónauka, litlum stjörnuvísi eða kröftugum stjörnusjónauka. Allir út að kíkja!

175 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



**Tímaflakkarar**

Roz Streeven

Lita- og teiknibók fyrir alla sem eru forvitnir um fortíð og framtíð. Riddarar hringborðsins, geimfarar á tunglinu, loðfílar, múmíur, vélmenni og Hrói höttur; alla vantar höfuð, handleggi og fótleggi en því getur þú bjargað!

36 bls.

Angústúra

SVK



**Viltu vita meira...**

*Viltu vita meira um himingeiminn?*

*Viltu vita meira um Jörðina?*

*Viltu vita meira um líkamann?*

*Viltu vita meira um vísindin?*

Viltu vita meira... bókaflokkurinn inniheldur flípa-bækur sem fræða, svara spurningum og vekja forvitna krakka til umhugsunar um allt milli himins og jarðar.

Þýðendur og ráðgjafar við þýðingu eru ungir íslenskir vísindamenn.

Rósakot

IB ENDUR ÚTGÁFA



**Væri ég fuglinn frjals**

*Fyrstu skrefin í fuglasköðun*

Jóhann Óli Hilmarsson

Fagurlega myndskreitt handbók, skrifuð fyrir 4.-5. bekkina, en höfðar þó til allra sem eru að stíga sín fyrstu skref í þessu skemmtilega og fræðandi áhuga-máli, jafnt heima sem í skóla.

Myndir af algengustu fuglum Íslands eru á kápu-síðum. Höfundur samdi m.a. metsölubókina *Íslenskur fuglavísir*.

50 bls.

Fuglavernd

SVK



**Það kemur SAGA út úr mér!**

*Kennsluhandbók í lestri*

Herdís Egilsdóttir

*Það kemur SAGA út úr mér!* er kennsluhandbók í lestri eftir Herdís Egilsdóttur kennara. Herdís kenndi börnum að lesa í 45 ár við Skóla Ísaks Jónssonar og notaði alla tíð kennsluáferð sem heitir Hljóðlestraraðferð.

Bókinni fylgja 33 A5 stafaspjöld til að hengja á vegg og ítarefni er á læsi.is

88 bls.

Listfengi ehf.

IB

# Ungmennabækur



## 172 tímar á tunglinu

Johan Harstad

Þýð.: Harpa Magnadóttir

NASA heldur alþjóðlegt happdrætti fyrir unglina og í verðlaun er vikufé til tunglsins. Vinningshafarnir þrjú koma frá Frakklandi, Noregi og Japan. Unglingarnir komast að því að ekki er allt með felldu á tunglinu og fljótlega kemur í ljós að ekki er víst hvort allir komist heilir heim.

Æsispennandi tryllir sem hefur verið þýddur á fjölda tungumál.

367 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan

SVK RAF



## Allt eða ekkert

Nicola Yoon

Þýð.: Ingunn Snædal

Madeline hefur ekki farið út fyrir hússins dyr í sautján ár því hún er með ofnæmi fyrir heiminum. Dag einn flytur strákur í næsta hús og skyndilega nægir ekki lengur hið einangraða líf – en það kostar gríðarlega áhættu.

„Minnir á Skrifað í stjörnum.“ The Guardian

335 bls.

Bjartur

IB



## Annað land

Håkan Lindquist

Þýð.: Ingbjörg Hjartardóttir

Aleks er fjórtán ára og hefur, ásamt fjölskyldu sinni, flúið heimaland sitt vegna borgarastyrjaldar. Smám saman kynnist Aleks nýju fólki í nýju landi en hann þarf að takast á við erfiða reynslu, fordóma og eigin hræðslu en eygir um leið von um bjartari framtíð. Bókin veitir lesendum innsýn í hugarheim ungs drengs sem hefur mátt þola margt á stuttari ævi. Bókin er vel til þess fallin að opna umræðuna um málefni flóttafólks og þær áskoranir sem það glímir við.

156 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

KIL



## Skuggasaga

Arftakinn

Ragnheiður Eyjólfsdóttir

Þegar dularfulla húshjálpin hverfur sporlaust og skuggalegur óvættur birtist fær Saga loks skýringu á því hvers vegna hún er öðruvísi en aðrar stelpur. Um leið er það upphafið að ótrúlegu ævintýri. *Skuggasaga – Arftakinn* er margslungin og spennandi furðusaga sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2015. Seinni hluti sögunnar, *Undirheimar*, kemur út í ár.

Forlagið – Vaka-Helgafell

RAF



## Ert'ekki að djóka, Kolfinna?

Hrönn Reynisdóttir

„Í alvöru mamma. Ég trúi því ekki á ykkur að ætla að senda mig þangað. Þetta er bara útleigð!“

Kolfinna er 16 ára stelpa sem er send til ömmu sinnar á Eskifirði eftir að skóla lýkur um vorið. Hún hefur ekki miklar væntingar til lífsins á þeim stað en margt á svo sannarlega eftir að koma henni, og öðrum, á óvart.

116 bls.

Bókstafur

IB



## Fótboltaspurningar 2016

Bjarni Þór Guðjónsson og Guðjón Ingi Eiríksson

Í landsliðshópi Íslands á EM voru þrjú markverðir. Hvað heita þeir?

Hvað heitir stuðningsmannaklúbbur íslenska landsliðsins? Frá hvaða liði keypti Real Madrid Króatann Luka Modric? Hversu oft hefur Manchester United orðið deildabikarmeistari? Þetta og margt fleira í þessari frábæru spurningabók.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



## Harry Potter og bölvun barnsins

J.K. Rowling

Þýð.: Ingunn Snædal

Áttunda sagan – níttján árum síðar. Eftir níu ára bið kemur ný Harry Potter bók. Ómissandi í safnið!

345 bls.

Bjartur

IB



## Innan múranna

Nova Ren Suma

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Utan múranna er Violet sem sér að draumar hennar um framtíð í balletheiminum eru um það bil að rætast. Innan múranna er Amber sem hefur verið þar svo lengi að hún man ekki lengur hvernig er að vera frjál. Orianna er sú sem tengir þessa tvo heima. Orianna sem veit myrkustu leyndarmál þeirra allra. „Orange is the new black swan.“ ★★★★★ Amazon

321 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan

IB



## Justin Bieber

Konungur poppsins

Illugi Jökulsson

Hann er vinsælasti söngvari heimsins í dag. Með frábæri rödd flytur hann spennandi og skemmtilega tónlist. Enginn er eins kúl og Bieberinn!

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



**Koparborgin**

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir

Í gamalli borg stendur Vixlarahúsið þar sem einungis börn hafa búið síðustu þrjár aldir. Þangað leitar Pietro þegar fjölskylda hans deyr í plágunni. Þegar friðhelgi hússins er rofin heldur hann ásamt fleiri íbúum hússins inn í leyndardóma háborgarinnar, þangað sem enginn hefur stigið fæti öldum saman.

*Koparborgin* hefur hlotið frábæra dóma hjá lesendum á öllum aldri.

314 bls.

**Björt bókaútgáfa – Bókabeitan**

KIL RAF



**Martröð Augað**

Hallveig Thorlacius

Hrefna Esmeralda er 14 ára, venjuleg íslensk stelpa nema hún er indjáni, fædd í Mexíkó.

*Martröð* er fyrsta bókinn um þessa spennandi stelpu.

*Augað* er önnur bókinn um Hrefnu Esmerölu. Núna lendir hún í æsilegri atburðarás á Kanaríeyjum.

150/160 bls.

**Tindur**

SVK



**Ormhildarsaga**

Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

Árið er 2043. Jöklar heims hafa bráðnað og leyst úr læðingi fornar vættir. Á Fróneyjum reika nykrar, skoffín og nátttröll um göturnar. Ormhildur, ungur fræðimaður hjá Kukl- og galdrarannsóknarsetri ríkisins, hefur fundið fornan seið sem læsir kvikindin aftur í klakabrynju.

Metnaðarfull og sprenglæðileg íslensk myndasaga!

186 bls.

**Salka / Útgáfuhúsið Verðandi**

SVK



**Skrímlið kemur**

Patrick Ness og Sioban Dowd

Þýð.: Ingunn Snædal

Myndskr.: Jim Kay

Skrímlið birtist rétt upp úr miðnætti. Eins og þau gera yfirleitt. En þetta er ekki ófreskjan sem Conor hélt að kæmi. Einstaklega heillandi saga um ást, missi og von – og skrímsli. Bæði raunveruleg og ímynduð. Bandarísk stórmynd byggð á sögunni verður frumsýnd í lok árs 2016.

216 bls.

**Bjartur**

IB



**Skögla**

Helreið Nýráðs til Jötunheima

Þorgrímur Kári Snævarr

Sögusvið og persónur Sköglu eru dregin víðs vegar að úr kvæðum og handritum fornskálda um norrænu goðin og heim þeirra.

Dvergurinn Nýráður og fósturdóttir hans, Sköglu, halda til fundar við konunginn í Næríki. Launráð verða til þess að þeim er stíað í sundur. Í leit að hvort öðru mæta þau blóðþyrstum nöðrum, alvitrum jötni og útlægu goði.

380 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB



Skuggasaga

**Undirheimar**

Ragnheiður Eyjólfsdóttir

Þegar Saga er sökuð um svartagaldur og morð að yfir-lögðu ráði leggur hún á flotta og brátt heyrir hún af álf-unum í Undirheimum sem biða eftir að forn spádómur rætist. En getur staðist að Saga sé frelsishetjan Báleygur sem svo miklar vonir eru bundnar við? *Undirheimar* er seinni hluti *Skuggasögu*, spennandi ævintýris úr fram-andi heimi. Fyrir fyrri bókina hlaut höfundur Íslensku barnabókaverðlaunin.

309 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

IB RAF



Endalokin

**Útverðirnir**

Marta Hlín Magnadóttir og Birgitta Elín Hassell

Hallgerður Evudóttir er nýflutt til ömmu sinnar í Rökkurhæðum. Hún fer að þúsla saman sögusögnum af dularfullum atburðum sem þar hafa gerst og þegar hún kemst á slóðir Útvarðanna er hún sannfærð um að hún sé búin að finna uppsprettu illskunnar í Rökkurhæðum. *Endalokin* er tvíleikur sem slær botninn í bókaflokkinn um krakkana í Rökkurhæðum.

217 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF



**Vetrarfrí**

Hildur Knútsdóttir

Það er að koma vetrarfrí. Bergljót hlakkar til að fara í party, Bragi bróðir hennar ætlar að gista hjá vini sínum og foreldrarnir ætla út úr bænum. En allar áætlanir fara fyrir lítið þegar furðuleg plága brýst út og fólk hugsar um það eitt að bjarga lífi sínu. Æsispennandi verðlauna-saga sem sendir hroll niður eftir bakinu. Seinni hluti sögunnar, *Vetrarhörkur*, kemur út í ár.

**Forlagið – JPV útgáfa**

RAF



**Vetrarhörkur**

Hildur Knútsdóttir

Enginn veit hversu margir lifðu af geimveruárásina sem gerð var á landið. Bergljót og pabbi hennar eru enn í Vestmannaeyjum og nú hefur heyrst lífsmark frá Braga bróður hennar ofan af landi. En geta þau fundið hann? Og verður lífið einhvern tíma venjulegt á ný? Hér kemur seinni hluti sögunnar sem Hildur Knútsdóttir hóf í æsispennandi bók sinni *Vetrarfrí* sem naut mikilla vinsælda.

282 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB RAF



**Víghólar**

Emil Hjörvar Petersen

Vinnuvélar verktakaafyrirtækis eru stórskemmdar í skjóli nætur. Illa útleikin lík finnast á nokkrum stöðum á landinu. Margt bendir til að þarna séu að verki aðilar úr öðrum heimi. Emil Hjörvar Petersen er einn helsti frumkvöðull á sviði fantasíubóka hér á landi.

434 bls.

**Veröld**

IB

# Skáldverk

ÍSLENSK



## 13 dagar


Árni Þórarinnsson

Unglingar hverfa eða láta sig hverfa. Stundum eru þetta sömu andlitin hvað eftir annað og þá fyllast samskiptamiðlar af kaldlyndum skömmum út í allt og alla. Þegar Klara Ósk hverfur reyna þau Gunnsa og Einar blaðamaður að hafa uppi á henni. Það reynist þrautin þyngri. *13 dagar* er hörkuspennandi saga úr íslenskum samtíma. Árni Þórarinnsson lýsir af stúlgáfu og næmi þeirri spillingu og hörku sem leynist í hversdagslífinu, heimi hákarla og hornsíla.

280 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



## 90 sýni úr minni mínu

Halldóra Thoroddsen

Halldóra segir hér segir frá skyldfólki sínu og fjölskyldu, heimsóknum til ættingja á Gljúfrasteini, skólagöngu kommakrakka á tímum kalda stríðsins, fullum íslenskum sjómönnum í Lúxemborg, konum sem verja sumarfríinu í Kringlunni í Reykjavík. En einnig eru hér leiðbeiningar litlu systur um það hvernig heimskonur koma fram, rassskellingar á Lækjartorgi og svardagar um þrónakonur svo fátt eitt sé nefnt.

104 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



## Að heiman

Arngunnur Árnadóttir

Að koma heim til Íslands eftir dvöl í evrópskri stórborg er eins og að vera sviptur frelsinu. Þægileg en andlítill rúttína á heimili foreldranna minnir aðeins á hve gott var að vera að heiman. En það er sumar og því fer Unnur með vinkonu sinni og kunningja hennar í ferð um landið – landið sem leikur sjálft sig til að ganga í augun á erlendum gestum. *Að heiman* er einstök kynslóðarsaga frá Íslandi ferðmennsku og eftirhruns. Yfirveg-aður, meitlaður og ismeygilega ljóðrænn stíll Arngunnar Árnadóttur gerir þessa skáldsögu að einni eftirtektarverðustu frumraun íslenskra bókmennta á þessari öld.

182 bls.

Partus

IB



## Aflausn

Yrsa Sigurðardóttir

Lesari: Stefán Hallur Stefánsson


Ráðist er á unglingsstúlkunni og á óhugnanlegum myndskaiðum á Snapchat sést þessi vinsæla stelpa ítrekað biðjast fyrirgefningar – en á hverju og af hverju? Lögreglan er ráðalaus í leit sinni að ofbeldismanninum og stúlkunni, sem er horfin. Og þá tekur málið ískyggilega stefnu.

376 bls. / 12:00 klst.

Veröld

IB HLB

Hljóðbók frá Skyjnjun



## Allt fer

Steinar Bragi

Í *Allt fer* birtist ástin í öllum sínum myndum. Persónur leita að sjálfum sér í fjarlægum klaustrum, skáletruðum punkti og gráti annarra; geldingur í kvennabúri soldánsins leitar lausnar, ungt fólk leitar að samastað í tilverunni og meira að segja djöfullinn er friðlaus. Ímyndunarafli Steinars Braga þekkir engin landamæri og í þessum níttján smásögum nýtur það sín til hins ýtrasta.

352 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



## Aukaverkanir


Ólafur Haukur Símonarson

Spennandi og hugljúf skáldsaga um Njál, íslenskan heimilislækni sem neyðist til að endurskoða líf sitt einmitt þegar hann er að læra á snjallsíma.

194 bls.

Sögur útgáfa

KIL



## Bjargræði

Hermann Stefánsson

Láttra-Björg var með stórbrotnari karakterum Íslands-sögunnar, kraftaskáld á tímum þegar kvæði höfðu sannarlega áhrif á veruleikann og komu góðu eða illu til leiðar, sægarpur hinn mesti og fiskin með eindæmum, grálynd og ögrandi. Hermann Stefánsson rithöfundur leiðir hér Björgu um rangala reykviskrar samtímamenn- ingar. Bókina þrýðir fjöldi kvæða eftir Láttra-Björgu.

320 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



## Blómið

Saga um gleyp

Sölvi Björn Sigurðsson

Athafnamaðurinn Benedikt Valkoff vaknar um miðja nótt og fer að brjóta saman þvott. Hann á afmæli en dagurinn markar önnur tímamót. Á þessum degi hvarf litla systir hans og sá atburður er enn opið sár í fjölskyldunni. Nú er komið að uppgjöri – stund sannleikans er runnin upp. Beitt samtímasaga, skrifuð af metnaði og eldmóði, full af furðum og ógn.

294 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



## Bráð

Magnús Þór Helgason

Sveinn dvelur á huggulegu sveitabyli á meðan hann stundar jarðfræðirannsóknir á Skarðsheiði. Þegar morð er framið í sveitasælunni vaknar Sveinn upp við vondan draum því fljótlega verður ljóst að hann liggur undir grun. Lögreglan sinnir starfi sínu ekki sem skyldi. Tekst Sveini að sanna sakleysi sitt eða mun sumardvölin á Íslandi hafa afdrifaríkar afleiðingar?

214 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



### CoDex 1962

Sjón

Árið 1962 – aldrei hafa fleiri kjarnorkusprengrur verið sprengdar. Það hefur miklar afleiðingar fyrir sögu-manninn Jósef Löwe og önnur börn fædd á Íslandi – ef ekki mannkyn allt. Hinn ævintýralegi sagnavefur Sjóns heldur áfram að vaxa og verður nú enn margslungnari þegar í hann bætast þræðir sem birta okkur ógnvænlega framtíðarsýn og kannski nýja lausn. *Ég er sofandi hurð* er framhald verðlaunaskáldsagnanna *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár*. Saman mynda bækurnar einstakt skáldverk í íslenskum bókmenntum, þrileikinn *CoDex 1962*.

564 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB RAF



### Dalalíf

*Dalalíf 1 – Æskuleikir og ástir*

*Dalalíf 2 – Alvora og sorgir*

*Dalalíf 3 – Tæpar leiðir*

**Guðrún frá Lundi**

Stórvirki Guðrúnar frá Lundi hefur heillað kynslóðir lesenda og kemur nú út í fjórða sinn. Hér eru fyrstu þrjú bindin af fimm og gefa heillandi mynd af mannlífi, ástum og örlögum í Hrutadal, og þó einkum af fólkinu á Nautaflofum: Lísibetu húsfreyju, syni hennar, glæsmenninu Jóni, og konunum sem hrifast af honum – og ótal ógleymanlegum aukapersónum og atvikum.

252/464/464 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

KIL ENDUR ÚTGÁFA RAF



### Daudinn í opna salnum

**Guðrún Guðlaugsdóttir**

Á Ólympíumóti í bridge á Rhodos verður skyndilega niðamyrkur í opnum spilasal þar sem Alma Jónsdóttir blaðamaður horfir á viðureign Ítala og Íslendinga. Í myrkum salnum gerast óhugnanlegir atburðir. Leikurinn berst heim til Íslands og fyrr en varir er Alma farin að rannsaka dauðsföll sem tengjast bridgeheiminum. Glæsikvendi, skuggalegir karakterar og spilafíkn koma við sögu í þeim heimi, þar sem ekki er allt sem sýnist og margt dularfullt að gerast bak við tjöldin.

280 bls.

**GPA**

KIL



### Dimma

**Ragnar Jónasson**

Lögreglufultrúinn Hulda rannsakar síðasta sakamálið sitt áður en henni er gert að hætta störfum. Ung kona finnst látin á Vatnsleysuströnd. Engum er hægt að treysta og enginn segir allan sannleikann. „Dimma heldur manni frá fyrstu blaðsíðu til þeirrar síðustu.“

Katrín Jakobsdóttir

261 bls.

**Veröld**

KIL



### Draumrof

**Úlfar Þormóðsson**

Miðaldra maður uppgötvar að vinur hans frá fyrri tíð hefur skrifað bók þar sem hann notar atvik úr lífi mannsins og gerir þau að sínum. Hann ákveður þá að segja sögu sína og konu sinnar af mikilli einlægni – sögu um velgengni og fall, óbærilegan harm og djúpstæða sátt.

157 bls.

**Veröld**

IB



### Drungi

**Ragnar Jónasson**

**Lesari: Vigdís Gunnarsdóttir**

Ný glæpasaga eftir Ragnar Jónasson, einn heitasta norræna glæpasagnahöfundinn, samkvæmt Guardian. Tvær afdrifaríkar ferðir á tvo afskekktu staði með tíu ára millibili, vestur á firði og út í Elliðaey. „Bækur Ragnars Jónassonar hafa blásið nýju lífi í norrænu glæpasöguna.“

Sunday Express

297 bls. / 8:00 klst.

**Veröld**

IB HLB

Hljóðbók frá Skymjun



### Dulnefnin

*Sögur 1996–2014*

**Bragi Ólafsson**

Fjölbreytt verk Braga Ólafssonar einkennast af sérstæðum stíl og húmor: leikrit og ljóð, langar sögur og stuttar. Í smásögum sínum tekst honum einkar vel að lýsa kómísku veraldarvafstri fólks; því sem ekki var og ekki gerðist ... *Dulnefnin* geyma 25 sögur frá síðustu tveimur áratugum. Guðrún Lára Pétursdóttir skrifar eftirmála.

287 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

KIL



### Einfari

**Hildur Sif Thorarensen**

Það heyrir hvinur og allt verður svart. Ungur Íslendingur finnst látinn í Osló og rannsóknarlögreglukonunni Júlíu gengur illa að finna morðingjann. Þegar höfuðlaust lík í skógarjórri bætist við prísar hún sig sæla að hafa geðlækinn Alexander sér til aðstoðar.

Þetta er æsispennandi sakamálasaga sem svíkur engan.

232 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB

Stærsta **bókabúðin** er á netinu!

**HEIMKAUP** 

» **Sendum samdægurs!**

Sendingar berast íbúum höfuðborgarsvæðisins samdægurs og íbúum landsbyggðarinnar daginn eftir að pantað er.

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S. 550-2700



### Eitthvað á stærð við alheiminn

Jón Kalman Stefánsson

Hér lýkur ættarsögunni sem hefst í bókinni *Fiskarnir hafa enga fætur* (2013) og teygir sig frá Norðfirði forðum til Keflavíkur dagsins í dag. Hér er sagt frá ástinni, sem er fórn og jafnvægislist, frá lífi og dauða, krepptum hnefa og Elvis Presley sem kann að opna hjörtun.

353 bls.

**Bjartur**

KIL



### Endurfundir

Orri Harðarson

Ágúst snýr heim á Skagann eftir misheppnaða dvöl í New York. Hann flosnaði upp úr námi og hætti með kærustu sem reyndist ekki öll þar sem hún var séð. Leiftrandi skemmtileg saga um ungan mann sem þarf að læra að fóta sig upp á nýtt. Fyrsta skáldsaga Orra Harðarsonar, *Stundarfró*, kom út 2014 og hlaut einróma lof gagnrýnenda og lesenda.

231 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



### Endurkoman

Ólafur Jóhann Ólafsson

*Endurkoman* var ein mest selda bókinn fyrir jólin 2015 og hlaut mikið lof gagnrýnenda. Þetta er seiðmögnuð skáldsaga um ástina og leitina að hamingjunni, einsemd og söknuð, brothvarf – og endurkomu.

389 bls.

**Veröld**

KIL



### Englar alheimsins

Einar Már Guðmundsson

*Englar alheimsins* er einstök bók og mörgum hjartfólgin. Sögumaðurinn Páll rekur ævi sína frá vöggju til grafar; þegar saklaus bernskan er að baki leggst dimmur skuggi geðveikinnar yfir líf hans, en beiskum örlögum er lýst af einstakri hlýju og húmor. „Heillandi frá-sögn um efan í lífi okkar.“ *Information*

272 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB ENDUR ÚTGÁFA



### Eyland

Sigríður Hagalín Björnsdóttir

Manstu hvar þú varst þegar það gerðist?

*Eyland* er hrollvekjandi ástar- og spennusaga, þar sem Íslandssagan tekur óvænta stefnu.

Sigríður Hagalín Björnsdóttir er fréttamaður á Ríkisútvarpinu. Í fyrstu skáldsögu sinni tekst hún á við spurningar um hvað sé að tilheyra fjölskyldu og vera Íslendingur, hvað sameini okkur og sundri.

252 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB



Hjartablöd

### Fjötrar

Sandra Bergljót Clausen

Falleg og átakanleg fjölskyldusaga.

Árið 1591 fæðist Magda í Smálöndum Svíþjóðar og elst upp í vernduðu umhverfi fjölskyldunnar. Í óþökk foreldra sinna hefur hún ástarsamband við fátækan mann af þjóðflokki Sama og flytjast þau á brott í leit að betra lífi. Við taka ævintýri sem enginn sér fyrir.

*Fjötrar* er fyrsta bókinn í bókaflöknum *Hjartablöd*.

296 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL



### Fórnarleikar

Álfrún Gunnlaugsdóttir

Í þessari sterku fjölskyldusögu fléttar Álfrún Gunnlaugsdóttir saman örlögum fimm kynslóða og sýnir á áhrifaríkan hátt hvernig ákvarðanir jafnt sem tilviljanir lita samskipti hjóna og sambönd foreldra og barna. *Fórnarleikar* er sjöunda skáldsaga Álfrúnar sem hlotið hefur margs konar viðurkenningar fyrir skrif sín.

216 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB RAF



### Fyrir allra augum

Sverrir Norland

Þegar Dís Eggerts ávarpar Úlf fyrirvalaust á Þjóðarbókhöðunni hefst vandræðalegt samband þeirra og Úlfur fylgist heillaður með frægðarsól Dísu rísa á meðan allt gengur á afturfótunum hjá honum sjálfum. Hér dregur Sverrir Norland upp ógrandi mynd af kynslóðinni sem lifir lífi sínu fyrir allra augum; afhjúpar sig á netinu, frelsar á sér geirvörtunarnar og finnur sig (kannski) á Tinder.

170 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK RAF



### Gildran

Lilja Sigurðardóttir

Eftir harkalegan skilnað stendur Sonja uppi allslaus og fær ekki að hitta son sinn nema þegar pabba hans hentar. Í órvæntingu leiðist hún út í smygl – og reynist vera íðilsnjall smyglari. Fantavel skrifuð spennusaga um venjulegt fólk í óvenjulegum aðstæðum. „Hröð og óvænt ... hvergi dauður punktur ...“ *GH/Vikan* ★★★ *Bergens Tidende* ★★★ *Adresseavisen*

344 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL ENDUR ÚTGÁFA



### Girndarráð

Sella Páls

Árið 1000 heillast Þorkatla og Helgi hvort af öðru og þrá að ganga í hjónaband. Faðir Kötlu er valdamikill höfðingi sem meinar þeim að eiga í samskiptum. Þrályndi elskendanna, mótlætið í þjóðfélaginu og bráðlyndi Helga reyna á ástarsamband þeirra svo árum skiptir. *Girndarráð* byggist á hinum fornu *Skáldhelgarímum*, sjá vefsíðuna skaldhelgi.org.

368 bls.

**Selabakkinn**

KIL





### Hermaður

Þórarinn Freysson

Frá barnæsku hafa Jóhannes Ari Zakaríasarson og Helga Nótt Maríudóttir búið í heimi ótta, ofbeldis og morða. Nú, þegar þau eru vaxin úr grasi eru þau tilneydd til að taka til sinna ráða og upphéfst þá röð æsilegra atburða.

*Hermaður* er í senn saga forboðinnar ástar og spennuþrunginn fjölskylduharmleikur þar sem atburðarásin kemur lesandanum sífellt í opna skjöldu.

304 bls.  
**Skrudda**

KIL



### Hestvík

Gerður Kristný

Það er líðið á sumar og lyngilmurinn í Grafningnum fyllir vitin. Frá sumarbústöðunum sjást Nesjaey og Sandey stinga kryppum sínum upp úr vatninu og stundum siglir þar bátur. Fólk er hingað komið til að vera í friði með minningar sínar og leyndarmál. Kvöldin eru orðin dimm og erfitt að finna þá sem tynast. *Hestvík* er spennandi og dularfull saga, og þriðja skáldsaga höfundar fyrir fullorðna.

163 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB RAF



### Hundadagar

Einar Már Guðmundsson

Leiftrandi skemmtileg saga um stórhug, bresti og breyskleika; um Ísland og umheiminn; um söguleg ævintýri og ævintýralegar sögur; um ást og ástríður; um eldgos og byltingar – og um hundadagakónginn Jörund. Bókin hefur hlotið einróma lof hér heima og í Danmörku og fyrir hana hlaut Einar Már Íslensku bókmenntaverðlaunin 2015.

343 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

KIL ENDUR ÚTGÁFA



### Hyldýpið

Ómar Ragnarsson

Mannshvörf hafa snortið íslensku þjóðina djúpt um aldir. Hin óvenjulega mörgu mannhvörf fyrir miðjan áttunda áratug síðustu aldar skópu ólguástand í þjóðlífinu og hafa orðið að einskonar steinbarni í þjóðarsálinni sem lifnar og deyr aftur og aftur. Eitt þekktasta mannhvarf Íslandssögunnar í seinni tíð, Geirfinnsmálið svokallaða, hefur verið Ómari Ragnarssyni fréttamanni hugleikið um árabíl og í þessari bók segir hann nánar frá því og byggir á munnlegum heimildum.

240 bls.

**Tindur**

KIL



### Kompa

Sigrún Pálsdóttir


Fræðimaður, ung kona, áttar sig á því að sex ára rannsókn hennar á 365 ára gamalli dagbók er byggð á röngum forsendum og að afraksturinn er líklega þvættingur frá upphafi til enda. Í örventingu grípur hún til þess eina ráðs sem virðist geta bjargað henni úr skelfilegum aðstæðum. Skáldsaga um sagnfræði eftir höfund *Þóra biskups* og *Sigrún og Friðgeir*. Ferðasaga.

168 bls.

**Smekkleysa S.M. ehf.**

Dreifing: Dimma

IB



### Konan í blokkinni

Jónína Leósdóttir

Edda er nýhætt að vinna og dauðleiðist tíðindalaus tilvera eftirlaunaþegans. Því grípur hún fegin hendi hvert nýtt verkefni, jafnvel þótt það teygi sig eilítið inn á starfsvettvang lögreglunnar. Hlý og spennandi glæpasaga sem hlotið hefur frábærar viðtökur. „Þræl-skemmtileg saga með fullt af tvistum og óvæntu útspli.“ AKH/Pjatt.is

292 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

KIL RAF



### Konungur án krúnu

Ragnar Viktor Karlsson

*Konungur án krúnu* er hugljúf skáldsaga þar sem andleg málefni og fróðleikur fléttast inn í söguþráðinn.

Bókin fjallar um drauma og ráðningu þeirra, fyrri lífa hugleiðslur, líf á milli lífa, miðilsfundi, sálnaaldur, sálnahlutverk og hvernig persónuleikinn er saman settur.

Skemmtileg bók fyrir þá sem hafa áhuga á andlegum málefnum og fróðleik.

250 bls.

**Andlega ehf**

KIL



### Konungur flónanna

Halldór Baldursson


Þegar kemur að því að kryfja íslensk stjórnsmál og sálarlíf þjóðarinnar kemst enginn með tærnar þar sem Halldór Baldursson hefur hælana. Flugbeittur teiknipenni hans hefur um árabíl opnað okkur einstæða sýn á atburði líðandi stundar, menn og málefni. En það verður að viðurkennast að skringileg samtíðin hefur sannarlega létt undir með skopteiknurum síðustu ár.

96 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK

KYNTU ÞÉR  
ÚRVAL NÝRRRA  
ÍSLENSKRA  
SKÁLDVERKA



**BÓKAMESSA  
Í BÓKMENNTABORG**

**19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU**

Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



**Langbylgja**

Gyrðir Elíasson

Framsækin sagnalist Gyrðis Elíassonar hefur borið hróður hans víða. Fyrir tveimur árum kom smáprósa-safnið *Lungnafiskarnir* út og þótti tíðindum sæta. Nú bætir hann um betur með viðamiklu safni af sama meidi. Í 104 hnitmiðuðum og stundum óvæntum frásögnum spinnur Gyrðir nýja þræði í vef sagna sinna. 270 bls.

**Dimma**

IB



**Lavander á leik**

Jón Páll Björnsson

Ég heiti Lavander Petrillot og ég bý í heimi þar sem galdrar eru daglegt brauð, töframenn á hverju götu-horni, fjöllin eru full af tröllum, á höfunum sigla illvígir sjóræningjar, draugar ganga aftur og í skuggahverfum borganna leynast ræningjar tilbúnir að stökkva á hvern þann sem á leið hjá. Ég ætla að bjóða þér í ferðalag um þessar hættuslóðir ... 292 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB



**Leitin að Engli Dauðans**

Jóhann Fönik

Árið er 2039, heimurinn er í upplausn. Leyniþjónustan CONTROL hefur tekið völdin í Bandaríkjunum og stendur í blóðugri valdabaráttu við kínversku mafíuna. Inn í valdataflið þeirra spinnst sagan af hinni 17 ára Gladys og dularfulls launmorðingja sem þekktur er undir nafninu Orca. Um spennandi framtíðarsögu er að ræða sem gæti orðið að veruleika. 300 bls.

**túri ehf**

SVK



**Líf annarra**

Þórunn Elfa Magnúsdóttir

Þórunn Elfa sendi frá sér á þriðja tug skáldsagna á löngum ferli og er þessi bók sem nú er endurútgefin ein af þeim eldri. Þórunn var þekkt fyrir að fara algerlega eigin leiðir í skrifum og formgerð og ruddi síðari tíma skáldsysturum braut. *Líf annarra* sem fyrst kom út 1938 fjallar um miskunnarlaus samskipti kvenna í litlu íslensku sjávarplássi, drauma þeirra og áleitna þanka mannskepnunnar um hlutskipti annars fólks. 200 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB ENDUR ÚTGÁFA



**Með austangjólunni**

Sögur og frásagnapættir

Sigurður Óskar Pálsson

Höfundur var duglegur að birta eftirtektarverðar og skemmtilegar sögur sínar í blöðum og tímaritum og þær hafa notið vinsælda. Nú verður úrval sagnanna aðgengilegt lesendum á bók svo að þeir geti á ný notið frásagnargáfu og ritsnilldar Sigurðar Óskars. 231 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

IB



**Milli trjáanna**

Gyrðir Elíasson

Ný og vönduð kiljuútgáfa af þessari rómuðu bók, sem kom fyrst út árið 2009, en fyrir hana hlaut höfundurinn Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2011. Meitlaðar smásögur sem sverja sig í ætt við önnur verk Gyrðis. 259 bls.

**Dimma**

KIL ENDUR ÚTGÁFA




**Náttblinda**

Ragnar Jónasson

Lögreglumaður á Siglufirði er skotinn með haglabyssu. Ung kona flýr þangað norður undan ofbeldisfullum sambýlismanni. Og sjúklingur er lagður inn á geðdeild í Reykjavík gegn vilja sínum. Þessir þræðir fléttast svo saman í magnaða spennusögu. Bókin var valin besta þýdda glæpasagan í Bretlandi 2015. 249 bls.

**Veröld**

KIL



**Netið**

Lilja Sigurðardóttir

Sonja heldur að hún sé sloppin frá samviskulausum eiturlyfjasölum en þegar sonurinn er enn á ný tekinn af henni er fjandinn laus. Bankakonan Agla og Bragi toll-vörður treysta bæði á hana og taugar þeirra allra eru þandar til hins ýtrasta. Það er útilokað að allt fari vel. Hröð og þrælskemmtileg spennusaga, sjálfstætt framhald *Gíldrunnar* sem kom út í fyrra. 353 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB RAF




**Nýja Breiðholt**

Kristján Atli

Reykjavík er í sárum. Helmingur þjóðarinnar flúði land og skildi eftir borg án stjórnkerfis, skipulags og yfirvalda. Þau sem eftir eru reyna að bjarga sér með því sem þau hafa en þurfa að berjast fyrir sínu og jafnvel útteila eigin réttlæti. 270 bls.

**Draumsýn**

KIL



**og aftur deyr hún**

Ása Marin

Svo virðist sem Alda hafi framið sjálfsmorð en fólkíð sem stendur henni næst á erfitt með að trúá því. Sagan fléttar saman líf nokkurra einstaklinga sem allir tengjast Öldu og hafa ólíka sýn á líf hennar og dauða. Fyrsta skáldsaga höfundar, *Vegur vindansins*, kom út 2015 og hlaut góðar viðtökur lesanda. 119 bls.

**Björt bókaútgáfa – Bókabeitan**

IB RAF



### Óminni

Sverrir Berg

Hinn magnaði Seyðisfjörður rammar inn þessa kröftugu spennusögu. Blóðdrifinn maður með mikla höfuðáverka finnst nærri þéttbýlinu. Enginn veit hver hann er, eða hvaðan hann kom. Allra síst hann sjálfur. Meistaralega skrifuð bók. *Óminni* er sjálfstætt framhald *Drekans* sem kom út árið 2013 og fékk mjög lofsamlega dóma.

**Almenna bókafélagið**

IB



### Ósk

Páll Kristinn Pálsson

Hann greinist á miðjum fertugsaldri með alvarlegan sjúkdóm. Frá barnæsku hefur hann búið yfir djúpstæðu leyndarmáli og við að horfast í augu við dauðann fyllist hann knýjandi þörf fyrir að sannleikurinn komi fram í dagsljósið ... Í senn mannleg og átakanleg en ekki síst skemmtileg þroskasaga um erfitt hlutskipti einstaklings á seinni helmingi síðustu aldar.

„Fantagóð saga með brýnt erindi við lesendur.“ Illugi Jökulsson, rithöfundur.

301 bls.

**Epos ehf**

IB



### Óttaslegni trompetleikarinn og fleiri sögur

Sigurbjörg Prastardóttir

Sigurbjörg Prastardóttir hefur sent frá sér skáldsögur og ljóð og bók hennar *Blysfarir* var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Hér leikur hún sér með ólíkar raddir og söguvið sem spegla veruleikann frá óvæntu sjónarhorni. Dýr og menn bregðast við örlögum sínum í grátlegum og broslegum sögum þar sem svört kímni brýnir klærnar.

92 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK RAF



### Passíusálmarnir

Einar Kárason

Það er ekkert spaug að lenda í skáldum. Ýmsir þekktja sögu Einars Kárasonar af Eyvindi Stormi, sem lengi bjó í Danmörku og var lýst sem heldur vafasömum karakter. Margt var þar mishærmt. Hér grípur Stormur til varna og leiðréttir bæði eitt og annað, en höfundurinn og fleiri fá þó að skjóta inn sínum sjónarmiðum. Övenjuleg og óviðjafnanleg gamansaga.

211 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB RAF



### Perurnar í íbúðinni minni

Kött Grá Pje / Atli Sigþórsson

„Niður miðja Hverfisgötu gengur lágvaxin kona með blóðuga morgunstjörnu reidda um öxl. Hún var að afgreiða mál. Hún var að ljúka deilu.“ Kött Grá Pje sýnir með þessari bók að hann er einhver snjallasti og fyndnasti textahöfundur sinnar kynslóðar.

96 bls.

**Bjartur**

IB



### Petsamo

Arnaldur Indriðason

Lesari: Jóhann Sigurðarson

Nyrst í Finnlandi bíður ung kona eftir unnusta sínum. Stríðið er nýhafið og þau ætla saman heim til Íslands en hann kemur ekki. Í miðju hernámi er annríki hjá lögreglunni í Reykjavík; heiftarleg árás á Klambratúni, sjórekið lík í Nauthólsvík, konu er saknað. — Tuttugasta bók meistarar Arnaldar, margslungin og þétt saga um glæpi og grimmd á stríðstímum.

341 bls. / 9:40 klst.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



### Pop Hits

Hugleikur Dagsson

Öll höfum við misskilið söngtexta en enginn eins svaklega og Hugleikur Dagsson. Hér hefur misheyrnum hans, útrúsnúningum og hártogunum á þessu sviði verið safnað saman í eina bók. Dægurtónlistin mun aldrei hljóma eins.

200 bls.

**Forlagið – Ókeibæ**

SVK



### Raddir úr húsi loftskeytamannsins


Steinunn G. Helgadóttir

Ungur maður ætlar að leita uppi ellefu hálf systkin sem öll eru fædd á sama árinu, ástfælinn bóksali gengur aftur og fylgist með nýjum lesendum, ólíkar systur reka saman sjoppu í Þingholtunum á meðan óreglumenn krunka sig saman á nýju tilvistarsviði. ★★★★★ „Góð og gleðileg frumraun nýs sagnskálds.“ EFI/Mbl. „Óhemju áhugavert og frumlegt verk.“ EH/Kiljan.

288 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL RAF



### Ránið á Húnboga Höskuldssyni alþingismanni


Ófeigur Drengsson

Á Björstofunni í Reykjavík sitja nokkrir vinir að sumbli áður en þeir halda í veiðiferð vestur á firði. Á leið úr miðbænum bjóða þeir Húnboga Höskuldssyni, þingmanni Framsóknarflokksins, far heim en sleppa honum ekki fyrr en þeir hafa útkljáð pólitískt deilumál við hann.

82 bls.

**Höfundaútgáfan**

KIL



### Saga Borgarættarinnar


Gunnar Gunnarsson

Bókin sem gerði Gunnar Gunnarsson að stórstjörnu í evrópskum bókmenntaheimi. Hér er dregin upp lifandi mynd af íslensku samfélagi um aldamótin 1900 en umfram allt er þetta dramatísk og heillandi saga af heitum ástum og miklum örlögum. Nú loksins fáanleg í kilju!

313 bls.

**Bjartur**

KIL



**Síðasta ástarjátningin**

Dagur Hjartarson

Ungur maður flytur til Reykjavíkur og fellur fyrir Kristínu á sama tíma og hann verður þátttakandi í óvenjulegu verkefni. *Síðasta ástarjátningin* er allt í senn, falleg, myndin og spennandi skáldsaga um ástina, listina og lífið. Með henni skipar Dagur Hjartarson sér á bekk með áhugaverðustu höfundum þjóðarinnar. 240 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



**Sjõeivekur í München**


Hallgrímur Helgason

Hér gengur Hallgrímur Helgason á hölm við sjálfan sig og lýsir orlagavetri í eigin lífi, sínum fyrsta utan föðurlands og móðurhúsa. Hann tekst á við hræringar í eigin huga og lýsir þeirri ólgu sem gerjast innra með honum. Beinskýttur stíll, skörp hugsun og húmor gera bókina afar áhrifamikla. „Ein af tíu bestu bókum ársins 2015“, sagði *Die ZEIT*.

325 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



**Skegg Raspútíns**

Guðrún Eva Mínervudóttir

Lesari: Guðrún Eva Mínervudóttir

Eva og Matti hafa nýlega flutt í smábæ en sitja samt uppi með sjálf sig og hvort annað. Óveðurskýin hrannast upp en þá kynnist hún garðyrkjubónda, Ljúbu, sem segir henni lítríka sögu sína. Einstök skáldsaga um hlutskipti kvenna, samskipti kynjanna, örlög og þau sannindi sem draumar geyma.

320 bls. / 9:00 klst.

Bjartur

IB SVK HLB

Hljóðbók frá Hljóðbók.is



**Skriftir**

Órlagagletta

Pétur Gunnarsson

*Skriftir* er fyrst og fremst lofgjörð um íþróttina að skrifa, kraftaverkið að fanga skynjun, reynslu og tilfinningu í jafn ólíklegt efni og orð. Pétur Gunnarsson er hér persónulegri en oft áður – og lýsir ekki aðeins fyrstu skrefum sínum inn á ritvöllinn heldur líka viðkvæmum mótunarárum þegar sjálfsvitundin tekur heljarstökk, hormónarnir fara á flug og allir strengir titra. Pétur er skemmtilegur sögumaður sem á auðvelt með að fanga andrúmsloft liðinnar tíðar.

192 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB


Stærsta **bókabúðin** er á netinu!

**HEIMKAUP**

» Frí heimsending!

Allar pantanir yfir **4.000 kr.** eru sendar frítt heim að dyrum hvert á land sem er.

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S. 550-2700



**Snjóblindu**

Ragnar Jónasson

Á Siglufirði finnst ung kona blóðug og nakin í snjónum, nær dauða en lífi, og aldraður rithöfundur deyr á grunnsamlegan hátt. *Snjóblindu* kom fyrst út árið 2010 og hefur nú slegið rækilega í gegn erlendis, var m.a. efst á metsölulista Amazon, fyrst íslenskra skáldsagna.

289 bls.

Veröld

KIL ENDUR ÚTGÁFA



**Sofðu ást mín**

Andri Snær Magnason

Barn leitar að gríðastað fyrir randaflogu uppi á hálendiinu, ungur maður leitar að orði sem nær yfir ástina, nýbakaður faðir fer í pílagrímsferð til Lególunds og allir draumar rætast þegar fjárfestir heldur einkapartí með Duran Duran. *Sofðu ást mín* geymir sjö persónulegar sögur eftir Andra Snæ Magnason. Saman mynda þær einlægna streng sem fyllir upp í óvenju fjölbreytt höfundarverk hans.

140 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



**Sogið**

Yrsa Sigurðardóttir

Ein mest selda bók ársins 2015. Hér fylgir Yrsa eftir *DNA*, bestu glæpasögu ársins 2014. „Besta bók Yrsa.“ Friðrika Benónýs, Fréttatímanum. „Húrra, Yrsa!“ Guðrún Baldvinsdóttir, DV.

459 bls.

Veröld

KIL



**Sonnettan**

Sigurjón Magnússon

Er alþekkt sonnetta Snorra Hjartarsonar andstæð fjölmenningu á Íslandi? Deilur um það verða til þess að menntaskólakennarinn Tómas hrekst úr starfi. Jafnframt eru erfiðleikar í hjónabandi hans og Selmu. Í fríi á Spáni kynnast þau fólki af ýmsu þjóðerni, þ. á m. nokkrum Íslendingum. Þá verður Tómasi ljóst að skuggi sonnettunnar er lengri en hann óraði fyrir.

160 bls.

Ugla

IB



**Stóri skjálfti**

Auður Jónsdóttir

Áhrifamikil og nítandi fjölskyldusaga sem hlaut einróma lof gagnrýnenda fyrir síðustu jól: „... hiklaust ein af bestu bókum ársins.“ EFI/Mbl. „Maður bókstaflega smjattar á textanum og vill helst lesa suma kaflana aftur og aftur.“ FB/Frt. „Mjög góð bók.“ EH/Kiljan. „Framúrskarandi taktar.“ GK/Víðsjá. „Frábær lesning.“ GH/Vikan.

298 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL ENDUR ÚTGÁFA



### Svartalogn

Kristín Marja Baldursdóttir

Lesari: Katla Margrét Þorgeirsdóttir

Flóra fer vestur á firði til að mála hús í sjávarþorpi og kynnist þar organista og þremur útlendum konum sem vinna í fiski. Allar glíma þær við sorgir – en þær syngja eins og englar. Þessi heillandi og kröftuga saga Kristínar Marju fjallar um konur á tímamótum, ást, vináttu og samfélag sem heldur utan um sitt fólk en heldur því líka í heljargreipum.

381 bls. / 12:00 klst.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skyngjun



### Svartigaldur

Stefán Máni

Alþingismaður er stunginn til bana á Austurvelli. Það sem í upphafi virðist vera einfalt morðmál breytist smám saman í óreiðukennda martröð sem engan enda ætlar að taka.

Hefur Hörður Grímsson lögreglumaður mætt örlögum sínum?

„Stefán er einfaldlega penni í öðrum gæðaflokki en aðrir sem plægja þennan akur.“ Þorgeir Tryggvason, gagnrýnandi Kiljunnar.

380 bls.

Sögur útgáfa

IB



### Takk fyrir að láta mig vita

Friðgeir Einarsson

Hádegishugleiðslan var önnur breyting sem ég hafði tekið illa í fyrstu en seinna meir lært að meta. Breytingar eru oft þannig; þær trufla mann fyrst en svo venst maður þeim og oft eru þær til bóta. – Úr sögunni *Hlutverk*. Hér fara 13 sögur sem fjalla um hljóðláta grimmð ládeyðunnar, ástandsmat, hluti sem ekki er hægt að tala um og aðra smámuni. Höfundur hefur víða látið að sér kveða, einna helst í sviðslistum og við auglýsingagerð. Þetta er hans fyrsta bók.

144 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



### The Good Shepherd

Gunnar Gunnarsson

Þýð.: Philip Roughton

Aðventa Gunnars Gunnarssonar í enskri útgáfu í nýrri þýðingu. Ein af perlum heimsbókmenntanna sem selst hefur í meira en einni milljón eintaka.

108 bls.

Bjartur

KIL



### The Very Worst of Dagsson

Hugleikur Dagsson

Hugleikur er heimsfrægur í útlöndum fyrir myndir sínar – hann hefur teiknað þúsundir slíkra á undanförunum árum og gefið út í vinsælum bókum. Hér er hins vegar aðeins 101 mynd, fyrir þá lesendur sem hafa takmarkaðan tíma.

104 bls.

Forlagið – Ókeibæ

SVK



### Tvöfalt gler

Halldóra Thoroddsen

Þetta er stór saga þótt stutt sé og tekst höfundu sérlega vel að lýsa miklum tilfinningum í fáum en dýrmætum orðum.

*Tvöfalt gler* er bæði gegnsætt og einangrandi. Á bak við það leynist líf sem lifað er af ítrustu kröftum, líf sem hamast á glerinu eins og fluga að hausti sem enn er sólgín í birtuna. Fyrir bók þessa fékk höfundur Fjöruverðlaunin 2016.

80 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



### Undarlegar og öðruvísi jólasögur

Eiríkur Brynjólfsson

Hér segir frá því þegar frelsarinn reynir að koma vitinu fyrir ýmsa sem eru komnir á fremsta hlunn með að fremja illvirki. Eða þannig! Meðal þeirra sem koma við sögu eru Litil stúlka með eldspýtur, Litla gula hænna, nornin í Hans og Grétu og fátæk hjón sem ætla að ræna banka.

Draumsýn

KIL



### Utan þjónustusvæðis

Krónika

Ásdís Thoroddsen

Bókin lýsir mannlífi í litlum byggðarkjarna við sjávarsiðuna þar sem margslungin bönd tengja sveitungana. Blóðbönd, bróðerni og kvíðmægðir spinna fínan þráð sem fljótlega verður að spjörum á síprjónandi tungum íbúanna. Mitt í þessari flækju situr sambýliskona skólastjórans, Heiður Gyðudóttir. *Utan þjónustusvæðis* er fyrsta bók kvikmyndagerðarmannsins, leikstjórans og leikritahöfundarins Ásdísar Thoroddsen.

364 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



### Útlaginn

Jón Gnarr

Nýfermdur reykvískur pönkari er sendur í skóla vestur að Núpi. Sá sem snýr aftur í borgina tveimur árum síðar er orðinn maður. En enginn venjulegur maður. Örlög útlagsins eru óumflýjanleg. *Útlaginn* er þriðja bók Jóns Gnarr um æsku sína, skrifuð af djúpri einlægni og alkunnum húmor. „Ótrúleg saga ... stórgóð.“ KB/Kiljan

384 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL ENDURÚTGÁFA



### Valdamiklir menn

Þriðja málið

Jón Pálsson

Það lítur út fyrir rólegan mánudag á lögreglustöðinni við Hverfisgötu þegar skyndilega kveður við ærandi hávaði og byggingin nötrar. Bilsprengja hefur verið sprengd utan við húsið. Síðar sama dag finnst roskinn maður myrtur á bilaverkstæði í Kópavogi. Þórhallur og samstarfsfólk hans í rannsóknardeildinni eru undir mikilli pressu að upplýsa glæpinu en fljótlega kemur í ljós að málin virðast teygja anga sína víðsvegar um samfélagið.

424 bls.

Höfundaútgáfan

KIL



**Vargöld**

Vargöld – Book one  
Vargöld – Fyrsta bók

Þórhallur Arnórsson, Jón Páll Halldórsson and Andri Sveinsson

Þýð.: Neil McMahon

Vargöld er metnaðarfull myndasaga um goð og menn á heiðnum tíma sem teygir sig um heima alla, allt frá upphafi veraldarinnar til ragnaraka. *Vargöld – Fyrsta bók* geymir upphafskafla þessarar miklu sögu: Svikalogn og Blóðbragð. Bókin kemur út á íslensku og ensku. 72 bls.

Forlagið – Iðunn

IB



**Vegur vindans**

Ása Marin

Þegar hrist er upp í veröld Elísu kaupir hún sér flugmiða og göngusandala og stingur af í langferð. Á Jakobsveginum kynnist hún bæði skrautlegum pílgrímum og skilningsríkum heimamönnum en kemst jafnframt að því að hver verður með sjálfum sér lengst að fara. 198 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan

KIL RAF



**Verjandinn**

Óskar Magnússon

Stefán Bjarnason hæstaréttarlögmaður á við ramman reip að draga í heiftúðugu forræðismáli. Íslensk móðir hefur flúið með unga dóttur frá Bandaríkjunum til Íslands í trássi við niðurstöður dómstóla. Harðsnúnir „sérfræðingar“ eru ráðnir á vegum fōðurins til að ná í barnið. Þeir beita alls kyns blekkingum og reyna að nema barnið á brott en mistekst og þá kemur til kasta verjandans, Stefáns. *Verjandinn* er hörkuspennandi skáldsaga, sakamáladrama um ástir, vináttu, framhjálald, krydduð gamansemi og leiftrandi háði. 347 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



**Villisumar**

Guðmundur Óskarsson

Ungur piltur dvelur eitt sumar með fōður sínum, þekktum listmálara og erfiðum í umgengni, í suðrænni borg, undir brennandi sól. Dvölin verður afdrifarík fyrir báða. Áratugum síðar snýr sonurinn aftur og vitjar minninganna. Snörp, myndræn og heillandi saga eftir Guðmund Óskarsson sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2009 fyrir skáldsöguna *Bankster*. 125 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF




**Vinkonur**

Ragna Sigurðardóttir

Dimma septembarnótt vaknar ráðherrann Hafdís við framandi hljóð. Er óboðinn gestur í húsinu? Málefni hælisleitenda hvíla þungt á henni í vinnunni og á þeim vettvangi skýtur gömul vinkona upp kollinum. Í kjölfarið neyðist Hafdís til að rifja upp orlagaríkan vetur í Austurbæjarskóla fyrir aldarfjórðungi. Sterk og áleitinn samtímasaga um vináttu og traust, þá sem tilheyrir og hina sem er útskúfað. 250 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



**Where's God?**

Hugleikur Dagsson

Leitin að guði er öllum mönnum eðlislæg og sú innri þörf minnkar ekki í síbreytilegum heimi. Hugleikur Dagsson hefur sinn hátt á. Hér leitar hann almættisins um alla heima og geima, en hvort guð finnst – og þá hvar – skal ósagt látið. 32 bls.

Forlagið – Ókeibæ

IB




**Þýska húsið**

Arnaldur Indriðason

Farandsöllumaður finnst myrtur í Reykjavík, skotinn í höfuðið með skammbyssu. Sjónir lögreglu beinast strax að hermönnum sem eru á hverju götuhorni sumarið 1941 en samskipti þeirra við heimafólk eru eldfim. Mögnuð saga um svik og brostnar vonir frá meistara Arnaldi. \*\*\*\* „... ein af betri bókum Arnaldar.“ BB/ *Fréttablaðið* 330 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL ENDUR ÚTGÁFA



**Þættir af séra Þórarinum og fleirum**

Þórarinn Eldjárn

Margar ógleymanlegar sögur hafa komið frá Þórarini Eldjárni á löngum ferli. Nú sendir hann frá sér þrettán þætti þar sem minnisstæðum persónum eru gerð skil og sögulegir atburðir eru færðir til bókar. Þetta er les efni sem bragð er að: beitt, fyndið, háalvarlegt og grípandi, og viðfangsefni reifuð af alunnri list höfundar og glöggri sýn á menn og málefni. 147 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF



**Ævintýri um dauðann og saga af venjulegu fólki**

Unnur Birna Karlsdóttir

Ungur maður deyr af slysförum frá konu og syni. Hvernig takast þau sem eftir lifa á við þetta áfall? Og hvernig á hann sjálfur að komast burt frá þessu lífi og öðlast frið?

Mannbætandi og falleg saga sem snertir hverja taug í lesandanum!

191 bls.

Bjartur

KIL



**Ör**

Auður Ava Ólafsdóttir

Jónas Ebeneser er 49 ára fráskilinn og valdalaus karlmaður sem hefur ekki haldið utan um bert kvenmannshold – alla vega ekki viljandi – í átta ár og fimm mánuði. En hann er handlaginn. Þegar hann leggur af stað í ferðalag, sem hann hefur ekki hugsað sér að snúa aftur úr, tekur hann með sér borvél.

„Fallegur texti og beittur hómor,“ skrifaði stórblaðið NYT um verk Auðar, sem fjallar hér um stærstu spurningar mannsins, um lífið, dauðann og sjálfa ástina sem öllu skiptir. 204 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB

# Skáldverk

PÝDD



## Alkemistinn

Paulo Coelho

Þýð.: Thor Vilhjálmsson

Santiago hefur í draumi fengið vitneskju um leyndan fjársjóð í fjarlægum landi en á leið sinni þangað uppgötvar hann aðra og dýrmætari fjársjóði: þau verðmæti sem búa innra með manni. Einstaklega falleg og mannþætandi saga í snildarþýðingu Thors Vilhjálmssonar um mikilvægi þess að fylgja draumum sínum og láta hjartað ráða för.

234 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB ENDUR ÚTGÁFA



## Andvaka

Jon Fosse

Þýð.: Hjalti Rögnvaldsson

Fyrsti hluti þrileiks eftir einn af merkustu höfundum samtímans. Saman mynda *Andvaka*, *Draumar Ólafs* og *Kvöldsyfja* einstakt og áhrifamikil bókmenntaverk um ævi og örlög alþýðufólks í Noregi fyrir á tímum. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2015.

72 bls.

Dimma

SVK



## Á meðan ég lokaði augunum

Linda Green

Þýð.: Ingunn Snædal


Einn, tveir, þrír ... Lisa Dale lokar augunum og telur upp í hundrað í feluleik. Þegar hún opnar augun finnur hún ekki Ellu, fjögurra ára gömlu dóttur sína. Hún er horfin, sporlaust.

Lögreglan, fjölmiðlar og fjölskylda Lisu halda öll að þau viti hver tók Ellu.

354 bls.

Drápa

KIL



## Botnfall

Jørn Lier Horst

Þýð.: Örn Þ. Þorvarðarson


Hvað gerir yfirlögreljubjónn þegar fjóra afhöggna vinstri fætur rekur á ströndina í litlum bæ í Vestfold?

Yfirlögreljubjóninn William Wisting hefur aldrei upplifað slíkt áður, en hefur grun um að þetta geti tengst gömlum mannhvörfum. Aldraðir menn og geðsjúk kona hafa horfið skyndilega.

293 bls.

Draumsýn

KIL



## Bókin um Baltimore-fjölskylduna

Joel Dicker


Þýð.: Friðrik Rafnsson

Rithöfundurinn Marcus Goldman heldur til Flórída að skrifa skáldsögu um sína eigin millistéttarfjölskyldu og frændfólk sitt í Baltimore sem allt virtist verða að gulli. En hvað kom fyrir Baltimore-fjölskylduna? Ný bók eftir höfund *Sannleikurinn um mál Harrys Quebert*.

537 bls.

Bjartur

KIL



## Dauðaslóðin

Sara Blædel

Þýð.: Ingunn Snædal

Dauðaslóðin kallast stígur í skóginum við Hróarskeldu. Í fornum sið var hinum deyjandi ekið eftir þessum stíg á leið til fórnar. Nú er eins og umferð um Dauðaslóðina sé hafin á ný. Louise Rick stýrir leitinni að dreng sem hverfur þarna í skóginum. Sara Blædel fór beint á toppinn með þessa bók.

236 bls.

Bjartur

KIL



## Draumar Ólafs

Jon Fosse

Þýð.: Hjalti Rögnvaldsson

Annar hluti þrileiks eftir einn af merkustu höfundum samtímans. Saman mynda *Andvaka*, *Draumar Ólafs* og *Kvöldsyfja* einstakt og áhrifamikil bókmenntaverk sem hverfist um lífskjör fátæks fólks í Noregi á árum áður. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2015.

85 bls.

Dimma

SVK



## Ef þú vilt

Helle Helle

Þýð.: Silja Aðalsteinsdóttir

Karl og kona hittast í jóskum skógi og eru bæði villt. Myrkrið er að detta á og þau verða að láta fyrirberast þar um nóttina. Í lágstemmdum, meitluðum texta þar sem engu orði er ofaukið er sögð dramátísk saga og fleira þó látið ósagt. Bókin var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2015. ★★★★★ „Í meistara-flokki“. BT

163 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



## Ekkjan

Fiona Barton

Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir

Ástríkur eiginmaður eða miskunnarlaus morðingi – ekkjan hlýtur að vita það? „Þeir sem hrifust af *Hún er horfin* munu sannarlega njóta þess að lesa þennan skothelda sálfræðitrylli.“ US Weekly

362 bls.

Bjartur

KIL

**Er einhver þarna?**

Marian Keyes

Þýð.: Sigurlaug Gunnarsdóttir

„Ég varð að fara aftur til New York og reyna að finna Aidan.“ Anna Walsh er öll í skralli. Hún liggur í betri stofu foreldra sinna, lætur sig dreyma um að fara frá Dublin og komast aftur til New York. En einhverra hluta vegna hefur Aidan ekki samband.

607 bls.

Bókstafur

KIL

**Ég ferðast ein**

Samuel Björk

Þýð.: Ingibjörg Eyþórsdóttir

Lítill stelpa finnst látin úti í skógi og eina vísbending lögreglunnar er miði sem hangir um háls hennar:

„Ég ferðast ein.“ Holger Munch er fenginn til að safna saman liði sínu, þar á meðal Miu Krüger, sem hefur eingrað sig frá umheiminum. Sterkar persónur, spenna frá upphafi til enda.

530 bls.

Bjartur

KIL

**Ég fremur en þú**

Jojo Moyes

Þýð.: Herdís M. Hübner

Hugljúf og harmræn ástarsaga sem farið hefur sannkallaða sigurför um heiminn. Hlý, grípanði og mannbættandi saga sem ómögulegt er að leggja frá sér! „Hrífandi og rómantísk, allt annað vikur óhjávæmilega á meðan.“

Independent on Sunday

455 bls.

Veröld

KIL

**Fávís mæð**

Ida Simons

Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir

Mögnuð lýsing á tíðaranda millistríðsáranna á meginlandi Evrópu. Í sakleysislegri sögunni er margt ósagt, sem þó lifnar við í huga lesandans. Bókin kom fyrst út árið 1959 en nýverið uppgötvaðu útgefendur um allan heim þessa heillandi sögu og kemur hún nú út á fjölda tungumála. Neon-bók.

213 bls.

Bjartur

KIL

**Fjár sjóðseyjan**

Robert L. Stevenson

Þýð.: Árni Óskarsson

Myndir: George Roux

*Fjár sjóðseyjan* hefur heillað unga sem aldna lesendur allt frá því að hún kom fyrst út í bókformi árið 1882.

Ungur piltur finnur uppdrátt af eyðieyju og siglir ásamt skrautlegum söfnuði sjóræningja, þeirra á meðal hinum einfætta og ógleymanlega Langa-John Silver, til að leita fjár sjóðs. Sagan hefur áður komið út undir nafninu *Gulleyjan* en er nú gefin út í nýrri og vandaðri þýðingu Árna Óskarssonar, ríkulega myndskreytt.

288 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF

**Fram hjá**

Jill Alexander Essbaum

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Anna er heimavinnandi húsmóðir í úthverfi Zürich og lífið virðist slétt og fellt. En undir yfirborðinu dylst rötleysi og hugarvél og hún leiðist út í skammvinn kynlífs-sambönd. Framhjáhöldin færa henni þó enga hugsvölun og óvæginn örloög hrifsa af henni völdin ... „Fimmtíu gráir skuggar fyrir bókmenntalega sinnaða lesendur.“

*The Times*

304 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF

**Fyrirvari**

René Knight

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Hvernig liði þér ef þú læsir lágkúrulegan spennutrylli sem reyndist fjalla um ... þig? Ólýsanleg örvænting grípur Catherine þegar hún uppgötvar að einhver hefur skrifað bók um tuttugu ára gamalt leyndarmál sem enginn á að þekkja nema hún. Taugatrekkjandi saga um rangar ákvarðanir, hrikalegar misgerðir – og algerlega óvænt endalok.

336 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF

**Hershöfðingi dauða hersins**

Ismaïl Kadaré

Þýð.: Hrafn E. Jónsson

Ismaïl Kadaré er virtastur rithöfundur Albana og hefur hlotið fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar fyrir verk sín. *Hershöfðingi dauða hersins* hefur lengi verið talin með merkustu skáldverkum tuttugustu aldar og valdi Le Monde hana í hóp 100 bestu bóka sem skrifaðar voru á þeirri öld. Hrafn E. Jónsson (1942–2003) kennari þýddi söguna 1990–1991 en hún kemur nú í fyrsta sinn út á prenti.

285 bls.

Höfundaútgáfan

KIL

**Hjónin við hliðina**

Shari Lapena

Þýð.: Ingunn Snædal

Sálfræðileg glæpasaga í fremstu röð. Shari Lapena heldur lesandanum í heljargreipum frá fyrstu síðu með snilldarlegri fléttu sem kemur sífellt á óvart, allt til loka. Þetta er taugatrekkjandi fjölskyldusaga um svik, ástríður, tvöfeldni og óheilindi. „Umtalaðasta spennusaga ársins 2016.“ *Stylist*

310 bls.

Bjartur

KIL

**Hættuspil**

Viveca Sten

Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Sandhamn í vetrarbúningi. Óttaslegin kona kemur til eyjunnar. Tveimur dögum síðar finnst lík á ströndinni. Áhrifamikil spennusaga um brostnar vonir, bældar minningar og dulda skömm. Ein allra besta Sandhamn-saga sænsku glæpasagnadrottningarinnar Vivecu Sten þar sem lögreglumaðurinn Thomas Andreasson og lögfræðingurinn Nóra Linde eru í aðalhlutverki.

368 bls.

Ugla

KIL



**Irène**

Pierre Lemaitre

Þýð.: Friðrik Rafnsson

Kaldrifjaður raðmorðingi gengur laus, kallaður „skáld-sagnahöfundurinn“ því að hvert morð virðist vera óður til sígildrar glæpasögu. Fyrir en varir er einkalíf Verhoeven lögregluforingja og barnshafandi eiginkonunnar Irène orðið viðfangsefni þessarar hroðalegu „listgreinar“ morðingjans. Pierre Lemaitre er einn vinsælasti spennusagnaestari Frakka.

406 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF

**Járnblóð**

Liza Marklund


Þýð.: Ísak Harðarson

Bækur Liza Marklund um Anniku Bengtson hafa notið gríðarlegra vinsælda um allan heim. *Járnblóð* er seinasta bókin í þessum bókaflökki. Annika þarf að finna týnda systur sína og horfast um leið í augu við erfiða reynslu úr eigin fortíð. Einhvers staðar er líka á sveimi sálsjúkur morðingi sem hugsar henni þegjandi þörfina.

362 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF

**Kakkalakkarnir**

Jo Nesbø

Þýð.: Kristín R. Thorlacius

Ung vændiskona finnur sendiherra Noregs myrtan á mótélherbergi í Bangkok. Drykkfelldi rannsóknar-lögreglumaðurinn Harry Hole er sendur þangað til að afstýra hneyksli. Fljótlega kemur í ljós að málið er verulega flókið og Harry og tilenskt samstarfsfólk hans flækist á milli norskra diplómata, óþímabæla og karaókibara í steikjandi hita borgarinnar.

378 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF

**Konan í myrkrinu**

Marion Pauw

Þýð.: Ragna Sigurðardóttir

Hollenskur krimmi í hæsta gæðaflokki. „Gripandi, vel byggð upp og þétt.“ Anna Lilja Þórisdóttir, Morgunblaðinu. Tilnefnd til Ísnálarinnar sem besta þýdda glæpasagan 2016.

338 bls.

Veröld

KIL

**Kólibrímorðin**

Kati Hiekkapelto


Þýð.: Sigurður Karlsson

Hrottalegt morð á hlauptíg. Fórnarlambið er ung kona, í vasa hennar finnst hálsmen með mynd af Astekagudí, morðvopnið er haglabýssa. Annað morð: sama umhverfi, sams konar skartgripur. Hvernig velur morðinginn fórnarlömb sín? Tengjast morðin leynilegum trúarsöfnuði? Hver verður næsta fórnarlamb?

372 bls.

Skrudda

KIL

**Krákuveisla**

George R.R. Martin

Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Lannisterarnir eru við völd og hafa hreiðrað um sig í Járnhásetinu. En dagar svika og blóðsúthellinga eru langt í frá liðnir. Í vændum eru grimmileg átök um völd og áhrif. Nýtt bindi í hinum magnþrungna sagnabálki, sem kenndur er við fyrstu bók bálksins, *Game of Thrones*, eftir geysivinsælum sjónvarpsþáttum, en þeir eru meðal annars teknir upp á Íslandi.

900 bls.

Ugla

KIL

**Kvöldsýfja**

Jon Fosse


Þýð.: Hjalti Rögnvaldsson

Síðasti hluti þrileiks eftir einn af merkustu höfundum samtímans. *Andvaka*, *Draumar Ólafs* og *Kvöldsýfja* lýsa með einstæðum og áhrifamiklum hætti lífsbaráttu norskrar alþýðu fyrir á tímum. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2015.

61 bls.

Dimma

SVK

**Lagið heldur áfram**

Mary Higgins Clark

Þýð.: Pétur Gissurarson

Mary Higgins Clark sýnir enn og aftur að hún er meistari sögufléttunnar og lýsinga á snjöllum konum í vanda.

264 bls.

Bókaforglið Bifröst

IB KIL

**Leikvöllurinn**

Lars Kepler


Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Dramatísk og frumleg spennusaga sem gerist í martrað-arkenndum heimi á landamærum lífs og dauða. Jasmin hefur kynnst þessum heimi af eigin raun og þegar ungur sonur hennar þarf að hverfa þangað óralangt andartak sér hún engin önnur ráð en að fylgja honum inn í skelfingarveröld þar sem versti staðurinn er leikvöllurinn ...

435 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF

**Lítill tilraun til betra lífs**

*Leynileg dagbók Hendriks Groen, 83 ¼ ára Hendrik Groen*

Þýð.: Ragna Sigurðardóttir

Tæknilega séð er Hendrik Groen gamalmenni – en hann vill meira krydd í dauflegt lífi sitt á elliheimilinu. Bráðfyndin, einlæg og sorgleg bók sem slegið hefur í gegn erlendis.

345 bls.

Veröld

KIL



**Löður daganna**

Boris Vian

Þýð.: Friðrik Rafnsson

*Löður daganna* fjallar um hóp ungs vinafólks og ærslafengna leit þess að ást og hamingju í litríkri Parísarborg eftirstriðsáranna. *Löður daganna* er ástarsaga þar sem dansað er kankvíslega á mörkum draums og veruleika, hversdags og óskhyggju, en sagan er um leið óður til lífsins, ástarinnar og tónlistarinnar, einkum jasstónlistarinnar.

271 bls.

**Skrudda**

KIL



**Meira blóð**

Jo Nesbø


Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Bjarta sumarnótt 1977 kemur maður í eyðilegt þorp nyrst í Noregi. Hann segist ætla á veiðar en brátt kemur í ljós að hann sjálfur er bráðin og veiðimennirnir eru eiturlyfjasalar frá Osló. Hér heldur Jo Nesbø sig við það sem hann kann best: biksvartan húmor og iskrandi spennu. Bókin var tilnefnd til Braga-verðlaunanna 2015.

256 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL RAF



**Merkt**

Emelie Schepp

Þýð.: Kristján H. Kristjánsson

Lesari: Kristján Franklín Magnús

Yfirmaður Útlendingastofnunar í Norrköping finnst myrtur á heimili sínu og Jönu Berzelius saksóknara er falin rannsókn málsins.


392 bls. / 14:00 klst.

**mth útgáfa**

KIL HLB

Hljóðbók frá Hljóðbók.is


KYNNTU ÞÉR  
ÚRVAL NÝRRRA  
ÞÝDDRA  
SKÁLDVERKA



**BÓKAMESSA  
Í BÓKMENNTABORG**

**19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU**

Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



**Norma**

Sofi Oksanen

Þýð.: Sigurður Karlsson

Móðir Normu Ross lætur lífið á voveiflegan hátt.

Þær átta saman vel falið leyndarmál en ýmislegt sem Norma finnur á heimili móðurinnar opnar augu hennar fyrir margslungnum sannleikanum. Myrk og dularfull fantasía eftir margverðlaunaðan höfund um flókin fjölskyldubönd, óprúttin viðskipti og skipulagða glæpastarfsemi sem teygir anga sína víða.

317 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

KIL RAF



**Næstum fullorðin**

Esmeralda Santiago

Þýð.: Herdís M. Hübner

Esmeralda er frá Púertó Ríkó og er nýflutt til New York.


Líf hennar utan veggja heimilins er kærkomin hvíld frá baslinu í tveggja herbergja íbúð í Brooklyn, kröfuharðri móður og ört stækkandi systkinahópi. Töfrar og tækifæri borgarinnar heilla og Esmeröldu dreymir um annað hlutskipti í lífinu og eltir drauma sína.

Falleg þroskasaga úr New York sjöunda áratugarins sem erfitt er að leggja frá sér.

404 bls.

**Salka / Útgáfuhúsið Verðandi**

KIL



**Næturgalinn**

Kristin Hannah

Þýð.: Ólöf Pétursdóttir

Þegar nasistar hertaka Frakkland fer tilvera systranna Vianne og Isabelle á hvolf. Ógnin lúrir í hverju skúmaskoti en þær láta ekki bugast og finna hvor um sig leið til að takast á við napran raunveruleikann. Öllu skal fórnað fyrir þá sem eru í nauðum staddir – jafnvel lífinu sjálfu. Mögnuð saga um ástir, harm og hugrekki kvenna á stríðstímum.

560 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL RAF



**Ofan Vatns**

Jane Aamund

Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Þriðji og síðasti hluti Klingivalstrílogíu danska rithöfundarins Jane Aamund.

Hugljúf fjölskyldusaga, yfirfull af ást, kærleika og húmor og lýsir lífsbaráttu í dönsku samfélagi um aldamótin 1900.

223 bls.

**Urður bókafélag**

KIL



**Ótrúleg saga Indverja sem hjólaði til Svíþjóðar á vit ástarinnar**

Per J. Andersson


Þýð.: Ísak Harðarson

Götulistamaður í Nýju Delhi á Indlandi kynnist ungri sænskri stúlku sem er þar á ferðalagi og eldheit ást kviknar á milli þeirra. Þegar hún snýr heim kemst ekkert annað af en að sameinast á ný og hann leggur af stað á gömlum hjólgarmi yfir fjöll og firnindi ... Hjartnæm, falleg og sönn daga um ást, þolgæði og ævintýrlegt ferðalag.

312 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL RAF



### Saga af nýju ættarnafni

Elena Ferrante

Þýð.: Brynja Cortes Andrésdóttir

Napólí-sögur Elenu Ferrante fara nú mikla sigurför um heiminn. Hér segir frá vinkonunum Lilu og Elenu. Önnur gerir það sem til er ætlast og gengur í hjónaband, á meðan hin reynir að finna sjálfa sig. Sjálfstætt framhald *Framúrskarandi vinkonu*.

440 bls.

**Bjartur**

KIL



### Sjöunda barnið

Erik Valeur

Þýð.: Eiríkur Brynjólfsson

Tilnefnd til Ísnálarinnar fyrir bestu þýddu glæpasöguna 2016

Besta norræna glæpasagan, Glerlykillinn 2012

Bókmenntaverðlaun Weekendavisen

Bókmenntaverðlaun danska rikisútvarpsins

Verðlaun Danske Bank fyrir bestu frumraun höfundar.

690 bls.

**Dræmsýn**

KIL RAF



### Smámyndasmiðurinn

Jessie Burton

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Haustið 1686 fær Nella Oortman, kona auðugs kaup-sýslumanns í Amsterdam, dularfullan hagleiksmann til að útbúa eftirmyndir af húsbúnaði í skáphús sitt en munir hans reynast spegla veruleikann á uggvænlegan hátt. Er listamaðurinn að vísa fjölskyldunni veginn út úr ógöngunum ... eða er hann sá sem kallar ógæfuna yfir þau?

432 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL RAF



### Smásögur heimsins

Norður-Ameríka

„Smásagan er seglskúta sem fer með ströndum.“ – Carlos Fuentes. Hér er að finna smásögur eftir ýmsa fremstu smásagnahöfunda Norður-Ameríku síðustu hundrað árin: Meðal annars Hemingway, Faulkner, Philip Roth, Susan Sontag, Joyce Carol Oates, Sherman Alexie og Alice Munro.

264 bls.

**Bjartur**

KIL



### Spámennirnir í Botnleysufirði

Kim Leine

Þýð.: Jón Hallur Stefánsson

Sagan er lauslega byggð á sönnum atburðum í dansk-norska konungsveldinu í lok átjándu aldar. Söguviðið eru nýlendubýggðir Grænlands, Kaupmannahöfn, Noregur og háskalegt sjómanslíf. Bókin hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og frábærar viðtökur íslenskra lesenda haustið 2015. Hún er nú komin út í handhægri kilju.

500 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL



### Stúlkán í trénu

Jussi Adler-Olsen

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Árið 1997 var ekið á unga stúlku á Borgundarhólmi á svo miklum hraða að hún kastaðist upp í tré og lést. Bílstjórinn fannst aldrei og mörgum spurningum er ósvarað. Mörgum árum seinna fremur reyndur lögreglumáður sjálfsmorð og Carl Mørck og félagar hans hjá Deild Q fara að rannsaka málið ... Sjötta bók þessa geysivinsæla spennusagnahöfundar.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

RAF



### Stúlkurnar

Emma Cline

Þýð.: Ingunn Snædal

Norður-Kalifornía í lok sjöunda áratugarins. Einmana og íhugul unglingsstúlka, Evie Boyd, kynnist stúlkum sem heilla hana með frelsi sínu, klæðaburði, villtri og óheftri framkomu. Og áður en hún veit af hefur hún dregist inn í atburðarás sem minnir mjög á hin frægu Manson-morð í Hollywood.

292 bls.

**Bjartur**

KIL



### Sykurpúðar í morgunverð

Dorothy Koomson

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Grípandi saga frá geysivinsælum höfundi um von, vináttu og ást. Kendra ætlar að byrja nýtt líf og leigir íbúð af Kyle Gadsborough. Fyrr en varir er hún farin að ganga sex ára gömlum tvíburum hans í móðurstað. En hún geymir með sér nístandi leyndarmál og þegar maður sem á hlutdeild í því birtist óvænt neyðist hún til að horfast í augu við fortíðina.

524 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL RAF



### Undirgefni

Michel Houellebecq


Þýð.: Friðrik Rafnsson

Vorið 2022 sigrar formaður Bræðralags múslíma, Múhamed Ben Abbes, frambjóðanda Þjóðfylkingarinnar, Marine le Pen, í kosningum og verður forseti Frakklands fyrstur múslíma. Skáldsagan *Undirgefni* sprettur beint upp úr samtímanum og spyr áleitinna spurninga um grunnildi vestrænna samfélaga. Hún hefur vakið gríðarlega athygli.

275 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

KIL RAF



### Vefur Lúsífers

Kristina Ohlsson

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Sara Texas tók eigið líf eftir að hafa játað á sig fimm morð – en eitthvað við játningar hennar virðist ekki standast nánari skoðun. Lögreglingurinn Martin leggur einkalíf sitt og starfsheildur að veki við rannsókn málsins og festist smám saman í þéttriðnum og ógnvekjandi vef sem hann veit ekki hver stjórnar. Kristina Ohlsson er einn vinsælasti glæpasagnahöfundur Norðurlanda.

412 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

KIL RAF



**Verndargripur**

Roberto Bolaño

Þýð.: Ófeigur Sigurðsson

Suðurameríski höfundurinn Roberto Bolaño (1953–1998) hefur ekki áður komið út á íslensku en hann hefur verið talinn einn merkasti kyndilberi hinnar rómansk-amerísku sagnalistar seinni áratuga. Bók hans *Verndargripur* (Amuleto) birtist lesendum hér í frábærri þýðingu Ófeigs Sigurðssonar rithöfundar. Aðalpersóna bókarinnar er Auxilio sem lokast inni á kvennasalerni meðan Mexíkóher ræðst til atlögu við stúdenta.

187 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



**Villibráð**

Lee Child

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Jack Reacher, heimsins harðsnúnasta löggæ, er sendur til Mississippi þar sem lík ungrar konu hefur fundist. Grunur beinist að hermanni í nálægri herstöð en rannsókin gengur hægt og spurning hvort lögreglustjórnin á svæðinu, Elizabeth Deveraux, vill yfirleitt finna morðingjann. Smám saman tekst þeim þó að púsla saman myndinni en þá á Reacher erfitt með að koma vitneskju sinni á framfæri án þess að verða drepinn. *Villibráð* er núnda bókin um Jack Reacher á íslensku.

400 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



**Vonarstjarna**

Nora Roberts

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Hope nýtur þess að hugsa um gistihús Montgomery-fjölskyldunnar en ástarlífið er daulegt, og þótt stundum neisti á milli þeirra Ryders Montgomery getur ekkert samband orðið úr því – til þess er hann allt of hrjúfur og ómannblendinn og hún of ráðrík og þver. *Vonarstjarna* er sjálfstætt framhald bókana *Biðlund* og *Einhvern daginn* eftir metsúlhöfundinn Noru Roberts.

343 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



**Vögguvísa**

Carin Gerhardsen

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Kona og tvö ung börn finnast myrt á heimili sínu í Stokkhólmi. Lögreglufoinginn Conny Sjöberg og félagar hans standa ráðþrota gagnvart þessum skelfilega glæp og þurfa um leið að kljást við drauga úr eigin fortíð. Og einn úr hópnum virðist gufaður upp ... Sögur Carin Gerhardsen um lögregluliðið á Hammarbystöðinni hafa slegið rækilega í gegn.

299 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



**Zombíland**

Sørine Steenholdt

Þýð.: Heiðrún Ólafsdóttir

Í Zombílandi er enga huggun að finna. Í áleitnum sögum af harðneskjulegum örlögum kynnast lesendur Grænlandi samtímans. Veruleika sem er óþekktur flestum Íslendingum. Hér er á ferðinni samfélagsádeila sem lætur engan ósnortinn. *Zombíland* hefur fengið lofsamlega dóma í heimalandinu og í Danmörku. Bókin er tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2016.

126 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



**Það sem ekki drepur mann**

David Lagercrantz

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Sjálfstætt framhald Millennium-þrileiks Stiegs Larsson. Fremsti sérfræðingur heims í gervigreind er myrtur í Stokkhólmi þrátt fyrir að vera undir lögregluvernd. Einhverfur sonur hans er vitni að ódæðinu. Mikael Blomkvist og tölvusníllingurinn Lisbeth Salander glíma saman við þetta flókna mál.

525 bls.

Bjartur

KIL



**Þar sem fjórir vegir mætast**

Tommi Kinnunen

Þýð.: Erla E. Völudóttir

María er ung ljósmóðir, sjálfstæð og úrræðagóð, en það þykir samtíðarfólki hennar tortryggilegt. Með tímanum öðlast hún verðskuldaðan virðingarsess, en geldur hann dýru verði. Stórbrotin og heillandi saga sem spannar hartnær alla síðustu öld í Finnlandi.

290 bls.

Bjartur

KIL



**Þeir sem fara og þeir sem fara hvergi**

Elena Ferrante

Þýð.: Brynja Cortes Andrésdóttir

Þriðja bókin í hinum geysivinsæla Napolí-bálki Elenu Ferrante. Hér takast vinkonurnar Lila og Elena á við fullorðinslífið og fara hvor í sína áttina til að brjótast út úr fátækt og stöðnun. Áður hafa komið út *Framúrskarandi vinkona* og *Saga af nýju ættarnafni*.

425 bls.

Bjartur

KIL



**Þrjár sekúndur**

Anders Roslund og Börge Hellström


Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Flugumaður sænsku lögreglunnar innan pólsku mafíunnar er skyndilega einn á báti og með dauðann á hælunum. Roslund & Hellström sýna hér og sanna að þeir eru meðal þeirra allrabestu. „Sjúklega spennandi og kostulega krassandi.“ Morgundblaðið

618 bls.

Veröld

KIL



# Ljóð og leikrit



## Af ljóði ertu komin

Steinunn Sigurðardóttir

„LÍFIÐ er óútreiknanleg unglingsstelpa.

Hjá henni er jafn stutt í brosið og táraflauminn.

Hún hristir lokkana framán í heiminn og kærastann sinn: ástina fyrstu sem enginn mun jafnast á við.“

Áttunda ljóðabók þessa snjalla ljóðskálds – og sú fyrsta í níu ár.

66 bls.

**Bjartur**

IB



## Allt þetta hugsafn af árum sem kvað vera ævi

Sigmundur Ernir Rúnarsson

Hér er lesandanum boðið í heillandi ferðalag gegnum tíma og staði, öræfi hugans og landsins, svo og alla afkima ástarinnar.

70 bls.

**Veröld**

SVK



## Á leiðinni

Benedikt Jóhannsson

Á leiðinni er önnur ljóðabók höfundar. Í bókinni er fjallað á einlægum og á köflum gáskafullan hátt um lífið, ástina, efan, trúna, listina og viskuna. Líta má á ljóðin sem leit höfundar að vegvísun á lífsleiðinni. Notaðir eru bæði ljóðstafir og rím. Form sumra ljóðanna er þó frjálst meðan önnur eru formfastari.

72 bls.

**Benedikt Jóhannsson**

IB



## Á líðandi stund

Jón Sigfússon

Höfundur var bóndi og mörg ljóða hans eru óður til jarðarinnar og alls sem grær, til lífsins sjálfis og samferðafólksins. Bókin er sú sextánda sem Ljóðafélagið gefur út í flokknum Austfirsk ljóðskáld og kemur út á hálfri aldar ártíð skáldsins.

71 bls.

**Félag ljóðunnenda á Austurlandi**

IB



## Bók sem allir myndu lesa

Ljóð ungra austfirskra höfundar

Ritstj.: Kristian Guttesen

Tíu höfundar birta ljóð sín í bókinni. Flestir þeirra eru byrjendur á listabrautinni og senda nú frá sér ljóð í fyrsta sinn. Ritnefnd fjögurra félaga undirbjó útgáfuna sem efnit er til á tuttugu ára afmæli Ljóðafélagsins.

64 bls.

**Félag ljóðunnenda á Austurlandi**

SVK



## Eldmóður

neðanmálsgreinar við óskrifuð ljóð


Kristrún Guðmundsdóttir

Þessi ljóð eru tilviljunarkenndar neðanmálsgreinar við texta sem enn hefur ekki verið skrifaður og snúa þannig veru sinni á hvolf og jafnvel öllu því sem í vændum er. Þannig að ef hinn óskrifaði texti verður einhvern tíma skrifaður, mun höfundur hans byggja á neðanmálsgreinunum er ljúkast upp á síðum bókarinnar.

49 bls.

**PH fimm**

KIL



## Englablóð

Kristian Guttesen

Englablóð er níunda ljóðabók höfundar. Í bókinni opnar höfundur sig um þunglyndi og sjálfsvígshugsanir. Hér eru á ferðinni bæði prósar sem fást við öngþveiti hins mannlega ástands og angurvær ljóð sem láta engan ósnortinn.

72 bls.

**Bókaútgáfan Deus**

SVK



## Ég sef ekki í draumheldum náttfötum

Eypór Árnason

Ný ljóðabók eftir verðlaunaskáldið Eypór Árnason. Hér ferðast Eypór um lendur hugans og draumanna og ekki síst um Ísland þar sem hann meðal annars heimsækir fólk sem orðið hefur að stytum.

69 bls.

**Veröld**

SVK



## Góðfúslegt leyfi til sigarettukaupa

Eyrún Ósk Jónsdóttir

Eyrún Ósk hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir *Góðfúslegt leyfi til sigarettukaupa*. Hverjar eru hinar óskráuð reglur, hver setti þær, hvernig eru þær hugsaðar, hvaða refsing liggur við að brjóta þær og hve mikið er að marka þær?

65 bls.

**Bjartur**

SVK



### Hannes Sigfússon

*Ljóðaúrval*

Hannes Sigfússon

Hannes Sigfússon (1922–1997) var eitt helsta ljóðskáld sinnar kynslóðar, brautryðjandi í íslenski ljóðagerð og mikilvirkur ljóðabýðandi. Jón Kalman Stefánsson hefur tekið saman úrval úr átta ljóðabókum Hannesar, sem komu út á 46 ára ferli, og ritar formála um ævi hans og störf.

230 bls.

**Bjartur**

IB



### Hendur morðingjans

Kristian Gutesen


*Hendur morðingjans* er tíunda ljóðabók höfundar.

Ljóðin fjalla um samband, sambandsslit, ástmissi og ást. Einlæg tjáning höfundar um sjálfan sig og heiminn sem hann lifir í.

72 bls.

**Bókaútgáfan Deus**

SVK



### Hvítsvíta

Athena Farrokhzad

Þýð.: Eiríkur Örn Norðdahl

Athena Farrokhzad er sænskt ljóðskáld af írönskum uppruna. *Hvítsvíta* vakti gríðarmikla athygli í heimalandi hennar, var tilnefnd til virtra verðlauna og hefur komið út víða um heim. Eiríkur Örn Norðdahl þýddi.

„Hvítsvíta er skínandi góð, hún á erindi við lesendur sína, hún vill tala við heiminn.“ KL / *Aftonbladet*

70 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

SVK



### Hæg breytileg átt

Guðmundur Andri Thorsson

„Form hækunnar er einfalt og því hæfir einföld hugsun. Það er meðal annars íþróttin, að vera í námunda við flatneskjuna, en láta línurnar samt bera merkingu. Þá fá ljóðin sérstaka glóð. Því fylgir kyrrð að búa til hæku. Þetta er viss tegund af hugleiðslu,“ segir Guðmundur Andri um sína fyrstu ljóðabók.

106 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK

KYNNTU ÞÉR  
ÚRVAL NÝRRAR  
LJÓÐABÓKA

**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**  
19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU  
Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



### Innvortis Investment


Magnea Puriður Ingvarsdóttir

Magnea Puriður Ingvarsdóttir (1960) gefur hér út sína fyrstu ljóðabók. Ljóðin eru sprottin upp úr vangaveltum líðandi stundar og eru hlutverk kvenna sem og ástin henni hugleikin. Magnea útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2002 og frá Kennaraháskólanum árið 2007. Árið 2015 lauk hún meistaraþrófi frá hugvísindasviði Háskóla Íslands. Í meistaraþróttinni rannsakaði hún ljóðagerð kvenna kringum aldamótin 1900. Nokkur ljóða hennar hafa áður birtst í tímaritinu Stínu, Óspressunni og ljóð.is Hugmyndin með útgáfu þessari er að safna í verkefnasjóð næstu ljóðabókar.

50 bls.

**Kvik útgáfan**

SVK



### Í sjöunda himni býr sólin

*Ljód um ástina*

Guðmundur Sæmundsson

Bókin hefur að geyma 42 ljóð. Þetta er fyrsta bókin í flokki ljóðabóka sem hver fyrir sig fjallar um eitt efni. Bókinni fylgir hljómdiskur með upplestri höfundar á öllum ljóðunum. Frumsömdu ljóðin eru 21, ort á ýmsum tímum. Þýddu ljóðin eru jafn mörg og eftir ýmsa höfunda, m.a. Maó Tse-túng, Bob Dylan, Leonard Cohen, Andrej Voznesenskij og norsku skáldin Sigbjörn Obstfelder, Rolf Jacobsen, Marie Takvam, Stein Mehren og Magli Elster.

64 bls.

**Bláskógur**

KIL



### Í úteyjum

Ferdinand Jónsson

Önnur ljóðabók Ferdinands Jónssonar sem starfar sem geðlæknir í London.

„Bókin er beinlínis fögur hvar sem á hana er litið, og efniviðurinn er lifandi og litríkur, en jafnframt tregafullur.“ Védís Skarphéðinsdóttir, Lbl. (um Innsævi)

56 bls.

**Veröld**

SVK



### Kvæðasafn

Snorri Hjartarson


Formáli: Páll Valsson

Snorri Hjartarson var eitt listfengasta skáld síðustu aldar og sameinaði í ljóðum sínum fornar hefðir og nútímalega nálgun. Í ljóðum hans má oft finna sögulegar skírskotunar og þar eru dregnar upp fagar myndir af íslenski náttúru, jafnt í dýrð sumarsins sem depurð haustsins. Páll Valsson sá um útgáfuna og ritar inngang.

288 bls.

**Forlagið**

IB



### Jónasarlög

Jónas Hallgrímsson

Tónlist: Atli Heimir Sveinsson

Jónas Hallgrímsson hafði áhrif á öll íslensk ljóðskáld sem á eftir honum komu og hefur enn mikil áhrif. Kvæði hans ort á alþýðlegu máli sveitanna á 19. öld eru meðal þess fegursta og hugnæmasta í íslenskum bókmenntum síðari alda. Í þessu nótnahefti má finna 27 lög sem Atli Heimir Sveinsson hefur samið við ljóð Jónasar. Lögin eru útsett fyrir háa og lága söngródd og píanó.

92 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK

**Lausblaðabók**

Ljóðævi

Ingvar Gíslason

Bókin hefur að geyma úrval ljóða um fjölbreytilegt efni eftir Ingvar Gíslason, fyrrverandi menntamálaráðherra. Hér er á ferðinni andleg ævisaga höfundar sem nú stendur á níræðu.

160 bls.

Eikja



IB

**Ljóð muna rödd**

Sigurður Pálsson

Hér yrkir Sigurður um grundvallaratriði lífsins: jörð, eld, loft og vatn, en líka raddir og skugga, ljós og myrkur, hvítar nætur og heilaga gleði. Hugarflugi og sköpunargleði er teft af fullri einurð fram gegn valdi eyðingar og dauða og rödd ljóðsins ómar áfram í höfði lesanda lengi eftir lesturinn. *Ljóð muna rödd* er ein persónulegasta og áhrifamesta ljóðabók sem Sigurður Pálsson hefur sent frá sér.

82 bls.

Forlagið – JPV útgáfa



IB

**Ljóðasafn**

Hjörtur Pálsson

Í safninu eru allar útgefnar ljóðabækur skáldsins, 5 talsins, auk verðlaunaljóðsins *Nótt frá Svignaskarði*, og enn fremur ný bók, *Ísleysur*, með ljóðum frá síðustu tveimur áratugum.

362 bls.

Dimma



IB

**Lukka**

Hallgrímur Helgason

Hallgrímur Helgason er þekktur fyrir skáldsögur sínar, myndverk og margt fleira. Hér gefur að líta fyrstu óbundnu ljóðin sem hann birtir á bók. Þau kviknuðu öll á göngu- og fótaferðum hans með tilkinni Lukku (f. 2013). Hallgrímur er búsettur í 104 Reykjavík og 630 Hrísey.

132 bls.

Forlagið – JPV útgáfa



SVK

**neyðarútgangur**

Ewa Lipska

Þýð.: Áslaug Agnarsdóttir, Bragi Ólafsson, Magnús Sigurðsson, Olga Holownia og Óskar Árni Óskarsson  
Úrval ljóða eftir eitt þekktasta samtímaskáld Pólverja.

139 bls.

Dimma



SVK

**Núna**

Þorsteinn frá Hamri

„Ljóð okkar, þau eru líðan okkar hverju sinni / og hafa sér til afbötunar að hugsanlega finni / aðrir fyrir einhverju svipuðu um líkt leyti. ...“ Ljóðabækur Þorsteins frá Hamri eru á þriðja tug talsins, útgefnar á tæpum sex áratugum. Erindi þeirra er ætíð brýnt. *Núna* geymir meitluð og mögnuð ljóð, ádrepur, hugvekjur og myndir úr fórum höfuðskálds.

58 bls.

Forlagið – Mál og menning



IB

**Óvissustig**

Þórdís Gísladóttir

*Óvissustig* er fjórða ljóðabók höfundar sem hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir sitt fyrsta verk og hefur tvívegis hlotið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þórdís er höfundur vinsælla barnabóka um *Randalín* og *Munda*, þýðandi og skáld.

60 bls.

Benedikt bókaútgáfa



IB

**Ópello**

William Shakespeare

Þýð.: Hallgrímur Helgason

*Ópello* er sigilt meistaraverk, æsispennandi harmleikur um valdabaráttu, losta og afbrýðisemi. Nú setur Vesturport leikritið upp í nýrri þýðingu Hallgríms Helgasonar í tilefni af 400 ára ártíð Shakespeares en hin gríðarvinsæla sýning á *Rómeó og Júlíu* í þýðingu Hallgríms sem Vesturport frumsýndi árið 2002 var leikin rúmlega 400 sinnum víðs vegar um heiminn. Þetta er eitt tilfinningaþrungiasta verk Shakespeares, sem á alltaf erindi.

200 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell



KIL

**Safnljóð 2006–2016**

Gísli Þór Ólafsson

Á árinu 2016 á Gísli Þór Ólafsson 10 ára útgáfuafmæli og birtir af því tilefni úrval ljóða úr 5 ljóðabókum og 4 hljómplötum. Hér er ljóðið Ást á suðurpólnum:

Hve oft/ætli mörgæsir/hafi séð þig/sveitta ofan á mér/er við nutum ásta/á suðurpólnum/í engu nema vettlingum.

80 bls.

Gísli Þór Ólafsson



IB

**Síðasta vegabréfið**

Gyrðir Elíasson

Fjögur ár eru síðan Gyrðir sendi síðast frá sér frumsamda ljóðabók, en í millitíðinni hafa komið frá hans hendi magnaðar ljóðabýðingar og úrval ljóða úr fyrri bókum. *Síðasta vegabréfið* er 15. frumsamda ljóðabók skáldsins.

94 bls.

Dimma



IB



### Sjötta Davíðsbók

Davíð Hjálmar Haraldsson

Í bók þessari eru 66 litmyndir af jafnmörgum íslenskum plöntutegundum ásamt ljóði um hverja tegund. Ljóðin eru með stuðlum og rími en hvert með sínu ljóðformi, bragarhætti eða afbrigði hans.

Litið hef ég lýsiblóm og lundi háa,  
þó dregur augað djásnið smáa;  
dýragrasið himinbláa.

88 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

KIL



### Skin

Guðrún Hannesdóttir

Guðrún hefur á síðustu árum orðið kunn fyrir ljóða-  
bækur sínar sem hafa skipað henni í hóp íslenskra góð-  
skálda. Hún hefur hlotið bókmenntaverðlaun Jóns úr  
Vör og síðasta bók hennar, *Humátt*, var tilnefnd til  
Fjöruverðlaunanna 2015. *Skin* er fimmta ljóðabók Guð-  
rúnar. Ljóð þessarar bókar eru björt og einföld og má  
líkja við varfærnislegt ferðalag um himinlendur og höf.  
56 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL



### Smá eyriki

Henry Alexander Henrysson

Bókin inniheldur 40 ljóð sem eru nokkurs konar til-  
raunir í verufræði. Verkið skiptist í fjóra hluta sem hver  
um sig tekst á við tiltekið frumspekilegt þema: orsakir,  
ástæður, nauðsyn og hið góða. Meginstef bókarinnar,  
sem tengja saman þessa hluti eru, takmörk, landamæri  
og persónuleg samsemd. *Smá eyriki* er fyrsta ljóðabók  
höfundar sem kennir heimspeki við Háskóla Íslands.  
56 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB



### Sumartungl

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Ný ljóð úr smíðju þessa fjölhæfa skálds sem áður hefur  
sent frá sér ljóð, söngljóð, sálma og fjölda ljóðaþýðinga.  
*Sumartungl* er 10. frumsamda ljóðabók Aðalsteins  
Ásbergs, sem rær enn sem fyrr á gjöful mið orða og  
athafna, þar sem jafnvægis er leitað milli hamingju og  
harms, ástar og trega.

71 bls.

**Dimma**

IB



### Tappi á himninum

Eva Rún Snorraddóttir

„Ég man þegar Kringlan opnaði og ég fór á opunarhá-  
tíðina með mömmu og pabba, það sem vakti mesta  
undrun hjá mér var að það mátti vera á skónum inni í  
þessu merkilega fyrirbæri.“ Söguhetjan er ung stúlka  
að fóta sig í lífinu. Þetta er önnur ljóðabók Evu Rúnar  
Snorraddóttur, sviðslistakonu.

61 bls.

**Bjartur**

KIL



### Tungusól og nokkrir dagar í maí

Sigurlín Bjarney Gísladóttir

Sorg og sár missir, ástin, einsemdin og vináttan eru  
viðfangsefni þessara ljóða. Sterkum og margvíslegum  
tilfinningum er hér af listfengi snúið í áhrifamikil og  
persónuleg ljóð. Sigurlín Bjarney Gísladóttir hefur vakið  
athygli fyrir skemmtileg efnistökk allt frá því að fyrsta  
bók hennar, *Fjallvegir í Reykjavík*, kom út árið 2007.  
62 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

SVK



### Ummyndanir skáldsins og fleiri ljóð

Willem M. Roggeman

Þýð.: Sigurður Pálsson

Ljóð eftir eitt þekktasta skáld Belga. „Ummyndanir  
skáldsins fara fram í tungumálinu og sköpunarmáttur  
þess knýr þær áfram,“ segir í eftirmála þýðandans.  
65 bls.

**Dimma**

SVK



### Umrót

Hulda Sigurdís Þráinsdóttir

Ljóðskáldið veltir fyrir sér stöðu konunnar, ævintýrum  
og dýralífi umhverfisins svo eitthvað sé nefnt. Bókin er  
önnur ljóðabók höfundar.

51 bls.

**Bókstafur**

KIL



### Uppljómanir & Árstíð í helvíti

Arthur Rimbaud

Þýð.: Sigurður Pálsson og Sölvi Björn Sigurðsson

Fá skáld höfðu meiri áhrif á þróun ljóðlistar á síðustu  
öld en Rimbaud sem ruddist fram á sjónarsvið franskra  
ljóðlistar upp úr miðri 19. öld, aðeins sextán ára, en  
hætti að yrkja upp úr tvítugu. Sigurður Pálsson þýðir  
hér prósaljóðasafnið *Uppljómanir* en Sölvi Björn Sig-  
urðsson *Árstíð í helvíti* og ýmis ljóð í bundnu máli.  
159 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK



### USS

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir, tónlistarkona og skáld,  
hefur löngum ort ljóð og smíðað lög. Þau hefur hún  
víða gert heyrinkunn í lifandi flutningi en einnig látið  
að sér kveða í heimi ljóðaútgáfu með birtingu í tímarit-  
inu Stínu. *USS* er fyrsta ljóðabók Steinunnar.  
48 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL





### Veröld hlý og góð

Magnús Sigurðsson

Ný bók eftir eitt af fremstu ljóðskáldum sinnar kynslóðar. Blanda af ljóðum og stuttum prósum um manninn í náttúrunni og náttúruna í manninum, þar sem kallast á kímni og alvara. *Veröld hlý og góð* er fimmta frumsamda ljóðabók höfundar, sem hlotið hefur afbragðsdóma og verðlaun fyrir verk sín.

73 bls.

**Dimma**

IB



### Vísnaðver Jóhannesar úr Kötlum

Samant.: Svanur Jóhannesson


*Vísnaðver Jóhannesar úr Kötlum* samanstendur af lausavísnum sem Jóhannes orti við ýmis tækifæri. Stundum var það í samstarfi við aðra og í nokkrum tilvikum er um að ræða vísur sem aðrir ortu til hans.

Svanur Jóhannesson er sonur Jóhannesar úr Kötlum og hefur í áratugi séð um útgáfu bóka hans og að auki safnað og flokkað efni eftir föður sinn sem aldrei hefur verið gefið út á prenti eða komið fyrir almenningssjónir áður. Sumar vísurnar sem hér birtast í fyrsta sinn eru landsfrægar.

78 bls.

**Griffa**

SVK



### Andlit norðursins

Ragnar Axelsson

*Andlit norðursins* birtir ævistarf Ragnars Axelssonar. Fyrir þremur áratugum hóf hann að skrásetja líf og stórfólks á norðurlóðum svo komandi kynslóðir áttuðu sig á breytingum á samfélagi og náttúru. Þetta stórvirki er afrakstur þeirrar miklu vinnu. Einnig fánleg á ensku.

410 bls.

**Crymogea**

IB



### Cold Stuff

Lítill og handhæg ljósmyndabók sem sýnir glæsilegar og forvitnilegar svipmyndir úr vetrarríki íslenskrar náttúru – storma og stillur, frost og funa, myrkur og heillandi ljóspil. Frábær minjagripur um Íslandsheimsókn og einstæð gjöf handa vinum og kunningjum erlendis.

84 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK



### Double Happiness


Katrín Elvarsdóttir

Katrín Elvarsdóttir stendur í fremstu röð íslenskra ljósmyndara og verk hennar eru sýnd um allan heim. Í ferðum hennar til Kína urðu til myndir á mörkum þess hversdagslega og skáldaða.

160 bls.

**Crymogea**

IB



### Drawings

Margrét H. Blöndal

Inng.: Gavin Morrison

Teikningar Margrétar H. Blöndal sem unnar eru á pappír og sýna form eða hlut sem jafnan er umlukinn veðrahjálmur úr ólfluolíu. Ólían gerir pappírinn hálfgegnisæjan og brothættan og ýtir undir fágún teikningarinnar og litanna.

70 bls.

**Crymogea**

IB



### Hestar


Pétur Behrens

Í bókinni eru um 100 málverk og teikningar af íslenskum hestum, unnar af listamanninum Pétri Behrens, ásamt skýringatextum hans á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku. Pétur er listamaður og hestabóndi sem býr og starfar á Fljótsdalshéraði. Formála bókarinnar ritar Prof. Dr. Ewald Isenbügel, listunnandi og prófessor í dýralækningum.

220 bls.

**Bókstafur**

IB



### Iceland All The Must Places

Vigfús Birgisson og Larissa Kyzer

Handhæg bók um þekktu áfangastaði og minna kunnar perlu fyrir erlenda gesti. Fallegar gjafaumbúðir gera bókina að frábærri gjöf fyrir viðskiptavinum.

310 bls.

**Crymogea**

IB



### Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá

Kristín G. Guðnadóttir og Steinunn G. Helgadóttir

Ferill hinnar síleitandi myndlistarkonu, Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá, spannar liðlega sex áratugi.

Verk hennar kunna að virðast kyrrlát á yfirborðinu en það kraumar undir niðri, og fortíð og nútíð kallast á. Í þessari fallegu bók er myndlistarferli og ævi Kristínar lýst í máli og fjölmörgum myndum. Allir textar eru birtir bæði á íslensku og ensku.

112 bls.

**Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá**

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

IB



**Leikið á tímann**

Ásta Ólafsdóttir

Ásta Ólafsdóttir hefur verið starfandi myndlistarmaður í Reykjavík í áratugi. Efnistöð hennar eru fjölbreytt og teygja sig yfir í marga miðla. Viðfangsefnið spanna allt frá sandkornum til himingeimsins með viðkomu í mannheimum og regluverki myndlistarinnar.

Texti bókarinnar er á íslensku og ensku 128 bls.

Ásta Ólafsdóttir

IB



**On the Road in Iceland**

Gréta S. Guðjónsdóttir

Gullfalleg ljósmyndabók með einstökum myndum af fjölbreyttu íslensku landslagi í ýmiss konar veðri og birtu. Hér er ekki horft á þekktustu áfangastaðina sem oftast eru sýndir, heldur er linsunni beint að ferðalaginu, leiðinni sem farin er – vegum og slóðum í landslaginu, og því útsýni sem þeir bjóða upp á. Texti á ensku. 136 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



**Svart og hvítt**

Jón Kaldal

Samant.: Óskar Guðmundsson

Mannamyndir Jóns Kaldal (1896–1981) eru án efa þekktustu ljósmyndir íslenskrar menningarsögu. Jón hélt aðeins eina einkasýningu um sína daga, *Svart og hvítt* árið 1966, þar sem hann tefldi fram því besta á ferlinum. Nú birtast þessar myndir saman í bók í einstökum prentgæðum og með æviágripum.

186 bls.

Crymogeia

IB



**The Chessboard of My Life**

Óli G. Jóhannsson

Formáli: Æsa Sigurjónsdóttir og Malat Jean-David

Óli G. Jóhannsson var þekktur listmálari bæði hér innanlands sem og erlendis. Bókin inniheldur 316 litasíður af einstökum málverkum Óla G.

Textinn í bókinni er á íslensku, ensku og frönsku. 316 bls.

Sögur útgáfa

IB



**The Horses of Iceland**

Gígja Einarsdóttir

*The Horses of Iceland* er glæsileg ljósmyndabók, á ensku, eftir Gígju Einarsdóttur. Bókin hefur að geyma fjölda ljósmynda af íslenska hestinum sem sýna hann í náttúru landsins. Bókin er einnig fánleg á þýsku. 144 bls.

Steinegg

IB



**This is**

*This is Iceland*

*This is Reykjavík*

*This is the Icelandic Horse*

Röð bóka í einstaklega handhægu broti með fallegum Íslandsmyndum. *This is Iceland* geymir einstæðar svipmyndir íslenskrar náttúru, *This is the Icelandic Horse* sýnir tign og fegurð íslenska hestsins og *This is Reykjavík* birtir margvísleg kennileiti okkar litríku höfuðborgar. Tilvaldar til minja um Íslandsheimsókn eða sem gjöf til vina og kunningja erlendis. 128 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



**Valtýr Pétursson**

Anna Jóhannsdóttir, Jón B. K. Ransu, Dagný Heiðdal og Halla Hauksdóttir

Bókin er gefin út í tengslum við yfirlitssýningu á verkum Valtýs Péturssonar (1919–1988) í Listasafni Íslands. Bókin gefur yfirsýn yfir líf og list Valtýs Péturssonar listamanns sem var meðal brautryðjenda abstraktlistar hér á landi. Valtýr var afkastamikill listmálari og gagnrýnandi. Bókina prýðir fjöldi ljósmynda af verkum Valtýs, greinar og viðtöl, á íslensku og ensku. 128 bls.

Listasafn Íslands

SVK



**Way Over**


Ritstj.: Klara Þórhallsdóttir

Íslensk myndlist sést nú víðar um heim en nokkru sinni fyrr. Kynning á verkum og viðhorfum sjö samtímalistanna af ólíkum kynslóðum sem allir eiga það sameinkað að sýna víða um lönd. Gefið út í samstarfi við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. 152 bls.

Crymogeia

IB

HELGINA  
19. OG 20.  
NÓVEMBER  
Í HÖRPU



KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRRA BÓKA

Sjá dagskrá:  
[www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**

# Saga, ættfræði og héraðslýsingar



## Á Akranesi

Þættir um sögu og mannlíf

Ásmundur Ólafsson

Greinasafn um atvinnusögu og mannlíf á Akranesi. Nútíminn heldur innreið sína með nýrri tækni og umbyltingu atvinnuhátta.

240 bls.

mth útgáfa

IB



## Bærinn brennur

Jón Hjaltason

Akureyringar voru sakaðir um að vera brennuvargar. Sagan sögð í máli og vel á fjórða hundrað ljósmyndum sem fæstar hafa birst á prenti áður. *Bærinn brennur* er einstaklega glæsileg bók sem bregður upp ljóslifandi myndum af eldsvoðum, afdrifum húsa, þróun byggðar og mannlegum örlögum á Akureyri.

240 bls.

Völuspá útgáfa

IB



## Djúpmannatal 1801–2011

Ritstj.: Ólafur Hannibalsson

Í þessu riti er að finna æviskrár Djúpmanna frá manntalinu 1801–2011, þeirra sem stofnuðu til heimilishalds við Ísafjarðardjúp í þrjú ár eða lengur á umræddu tímabili. Listi yfir bæjanöfn er aftast í ritinu, ásamt ábúendatali og korti. Myndir eru af mörgum ábúendum og býlum í Ísafjarðardjúpi.

Bókaútgáfan Hólar

IB



## Eistland: Smáþjóð undir oki erlends valds

Andres Küng

Þýð.: Davíð Oddsson


Inng.: Hannes H. Gissurarson

Höfundurinn var sænsk-eistneskur rithöfundur, sem lýsti markvissum tilraunum rússnesku ráðstjórnarinnar til að má af eistnesku þjóðinni sérkenni og svipta hana sjálfsvitund, eftir að Rauði herinn tók landið 1940 og það var neytt inn í Ráðstjórnarríkin. En gömul kona í Tallinn sagði við Küng í Eistlandsferð: „Segðu þeim, að Eistland sé lífandi.“ Bókin kom út hjá Almenna bókafélaginu 1973 í þýðingu Davíðs Oddssonar.

160 bls.

Almenna bókafélagið

KIL ENDUR ÚTGÁFA



## Fljótsdæla

Helgi Hallgrímsson

Í þessari bók skrifar Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur um náttúru og mannlíf í Fljótsdalshreppi. Rakin er saga hreppsins í gegnum aldirnar, gerð grein fyrir ábúendum síðustu 200 ára og ættum þeirra. Þá er fjallað um náttúruna; jarðfræði, gróðurfar, dýralíf o.fl. Loks er ítarlega fjallað um hreppinn í nútímanum, listir og fræði, virkjanir, ferðamál o.fl.

543 bls.

Skrudda

IB




## Flugsagan

Órnólfur Thorlacius

Flugsagan hefst ekki með flugi Wright-bræðra fyrir liðlega öld — heldur mun fyrr. Hér er hún rakin til þess tíma þegar menn stukku úr turnum eða fram af klettum og fórnúðu margir limum og lífi og vísindamenn teiknuðu framúrstefnuleg loftfór sem aldrei flugu. Þá er hér ágríp af flugsögu Íslands.

Bókaútgáfan Hólar

IB



## Greinar um kommúnisma

Bertrand Russell

Inng.: Hannes H. Gissurarson

Greinasafn eftir einn kunnasta og virtasta heimspeking Breta á 20. öld. Allar birtust þessar greinar í íslenskum blöðum og tímaritum tímabilið 1937–1956. Russell var andstæðingur alræðisstefunnar, hvort sem hún kallaðist kommúnismi eða nasismi, og eindreginn talsmaður vestrænnar upplýsingar og frjálslyndis. Hann hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1950.

64 bls.

Almenna bókafélagið

KIL

Stærsta **bókabúðin** er á netinu!

**HEIMKAUP**

» **Sendum samdægurs!**

Sendingar berast íbúum höfuðborgarsvæðisins samdægurs og íbúum landsbyggðarinnar daginn eftir að pantað er.

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S. 550-2700

GOB Gormabók

HSP Harðspjalda bók

HLB Hjóðbók

IB Innbundin bók

KIL Kijja

RAF Rafbók

SVK Sveigjanleg kápa

ENDUR ÚTGÁFA Endurútgáfa

BÓKATÍÐINDI 2016

43



### Hljóðbækur Braga Þórðarsonar

Bragi Þórðarson

Lesari: Bragi Þórðarson

6 hljóðbækur eftir Braga eru nú fáanlegar rafrænt. Það eru Blöndukúturinn, Æðrulaus mættu þau örlögum sínum, Kátir karlar, Lífskraftur á landi og sjó og tvær Borgfirzkar blöndur.

🔊 3:20–7:20 klst.

emma.is

Dreifing: eBækur.is

HLB



### Hólmfríðar saga sjókonu

Ásgeir og Sigrún Sigurgestsborn

Hér er á ferðinni fróðleg og merkileg ættarsaga sem hefst á frásögnum af einstæðri móður sem var jafnframt bóndi og sjómaður í Rangárþingi. Sagan gefur okkur forvitnilega innsýn í harðneskjuleg lífskjör og baráttuþrek íslenskrar alþýðu. Við fylgjum orlagaríkri ættarsögu sem hefst undir Hekklurótum og berst þaðan í vesturátt, allt til hinnar ungu Reykjavíkur.

347 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



### Hrakningar á heiðavegum

Pálmi Hannesson og Jón Eypórsson

Hið rómaða stórvirki *Hrakningar og heiðavegir* er fyrir löngu orðið sigilt verk um öræfi Íslands og ótrúlega baráttu landsmanna við óbliða náttúru. Bækurnar hafa verið ófáanlegar um langt árabil en nú hefur verið safnað saman úrvali af hrakningasögum úr verkinu.

282 bls.

Veröld

IB



### Konur í þrælakistum Stalíns

Elinor Lipper og Aino Kuusinen

Inng.: Hannes H. Gissurarson

Frásagnir, sem birtust í íslenskum blöðum af þrælkunarbúðum Stalíns. Lipper hafði aðeins verið þrjá mánuði í Moskvu 1937, þegar hún var tekin fóst í hreinsunum Stalíns, og hún var næstu ellefu ár í fangelsum og vinnubúðum, lengst í Kolyma í Síberíu. Kuusinen hafði verið gift einum nánasta samstarfsmanni Stalíns og stundað njósnir fyrir Rússa í Japan, en hún var í fangelsum og vinnubúðum í samtals fimmtán ár.

64 bls.

Almenna bókafélagið

KIL

Stærsta **bókabúðin** er á netinu!

**HEIMHAUP**

» Frí heimsending!

Allar pantanir yfir **4.000 kr.** eru sendar frítt heim að dyrum hvert á land sem er.

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S. 550-2700



### Landnemar í Kópavogi

Smárit Sögufélags Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs IV

Leifur Reynisson

Umsj.: Gunnar Marel Hinriksson

Landnám frumbyggja Kópavogs á Digraneshálsi laust fyrir miðja síðustu öld er mikilvægur þáttur í sögu þéttbýlis á Íslandi. Leifur Reynisson sagnfræðingur fjallar um fjölskyldusögu afa síns og afabróður og hvernig daglegt líf breyttist á sama tíma og Kópavogur þróaðist frá sveitarsamfélagi í annað fjölmennasta sveitarfélag landsins. Ritið fæst hjá útgefanda.

80 bls.

Héraðsskjalasafn Kópavogs

SVK



### Leyniræðan um Stalín

Níkíta Khrústsjov

Inng.: Hannes H. Gissurarson

Heimurinn stóð á öndinni, þegar fréttist vorið 1956, að Níkíta Khrústsjov, aðalritari kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, hefði haldið leyniræðu um ódæði Stalíns, þ. á m. pyndingar og aftökur á saklausu fólki og nauðungarflutninga heilla þjóðflokka auk vítaværðrar vanrækslu í upphafi heimsstyrjaldarinnar. Ísraelsku leyniþjónustunni tókst að útvega eintak af ræðunni, sem kom út í þýðingu Stefáns Þjeturssonar 1957 og með formála eftir Áka Jakobsson. Ótrúleg lesning.

64 bls.

Almenna bókafélagið

KIL ENDUR ÚTGÁFA



### Sagnaspæk

Sögur og sagnir úr Borgarfirði

Bragi Þórðarson

Í bókinni eru ýmsir þættir sem ekki hafa birst áður svo sem um Þórð í Haga, kraftakonuna Kristínu Pálsdóttur og Eyjólf Magnússon ljóstoll.

Aðrir þættir í bókinni fjalla um drauma og reimleika, kerlingabækur og sagnir úr ýmsum áttum.

emma.is

Dreifing: Amazon

RAF



### Sléttunga I-III

Safn til sögu Melrakkasléttu

Niels Árni Lund

Þriggja binda verk um Melrakkasléttu í gegnum aldirnar. Í I. bindi er m.a. fjallað um náttúruna, heilbrigðis- og skólamála, skipströnd og fjölbreytt menningarlíf. Í II. bindi er rakin saga allra býla á Sléttu frá því um 1800 og fram á 21. öldina og sagt frá ábúendum. Í III. bindi er saga Raufarhafnar – bújarðarinnar, verslunarstaðarins og sjávarþorpsins allt frá því staðarinn er fyrst getið og fram á þessa öld. Í verkinu eru yfir 1000 ljósmyndir.

986 bls.

Skrúdda

IB



### Svipmyndir úr sögu sjúkrahúss í eina öld

Ásamt ívafi úr bæjar- og mannlífsmyndum utan veggja þess


Magnús Stefánsson

Aðdragandi sjúkrahúss á Akureyri var ævintýri líkastur. Við hvaða meinsemdir glimdu lækmar fyrir norðan? Hvaða ráð voru þeim tiltekt? Þetta mikla rit er án vafa eitt hið merkasta sem komið hefur út um sögu lækninga á Íslandi og ekki skemmir hinn hárfíni húmor Magnúsar læknis Stefánssonar.

303 bls.

Völuspá útgáfa

IB



### Úr álögum

Jan Valtin

Þýð.: Emil Thoroddsen

Inng.: Hannes H. Gissurarson

Ævintýralegt líf flugumanns Kominterns, Alþjóðasambands kommúnista, árin milli stríða, en þar koma íslenskir kommúnistar m. a. við sögu. Síðar gómuðu nasistar hann og pynduðu nærri því til dauða. Eftir skipun Kominterns gekk Krebs í þjónustu nasista og varð gagnnjósnari. Þegar bókinn var gefin út hér 1941, heimtuðu kommúnistar, að hún yrði bönnuð. Bókin er sannkallaður aldarspegill árána milli stríða, þegar kommúnismi og nasismi virtust vera að leggja undir sig heiminn. 624 bls.

Almenna bókafélagið

KIL ENDUR ÚTGÁFA



### Útlendingaandúð á Íslandi

Flóttamenn og framandi útlendingar, 1853–1940

Snorri G. Bergsson

Um viðhorf Íslendinga til framandi útlendinga og flóttafólks 1853–1940. Upphaf útlendingaefirlits, hvernig til tókst með framkvæmd þess og hvaða útlendingar voru óvelkomnir hér og hvers vegna. Fjallað um viðbrögð stjórnvalda við þýska flóttamannavandamálinu 1933–1939 og koma fram fjölmargar nýjar upplýsingar um komu gyðinga hingað, byggðar á áður óþekktum innlendum og erlendum heimildum. 400 bls.

Almenna bókafélagið

IB



### Þar sem land og haf haldast í hendur

Súðavíkurhreppur að fornu og nýju

Eiríkur P. Jörundsson

Saga hins fámenna Súðavíkurhrepps speglar vel þjóðarsöguna í smækkaðri mynd.

Íbúarnir hafa alla tíð verið háðir árferði til lands og sjávar, fólki fækkaði í hremmingum en þegar lifnaði yfir fjölgði á ný. Sagnfræðingurinn Eiríku P. Jörundsson dregur upp heilsteypta og minnisstæða mynd af byggðarlaginu. Bókin er búin fjölmörgum ljósmyndum. 509 bls.

Súðavíkurhreppur og Sögufélag Súðavíkur

IB




### Þorp verður til á Flateyri

Jóhanna Guðrún Kristjánsdóttir

Flateyri við Önundarfjörð varð til sem þorp á síðari hluta 19. aldar. Fiskveiðar og vinnsla aflans voru undirstaðan. Sendibréf sem rituð voru á Flateyri um aldamótin 1900 koma mikið við sögu. Eru þau hluti tveggja bréfasafna sem hafa um 100 ára skeið legið þar í ferðakofforti og kommóðuskúffu. Hér kennir ýmissa forvitnilegra grasa úr sögu þorpsins. 130 bls.

Vestfirski forlagið

KIL



### Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum

Ants Oras

Þýð.: Sigurður Einarsson


Inng.: Hannes H. Gissurarson

Höfundurinn var enskuprofessor í Eistlandi, sem flýði til Svíþjóðar 1943 og settist síðan að í Bandaríkjunum. Hann lýsir beiskum örlögum ættjarðar sinnar, sem varð fullvalda sama ár og Ísland, 1918, en naut ekki sjálfstæðis nema til 1940, þegar rússneska ráðstjórnin hernam landið og við tók einsflokkskerfi, leylnilög, aftökur, fjöldabrottflytningar, ritskoðun og þjóðnýting. Bókin er skrifuð af mælsku og ástríðubunga. 160 bls.

Almenna bókafélagið

KIL ENDUR ÚTGÁFA

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRRA BÓKA Í  
SÖGU, ÆTTFRÆÐI OG  
HÉRAÐSLÝSINGUM




# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

HELGINA 19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU

Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# Ævisögur og endurminningar



## Allt mitt líf er tilviljun

Ævintýralegt lífshlaup Birkis Baldvinssonar úr saggafullum kjallara í hæstu byggingu heims

Sigmundur Ernir Rúnarsson og Birkir Baldvinsson

Birkir Baldvinsson ólst upp við kröpp kjör en stundar nú milljarða viðskipti og heldur heimili í þremur heimsálfum. Hann tók þátt í Loftleiðaævintýrinu og í kjölfarið hófst ótrúlegur viðskiptaferill með kostulegum uppakomum þar sem m.a. Nikita Krústsjev og Donald Trump koma við sögu.

311 bls.

Veröld

IB



## Á meðan ég man

– atburðir ævi minnar

Guðrún Lára Ásgeirsdóttir

Annað bindi æviminninga Guðrúnar L. Ásgeirsdóttur fjallar um störf höfundar og fjölskyldu hennar á Mæli-felli í Skagafirði og í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Fyrsta bindi minninganna kom út 2015 og eru báðar bækurnar til sölu hjá höfundi, [glasg@simnet.is](mailto:glasg@simnet.is)

272 bls.

Guðrún L. Ásgeirsdóttir

KIL



## Á meðan straumarnir sungu

Sváfnir Sveinbjarnarson

Hér segir frá Fljótshlíð millistríðsáranna og síðar hinu einstæða samfélagi Örefa, Suðursveitar og Mýra við Hornafjörð, áður en jökulvötn þar voru brúuð og enn var róid til fiskjar af hafnlausri strönd. Presturinn Sváfnir er kollubandsmaður á Vagninum og við lesum einnig um svaðilfarir yfir Breiðamerkursand og Hornafjarðarfjót. Hógvær frásögn samfara stilsnild gerir bók þessa alla að listaverki.

346 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



## Ástarsögur íslenskra kvenna

María Lilja Þrastardóttir og Rósa Björk Bergþórsdóttir

Í fyrsta sinn hefur verið safnað saman reynslusögum íslenskra kvenna af ástinni. Ástarævintýri á Tinder, ástarsaga úr sveit frá síðustu öld, ástarsaga úr miðborg Reykjavíkur – og allt þar á milli!

226 bls.

Veröld

KIL



## Áttthagar

Ísafirðingar margra landa segja frá


Hérdis M. Hübner

Hér er sagt frá uppvaxtar- og æskuárum níu kvenna á ýmsum aldri. Jamaica, Sri Lanka, El Salvador, Rússland, Þýskaland, Pólland, Ungverjaland, Tæland og Ástralía eru áttthagar þeirra. Þær hafa búið á Ísafirði í fjölda ára og hafa unnið margvísleg störf og lagt mikið af mörkum til lífsins í bænum. Hafa brugðið birtu hver á sinn hátt á bæjarlífið.

178 bls.

Vestfirska forlagið

IB



## Balzac

Stefan Zweig

Þýð.: Sigurjón Björnsson

Balzac er einn af merkustu rithöfundum 19. aldarinnar. Hann var með eindæmum stórvirkur og ritaði á milli 80 og 90 bækur á 20 ára rithöfundarferli. Hann er einn af frumkvöðlum raunsæisstefnu í bókmenntum og hafði mikil áhrif á aðra höfunda. Á það ekki síst við um Charles Dickens, Henry James, Gustave Flaubert og Fjodor Dostojevskí.

450 bls.

Skrúdda

IB



## Bjartmar

Þannig týmist tíminn

Bjartmar Guðlaugsson

Allt virðist leika í höndunum á Bjartmari, einum ástsæl-asta laga- og textasmið landsins. Hér segir hann sögur úr æsku sinni, að mestu sannar – sprenglæglegar, hugheilar. Þær lýsa tíðaranda og mannfólki í íslensku samfélagi svo af ber. Bókina prýða frábærar myndir höfundar auk fjölda ljóða og söngtexta. Enn hittir Bjartmar okkur í hjartastað.

280 bls.

Sögur útgáfa

IB



## Brú yfir boðaföllin


Steinunn Ósk

Brú yfir boðaföllin er fyrst og fremst bók um von, andlegan bata og þær aðferðir sem gerðu Steinunni Ósk kleift að sigrast á æskuminningum sem mörkuðust af kynferðisofbeldi og erfiðum heimilisaðstæðum. Hvernig hún byggði upp brotna sjálfsmynd og fann styrk og lífsgleði á ný. Bókin er uppgjör við erfiða fortíð og leiðarvísir að bjartari framtíð.

60 bls.

Óðinsauga útgáfa

KIL



## Eftirlýstur

Bill Browder

Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Sönn saga Bill Browders, sjóðsstjóra sem lenti upp á kann't við Putin forseta. Hörkuspennandi frásögn sem um leið er nítandi afhjúpun á rauverulegu stjórnarferi í Rússlandi. Um spillta olígarka, misnotkun valds, svik, mútur og misþyrmingar. Nú kominn í kilju.

374 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



### Elsku Drauma mín

Minningabók Sigríðar Halldórsdóttur  
Vigdís Grímsdóttir

Baráttukona, mannvinnur, móðir og heimasæta á Gljúfrasteini – Sigga Halldórs – lætur hugann reika og rifjar upp öll lífsins undur, ósigra og ævintýri. Hver minningin rekur aðra og hrífur lesandann, hryggir hann, hlægir eða grætir. Sigga er einstök manneskja og Vigdís Grímsdóttir skráir sögu hennar af fullum trúnaði við hana og tíðarandann.

303 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



### Elsku Lulla mín

Ritstj.: Helgi Ingólfsson

Á árum fyrir og um upphaf seinni heimsstyrjaldar á þjóðþekkt skáld ástarævintýri með einstæðri móður og reyna þau að láta ástarfundina fara leynt út af rygti skáldsins. Ganga turtildúfanna á milli eldheit ástarbréf og hefur þessi bók einkum að geyma bréf skáldsins til Lullu, elskunnar sinnar, en margvíslegan annan fróðleik að auki.

160 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



### Fátækt fólk

Tryggvi Emilsson

Lesari: Þórarinn Friðjónsson

Þórarinn Friðjónsson les frásögn Tryggva Emilssonar verkamanns af uppveiti sínum, móðurmissi og vöndum vistum. Bókin hefur engu glatað af styrk sínum og töfrum síðan hún kom fyrst út 1976.

🔊 11:00 klst.

Hljóðbók.is

HLB



### Gaddakylfan

Sagan sem ekki má segja

Kristján S. Guðmundsson

Gaddakylfan er ævisaga með meiru, þar sem Kristján S. Guðmundsson segir sögu sína sem spannar 37 ára starf á sjó og 15 ára starf að rannsóknnum sjóslýsa. Hérna segir hann hispurslaust frá ýmsu sem hann hefur upplifað á langri starfsævi.

509 bls.

ERF ehf

SVK



### Gamlar glefsur og nýjar

Vegprestar vísa veginn

Gunnar B. Eydal

Gunnar B. Eydal er Akureyringur, alinn upp undir fána KEA og SÍS. En ekki staðnæmdist hann undir þeim merkjum. Í árafjöld starfaði Gunnar sem skrifstofustjóri borgarstjórnar í Reykjavík. Skipti þá ekki máli hverjir sátu þar við stjórnvölinn. Er það nokkur mannlýsing. Glefsur þessar eru bæði vel skrifaðar, gagnorðar og lifandi. Og húmorinn á sínum stað!

160 bls.

Vestfirska forlagið

IB



### Heiða – fjalldalabóndinn

Steinunn Sigurðardóttir

Hvað rekur unga konu til að gerast sauðfjárboandi á afskekktum bæ í stað þess að verða fyrrsæta í New York? Keppa í rúningi í stað þess að drekka í sig stórborgarlíf? Hér dregur Steinunn Sigurðardóttir upp áhrifamikla mynd af sérstæðri kvenhetju.

Hér dregur Steinunn Sigurðardóttir upp áhrifamikla mynd af sérstæðri kvenhetju.

320 bls.

Bjartur

IB



### Historical Account of a Revolution on the Island of Iceland in the Year 1809

Ritstj.: Anna Agnarsdóttir o.fl.

Hér birtast í fyrsta sinn tvær samtímafrásagnir Jörgens Jörgensen um íslensku byltinguna 1809, en handritin eru varðveitt í British Library, London. Jörgensen útskýrir og réttlætir athafnir sínar á Íslandi. Nákvæmir reikningar hans yfir útgjöld sumarsins 1809 fylgja. Æviágrip, skýringar.

295 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Jón lærði og náttúrun náttúrunnar

Viðar Hreinsson

Höfundur leitar víða fanga í heimildum við að rekja æviferil Jóns lærða og hina mörgu, skapandi þætti í fari hans. Með kjölfestu í fjölþættri mynd af samfélagi, menningu og tíðaranda leiðir listfeng og hugnæm frásögn lesandann um náttúruskyn Jóns og samtíma hans, þekkingu, skynbragð, hugmyndir og heimsmynd í víðu samhengi evrópskrar hugmyndasögu.

752 bls.

Lesstofan

IB



### Kúbudagbókin

Óskar Árni Óskarsson

Sumarið 1983 stakk Óskar Árni Óskarsson fáeinum bókum og fataleppum niður í ferðatösku.

Ferðinni var heitið til Kúbu þar sem hann ætlaði að starfa í mánaðartíma ásamt nokkrum hópi Íslendinga og annarra Norðurlandabúa. Óskar hélt einstaka dagbók meðan á dvölinni stóð.

80 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB

KYNNTU ÞÉR  
ÚRVAL NÝRRAR  
BÓKA

**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**  
19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU  
Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



**Laddi**

*Þróunarsaga mannsins*

Gísli Rúnar Jónsson

Héltu að þú þekktir Ladda? Vertu ekki of viss í þinni sök. Hvernig var æska og uppvöxtur mannsins sem hefur kætt okkur áratugum saman?

Í þessari spennandi, einlægu og á köflum drepfyndnu bók, er sett fram þróunarkenning um manninn, sem kom okkur til að hlæja.

390 bls.

**Myndform**

IB



**Ljón Norðursins**

Bjarki Bjarnason

Ljón Norðursins frá Víkum á Skaga var listamannanafn Leós Árnasonar sem var um langt skeið umsvifamikill athafnamaður en sneri síðan baki við borgaralegu líferni og gaf sig listinni á vald. Í þessari einstöku bók rekur Leó lífshlaup sitt frá því hann var smaldrengur norður á Skaga þar til hann siglir á brott á Knerri sannleikans með óvæntan farþega um borð.

120 bls.

**Ljón Norðursins – útgáfa ehf**

IB



**Ljósín á Dettifossi**

*Órlagasaga*

Davíð Logi Sigurðsson

Stríðinu var að ljúka. Davíð Gíslason, stýrimaður á Dettifossi, beið þess með eftirvæntingu að komast aftur heim til eiginkonu og barna. Þá kom tundurskeytið. Dettifoss var eitt af síðustu skipunum sem þýskir kafbátar sökktu í síðari heimsstyrjöldinni. Þetta er saga um miklar fórnir og djúpa sorg, en einnig baráttuhug, vongleði og lífshamingju.

299 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



**Nóttin sem öllu breytti**

*Snjóflóðið á Flateyri*

Sóley Eiríksdóttir og Helga Guðrún Johnson

Nóttina sem snjóflóðið mikla féll á Flateyri var Sóley ein heima með stóru systur sinni og vini hennar. Klukkustundum saman lá hún undir snjó og braki meðan björgunarfólk leitaði í örverntingu. Sóley lifði af, en missti svo margt, aðeins 11 ára gömul. Hér rekur hún sögu sína og þorpsins síns fyrir og eftir hamfarirnar í einstaklega áhrifaríkri frásögn.

247 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB RAF



**Líf og list Aðalbjargar Jónsdóttur**

**Prjónað af fingrum fram**

Kristín Schmidhauser Jónsdóttir

Bókin fjallar um ævistarf prjónakonu sem fagnar 100 ára afmæli á þessu hausti. Höfundur er Kristín Schmidhauser Jónsdóttir handavinnukennari og sagnfræðingur. Hér er á ferðinni merk heimild um fatahönnun og textílsögu þjóðarinnar. Hinir handprjónuðu ullarkjólur Aðalbjargar vöktu athygli þegar þeir komu fram á síðustu öld og hafa brugðið ljósi á eiginleika og sérstöðu íslensku ullarinnar.

148 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB



**Súgfirðingur fer út í heim**

Guðbjartur Gunnarsson

Guðbjartur Gunnarsson í Súgandafirði átti sér þann draum að komast að því hvað væri handan fjallanna sem skyggðu á sólina. Hann stundaði nám í fjölmiðlun og kennslutækni við marga háskóla í Bandaríkjunum og Bretlandi. Gerðist heimkominn einn af fyrstu starfsmönnum íslensks sjónvarps. Kom víða við í sínu fagi. Er nú búsettur á Filippseyjum.

144 bls.

**Vestfirska forlagið**

KIL



**Tvisaga**

*Móðir, dóttir, feður*

Ásdís Halla Bragadóttir

Áhrifamikil saga móður Ásdísar Höllu Bragadóttur – og hennar sjálftrar. Hér segir frá ungri, einstæðri móður í Höfðaborginni, bræðrum sem sendir eru í fóstur á Silungapoll, unglingsstúlku sem smygjar læknaðópi inn á Litla-Hraun og mönnum sem hún heldur að séu feður hennar.

335 bls.

**Veröld**

IB



**Vestanfóru**

Finnur Torfi Hjörleifsson

*Vestanfóru* og *Landið gefur* kemur út í tilefni af 80 ára afmæli höfundar, Finns Torfa Hjörleifssonar.

Í *Vestanfórum* fjallar hann um sjósókn á barnsaldri, minningar frá skólagöngu á héraðsskóla og menntaskóla, frásagnir af útivist og náttúrunautn, ferðasögur og umfjöllum um bókmenntir og sitthvað fleira.

*Landið gefur* lýsir innlifun höfundar í ýmiss konar veiðiskap og söfnun náttúrugaða. Skotveiði, stangaveiði, fiskveiðar á hafi úti, tínsla berja og grasa koma hér við sögu.

236 bls.

**Skrúdda**

IB



**Við ána sem ekki var**

Guðmundur Óli Sigurgeirsson

Í þessum æskuminningum höfundar af Bakkabæjum á Rangárvöllum segir, eins og heitið ber með sér, frá ána sem ekki var lengur til staðar, en einnig útvarpsfólki sem býr í rafhlöðunni, jötunuxunum í fjóshaugnum, bóklestri á kamrinum og köppum Njálu ljóslifandi í næsta nágrenni. Á bænum er hvorki rafmagn, sími né rennandi vatn, en þar er gott mannlíf.

160 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB



**Vilji er allt sem þarf**

*Endurminningar séra Vigfúsar Þórs Árnasonar*

Ragnar Ingi Aðalsteinnsson

Séra Vigfús Þór hefur ekki alltaf farið troðnar slóðir. Hér segir af æsku hans og uppvexti, safnaðar- og félagsstarfi og litríkum samskiptum við alls konar fólk. Skemmtileg bók þar sem ætíð er stutt í hláturinn.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB



# Matur og drykkur



## Avocado

Hildur Rut Ingimarsdóttir

Matgæðingurinn Hildur Rut Ingimarsdóttir hefur brennandi áhuga á hollri og einfaldri matargerð. Í bókinni töfrar hún fram hollar, ljúffengar og auðveldar uppskriftir sem allar eiga það sameiginlegt að innihalda avocado ávöxtinn.

84 bls.

Betri lausnir ehf

SVK



## Bakað úr súrdeigi

Jane Mason

Þýð.: Hafsteinn Thorarensen

Grundvallarit um heim súrdeigsbaksturs. Bókin er kjörin fyrir þá sem vilja kynna súrdeigsgerð og töfra fram ljúffengar kræsingar í eldhúsinu heima. Uppskriftir bókarinnar eru aðgengilegar og fjölbreyttar – rúgbrauð, pítsabotna, vöflur, kanilsnúða og margt fleira má finna í bókinni. Og að sjálfsögðu allt úr súrdeigi!

160 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

SVK



## Eitthvað ofan á brauð


Nanna Rögnvaldardóttir

Þarftu að útbúa nesti, skipuleggja smáréttaveislu eða undirbúa kósíkvöld eða parti? Vantar þig hugmyndir að áleggi á brauðið, einhverju til að smyrja á kexið eða ídýfu fyrir flögurnar og grænmetið? Hér er gnægð uppskrifta að einföldu góðgæti fyrir hvers kyns tækifæri: Smurostar, grænmetismauk og ídýfur, holl salöt, kæfur og paté, sultur og sætmeti.

145 bls.

Forlagið – Iðunn

SVK



## Eldhús grænkerans

Hanna Hlíf Bjarnadóttir og Katrín Rut Bessadóttir

Myndir: Rut Sigurðardóttir

*Eldhús grænkerans* inniheldur um 120 uppskriftir að ljúffengum grænmetisréttum fyrir öll tilefni. Réttirnir henta öllum og er tilvalin fyrir þá sem vilja auka fjölbreytni í eldamennsku sinni og auka vægi grænmetisréttanna á matarborði fjölskyldunnar.

Í bókinni er sérstakur kafli um veganhræfni og flesta réttina má gera vegan á einfaldan hátt. Að auki má finna fjölda góðra ráða um nýtingu og mikil áhersla er lögð á að gera sér mat úr öllu hræfni.

134 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



## GOTT

Réttirnir okkar

Berglind Sigmarsdóttir og Sigurður Gíslason

Veitingastaðurinn GOTT í Vestmannaeyjum hefur slegið í gegn. Listakokkarnir og fagurkerarnir Sigurður Gíslason og Berglind Sigmarsdóttir eru landsþekkt fyrir matargerð sína og ber GOTT þess glöggt merki að þar er nostrað við hvert smáatriði, jafnt við matreiðsluna og útfærslu réttanna. Fyrri bækur Berglindar og Sigurðar, *Heilsuréttir fjölskyldunnar* og *Nýir heilsuréttir fjölskyldunnar*, náðu metsölu og eru notaðar í þúsundum eldhúsa landsmanna.

144 bls.

Bókafélagið

IB



Læknirinn í eldhúsinu

## Grillveislan

Ragnar Freyr Ingvarson

Ógleymanleg stemmning og ógleymanlegt grillbrað. Nú kveikir Læknirinn í eldhúsinu á grillinu og ilmur af snarkandi kolum, safaríku kjöti, seiðandi sjávarfangi og glóðarsteiktu grænmeti breiðist um garða. Bók fyrir bæði byrjendur og lengra komna.

192 bls.

Sögur útgáfa

IB

Stærsta bókabúðin er á netinu!

HEIMKAUP 

» Sendum samdægurs!

Sendingar berast íbúum höfuðborgarsvæðisins samdægurs og íbúum landsbyggðarinnar daginn eftir að pantað er.

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S. 550-2700



### Holt nesti, morgunmatur og millimál

Rósa Guðbjartsdóttir

Stúfyll bók af hugmyndum að ljúffengu og hollu nesti, morgunmat og millibitum. Rósa Guðbjartsdóttir, matgæðingur, er hér með frábærar hugmyndir að nesti í skólann, vinnuna, ferðalagið eða útivistina. Lögð er áhersla á einfaldar uppskriftir sem henta öllum. Bók fyrir alla þá sem huga að hreinu og hollu mataræði og heilbrigðum lífsstíl.

128 bls.

Bókafélagið

IB



### Hreint í matinn

Guðrún Bergmann

*Hreint í matinn* er matreiðslu- og fræðslubók fyrir þá sem þurfa að forðast glúten, mjólk og sykur í fæði sínu. Í bókinni er að finna fjölda uppskrifta að öllum helstu málsverðum dagsins og uppskriftir að bökuðum og óbökuðum kökum og kræsingum, svo og nokkra eftirrétti. Fæðan er eldsneyti líkamans og þegar við gerum matinn að lækningarlyfi hans fær hann tækifæri til að endurnýja sig og heila.

144 bls.

G. Bergmann ehf.

Dreifing: Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



### Íslensk ofurfæða

– villt og tannin


Áslaug Snorradóttir

Lífið er veisla til að njóta. Hér nýtir Áslaug Snorradóttir hollt og ferskt hráefni af nægtaborði íslenskrar náttúru til að skapa kræsingar sem leika við skynfærin með gómsætu bragði, litum og lokkandi ilmi. Leitað er fanga í og á jörðinni, í gróðurhúsum og úti í móa og í fjöru, sjó og vötnum. Allt er þetta nýtt af frábærri hugmyndaauði og listfengi.

240 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK



### Kökugleði Evu

Eva Laufey Kjaran Hermansdóttir

Myndir: Karl Petersson

Gullfalleg bók sem hefur að geyma uppskriftir að rúmlega 80 ljúffengum kökum af öllum stærðum og gerðum. Í henni má finna kökur fyrir öll tilefni, allt frá smábitakökum að brúðartertum. Eva Laufey er annálaður sælkeri og í bókinni deilir hún uppskriftum að uppáhaldskökunum sínum með lesendum. Uppskriftirnar í bókinni eru fjölbreyttar og afar aðgengilegar.

Bókina prýða glæsilegar ljósmyndir eftir Karl Petersson.

200 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



### Létt og litríkt

Nanna Rögnvaldardóttir

Við gerum okkur æ betur grein fyrir áhrifum hollrar næringar á heilsu og vellíðan og mikilvægi þess að hugsa um það sem við borðum. Í þessari bók leggur Nanna áherslu á gómsætan og ferskan en um leið hollan, auðvelvan og góðan heimilismat úr aðgengilegu hráefni: Morganverð, léttu rétti, snarl og kvöldverð fyrir fjölskylduna.

160 bls.

Forlagið – Iðunn

IB



### Lifðu til fulls

Yfir 100 ómótstæðilegar og einfaldar uppskriftir fyrir orku og ljóma

Júlía Magnúsdóttir

Uppskriftirnar í þessari metsölubók eru einfaldar, fjótlegar og hæfa vel fólki sem á annrikt. Þær henta allri fjölskyldunni og eru plöntumiðaðar, þó er sérkaflki með kjötréttum. Réttirnir eru lausir við sykur og glúten og henta flestir vel þeim sem eru vegan. Ómissandi leiðarvísir að bættum lífsstíl. – Ljómi og orka með hverjum bita!


245 bls.

Lifðu til fulls

Dreifing: Sögur útgáfa

IB

KYNNTU ÞÉR  
ÚRVAL NÝRRÁ  
MATREIÐSLUBÓKA



# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

HELGINA 19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU

Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



### Máttur matarins

Fæða sem forvörn

Unnur Guðrún Pálsdóttir og Þórunn Steinsdóttir  
Myndir: Gunnar Sverrisson

Hvaða matur eflir heilsuna og styrkir líkamann og hvað ættum við að forðast? Ein mikilvægasta forvörn gegn sjúkdómum er að koma sér upp góðum lífsvenjum og borða mat sem vinnur gegn meinum. Þórunn og Lukka veita hér ítarlegar leiðbeiningar um efnid og koma með fjölda girnilegra og aðgengilegra uppskrifta sem efla heilsuna og gleðja bragðlaukana.

280 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



### Mensa

Matur, minningar og litlir hlutir sem skipta máli  
Ingibjörg Ásta Pétursdóttir

Mensa er matreiðslubók með sál. Full af meiriháttar uppskriftum, en ekki síst krydduð með skemmtilegum, jafnvel æsilegum, sögum frá ferli Ingibjargar við kokkastand í Frakklandi og Marokkó og við rekstur á veitingahúsinu Mensa Café við Lækjargötu, Mensa veisluþjónustu og síðar Hótel Flateyjar.

210 bls.

Crymogea

IB



### Mömmubitar

Aníta Briem og Sólveig Eiríksdóttir

Þegar Aníta Briem gekk með dóttur sína leitaði hún án árangurs að einfaldri bók á mannamáli um mat og hollustu á meðgöngu. Hún víðaði því að sér fróðleik, ræddi við lækna, heilsusérfræðinga og aðrar mæður og fékk Söllu Eiríks í lið með sér til að semja uppskriftir. Frábær leiðarvísir um næringu og heilbriggt líf á meðgöngu.

208 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



### Ómótstæðileg Ella

Ella Mills

Þýð.: María Rán Guðjónsdóttir

Ella Mills er ein skærasta stjarna Bretlands á sviði matargerðar. Ómótstæðileg Ella sló í gegn þegar hún kom út árið 2015 og hefur nú verið gefin út í 20 löndum. Einfeldar og ljúffengar jurtafæðisuppskriftir fyrir alla sem vilja góða orku og jafnan blóðsykur. Líka vegan. Engar öfgar, bara gleði.

256 bls.

Angústúra

IB



### Plokkfiskbókin

Eiríkur Örn Norðdahl

Plokkfiskbókin eftir rithöfundinn, áhugakokkinn og Ísfríðinginn Eirík Örn Norðdahl inniheldur riflega 30 uppskriftir að plokkfiski, hefðbundnar og framandlegar, nýjar og gamlar, sem henta ýmist fisk-, kjöt- eða grænmetisætum. Auk uppskriftanna er millispil um allt milli himins og jarðar svo bókin hentar hvort sem er sem handbók í eldhúsinu eða afþreying á náttborðið.

176 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



### Stóra bókin um villibrað

Úlfar Finnbjörnsson

Myndir: Karl Petersson

Sannkallað alfræðirit fyrir alla veiðimenn, matgæðinga og áhugafólk um nýtingu villibraðar. Þessi glæsilega bók er full af fróðleik, upplýsingum um verkun og ómótstæðilegum sækerauppskriftum. Hún hefur verið ófáanleg um árabil en kemur hér fyrir sjónir lesenda talsvert aukin, m.a. með nýjum kafla um ferskvatnsfiska. Það má því segja að hún innihaldi nær alla íslenska villibrað og upplýsingar um allt frá skoti til skeiðar.

312 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



### Stóra smákökubókin

Fanney Rut Elínardóttir

Myndir: María Elínardóttir

Gullfálleg bók með 55 smákökuuppskriftum. Smákökubakstur er rík hefð á Íslandi. Í þessari bók eru gamlar og góðar kökur sem hafa lifað með þjóðinni en einnig nýjar og spennandi uppskriftir. Auk þess nokkrar án sykurs. Þetta er ómissandi bók á hverju heimili.

132 bls.

Drápa

SVK



### Úr búri náttúrunnar

-uppskriftir og annar fróðleikur

Jón Viðir Hauksson o.fl.

Úr búri náttúrunnar, bók með uppskriftum Sigmars B. Haukssonar. Uppskriftirnar koma flestar úr handskrifadri samnefndri kompu. Bókin er full af skemmtisögum og prýdd ljósmyndum af réttunum og frá ævi Sigmars. Með hverri uppskrift er tillaga að víni, sem Sigmari þótti ómissandi þáttur góðrar máltíðar. Rúmlega 200 síður.

Sökkólfur

IB



### Pinn eigin bjór

– skref fyrir skref

Greg Hughes

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Pinn eigin bjór leiðbeinir byrjendum jafnt sem lengra komnum um hvaðeina sem þarf til að brugga sinn eigin eðalbjór. Bókin inniheldur 100 fjölbreytilegar bjór- uppskriftir úr víðri veröld ásamt aragrúa gagnlegra bruggráða og ljósmyndir leiða fólk af einu stigi á annað. Ítarlega er fjallað um sögu bjórgerðar, búnað og hræfni í sérstökum bókarhluta.

224 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB

Stærsta **bókabúðin** er á netinu!


**HEIMKAUP**

» Frí heimsending!

Allar pantanir yfir **4.000 kr.** eru sendar frítt heim að dyrum hvert á land sem er.

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S. 550-2700

# Fræði og bækur almenns efnis



## 1000 punktar


Borgarmyndir  
Thomas Pavitte

Tuttugu borgarmyndir til að klára. Tengdu punktana og sjáðu myndina birtast!

50 bls.

Edda útgáfa

SVK



## 7 venjur til árangurs

Óflugur lærdómur til persónulegrar forystu

Stephen R. Covey

Þýð.: Guðrún Högnadóttir og Róbert H. Haraldsson

Inng.: Jim Collins

7 venjur til árangurs eftir Stephen R. Covey er tímalaus metsölbók sem hefur fangað hug og hjórtu lesenda í meira en 25 ár. Bókin er ein áhrifamesta og mest seldi bók um stjórnun, persónulega forystu og árangur frá upphafi og hefur selst í yfir 25 milljónum eintaka og trónir enn á topp 10 metsöluhlusta NY Times.

410 bls.

Útgáfufélagið Vegferð

KIL



## Af sál

Ritstj.: Andri Steinþór Björnsson o.fl.

Bók til heiðurs Álfheiði Steinþórsdóttur sálfræðingi sjötugri. Hér má finna fjölda greina eftir samstarfsfólk hennar, vini og fjölskyldu. Efni þeirra er af ýmsum toga. Sumar fjalla um Álfheiði sjálfa og lífshlaup. Aðrar um hugðarefni s.s. sálræna meðferð, þroska einstaklingsins o.fl. úr fjölbreyttu starfi sálfræðinga á ýmsum sviðum þjóðlífsins.

314 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



## Aldrei vekja mig

sagan um íslenska EM-draumim

Sölvi Tryggvason

EM-ævintýri íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu sumarið 2016 mun seint líða þjóðinni úr minni. Hér er ferðalaginu – allt frá mótnu núverandi A-landsliðs til hinna ótrúlegu vikna í Frakklandi – lýst á skemmtilegan og aðgengilegan hátt af Sölva Tryggvasyni. Inn í söguna fléttast frásagnir stuðningsmanna sem lögðu leið sína á mótið, auk þess sem fjöldi litmynda prýðir bókina svo úr verður eigulegur minnisvarði um eitt mesta íþróttævintýri síðari ára.

192 bls.

Moli

IB



## Allra meina bót

Hreyfing bætir líðan og lengir lífið

Anders Hansen og Carl Johan Sundberg

Þýð.: Hólmfríður K. Gunnarsdóttir

Góð heilsa alla ævi er ómetanleg – og hreyfing er mikilvægasta töfralyfið! Hreyfing hefur jákvæð áhrif á líkama og sál, minni og einbeitingu. En hvernig á að hreyfa sig til að heilsufarsávinningur verði sem mestur? Fróðleg bók byggð á nýjustu rannsóknunum: Engar skyndilausnir eða öfgar, einungis heilbrigð skynsemi.

160 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



## Almanak fyrir Ísland 2017

Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk dagatalis flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll og gang himintungla. Fjallað er um þyngdarbylgjur sem vísindamönnum hefur tekist að mæla og opna nýja sýn á alheiminn. Þá er fjallað um vísbendingar sem fundist hafa um áður óþekkt reiki-stjörnu. Loks eru í almanakinu upplýsingar um helstu merkisdaga nokkur ár fram í tímann.

96 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



## Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags 2017

Árbók Íslands 2015


Ritstj.: Jón Árni Friðjónsson, Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk Árbókar HÍB fyrir árið 2015 og dagatalis geymir almanakið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll, gang himintungla, stjörnukort, áttavítastefnur, tímabelti heimsins, yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar og merkisdaga næstu ára.

176 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



## Andlit

förðunarbók

Harpa Káradóttir

Glæsileg íslensk bók um förðun eftir Hörpu Káradóttur. Farið er yfir allt sem vert er að vita um förðun og er bókin full af fróðleik, góðum ráðum og fjölda uppskrifta að förðunum fyrir hin ýmsu tækifæri. Fyrirsætur bókarinnar eru á öllum aldri en á þriðja tug íslenskra kvenna sitja fyrir á myndum. Ljósmyndir eru eftir Snorra Björnsson.

140 bls.

Fullt tungl

IB



## Andvari 2016, 141. árg.

Ritstj.: Gunnar Stefánsson

Aðalgreinin er ævipáttur um Ólaf Björnsson alþingismann, sem lengi var prófessor við viðskiptadeild H.Í. og einn helsti hagfræðingur þjóðarinnar á sinni tíð. Aðrar greinar í ritinu fjalla m.a. um Pál Skúlason heimsspeking og háskólaректор, um skáldsögur Auðar Jónsdóttur, *Adventu* Gunnars Gunnarssonar og lífhyggju í ritum Sigurðar Nordals.

174 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Approaches to Nordic and Germanic Poetry

Ritstj.: Kristján Árnason o.fl.

Efni byggt á formpætti germanskrar kveðandi, frá Hildi-brandsljóði til rímna. Meðal annars segir frá tilraun Engendinga til að endurvekja stuðlun á 14. öld, bragfræðilegri bindingu kenninga í dróttkvæðum, sérkennum fornryðislags og ljóðaháttar í samanburði við annan skyldan kveðskap og deilum um gildi rímna á 19. öld.

354 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Auðnaróðal

Baráttan um Ísland, 1096–1281

Sverrir Jakobsson

Í bókinni eru pólitísk átök ófriðaráranna á 12. og 13. öld sett í nýtt samhengi þar sem áhersla er lögð á hlutdeild fleiri en fáeinna höfðingja. Við sögu koma höfðingjar, húsfreyjur, vígamenn, frillur, fræðimenn, fróðleikskonur og flakkarar. Spannandi saga um átök og örlög á ófriðarárd. Íslandssagan í nýju og stundum óvæntu ljósi.

337 bls.

Sögufélag

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

SVK



### Austfirskar tröllasögur

Austfirsk safnrit VI

Samant.: Aldís Fjóra Borgfjörð, Hrafnkatla Eiríksdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir

Bókin hefur að geyma 34 sögur af tröllum og hálf-tröllum á Austurlandi sem víða sjást menjar um í náttúrunni og örnefni vitna um.

72 bls.

Gunnarsstofnun

KIL



### Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar

Guðrún Ingólfsdóttir

Bókin fjallar um sambúð íslenskra kvenna og bóka frá miðöldum fram til 1730. Lítið sem ekkert er varðveitt af prentbókum úr eigu kvenna frá þessum tíma en allmörg handrit. Sýnt er hvernig handrit kvenna nýttust í höndum þeirra en auk þess er víða leitað fanga í prentuðum heimildum og handritum um skrifarfærni kvenna.

352 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Árbók Akurnesinga 2015

Ritstj.: Kristján Kristjánsson

15. bindi *Árbókar Akurnesinga* hefur m.a. að geyma viðtal Önnu Láru Steindal við Svein Kristinsson og greinar eftir Ásmund Ólafsson og Ingibjörgu Pálmadóttur.

208 bls.

mth útgáfa

KIL



### Árdagar Íslendinga

Kenningar um uppruna Íslendinga & landnámið  
Guðmundur G. Þórarinnsson

Í *Árdögum Íslendinga* er í fyrsta sinn safnað á einn stað öllum helstu heimildum og kenningum um uppruna Íslendinga og landnám Íslands. Sagan er rakin allt frá elstu heimildum um fund Íslands en ljósinu einnig beint að djörfum hugmyndum um mögulegan uppruna Íslendinga. Bókin er fengur fyrir alla sem vilja kynna sér uppruna þjóðarinnar betur.

426 bls.

Einir útgáfa

IB



### Ásýnd heimsins

Um listir og fagurfræði í hugmyndaheimi nútímans

Gunnar J. Árnason

Listir og fagurfræði hafa gegnt stóru hlutverki í kenningum margra af helstu hugsuðum nútímans frá 18. öld fram undir lok 20. aldar. Hvernig hafa kenningar um listir mótað hugarheim okkar og hugmyndir um heiminn, náttúruna og mannlega tilveru?

250 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Bandaríkjaforsetar

Jón Þ. Þór

Æviþættir allra fjörutíu og fjögurra forseta Bandaríkjaanna frá George Washington til Baracks Obama.

Stórfróðleg bók og skemmtileg aflestrar.

431 bls.

Urður bókafélag

IB



### Best of Iceland

Einar Th. Thorsteinsson


*Best of Iceland* fjallar um þá margbreytilegu þjónustu, afþreyingu og upplifun sem Ísland hefur upp á að bjóða. Henni er skipt í landshluta og kort sem eiga við hvern hluta, auk þess sem hana prýðir mikilli fjöldi glæsilegra ljósmynda. Tilvalin Íslandskynning, gjöf fyrir þá sem sækja okkur heim eða eru búsettir erlendis.

216 bls.

Land og saga Media

IB





### Biblían

Biblían, höfuðtrúarrit kristinna manna og sú bók sem mest hefur mótað vestræna menningu, er nú fánleg í rafrænni útgáfu, sem gerir textann aðgengilegan öllum – ekki síst ungu fólki og öðrum sem vilja kynna sér boðskap hennar og sögu. Biblían er gefin út í samstarfi við Hið íslenska Biblíufélag, sem annast hefur útgáfu íslenskra Biblíu frá 1815 og horfir hér inn í nýja öld.

**Forlagið – JPV útgáfa**

RAF



KAUPMANNAHAFNARBÓKIN

### Borgin við Sundið

*Leiðarvísan um kóngsins Kaupmannahöfn*  
Tryggvi Gíslason

Kaupmannahafnarbókin, *Borgin við Sundið*, er rituð fyrir þá sem kynnast vilja sögu þessarar gömlu höfuðborgar Íslands. Upplýsingar eru um atburði í sögu borgarinnar, byggingar, stræti og torg ásamt fróðleik um persónur sem sett hafa svip á borgina. Farið er með lesandann í gönguferðir um staði tengda sögu Íslands og Íslendinga. Bókin er ríkulega myndskreytt og þar eru netföng hótela, veitingahúsa og skemmtistaða.

166 bls.

**Sagaz ehf**

SVK



### Bókin um veginn

Lao Tse

Þýð.: Jakob J. Smári og Yngvi Jóhannesson

Formáli: Halldór Laxness

Eitt af fornum öndvegisritum heimsins, ríflega tvö þúsund og fimm hundruð ára gömul kínversk speki eftir Lao-Tse. Bókin er í senn stutt og óendanleg, auðskilin og óræð, enda geymir hún djúpa vísu um veröldina og heilræði um mannlega breytni og farsæl samskipti fólks; hún boðar gæfu og sátt.

112 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB ENDUR ÚTGÁFA



### Bréf Jóns Thoroddsens

Samant.: Már Jónsson

Jón Thoroddsen (1818–1868) er þekktur fyrir skáldsögur sínar *Pilt og stúlku* og *Mann og konu*, auk þess sem mörg ljóða hans lifa góðu lífi í söng og lestri. Hér eru birt einkabréf til Jóns og frá honum ásamt úrvali embættisbréfa hans. Bókinni er ætlað að bregða birtu á manninn á bak við skáldskapinn, einstaklinginn og embættismanninn.

343 bls.

**Sögufélag**

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

SVK

KYNNTU ÞÉR  
ÚRVAL NÝRRRA  
BÓKA



**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**

**19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU**

Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



### Capturing the Northern Lights

*A Photo Guide*

Sigurður William Brynjarsson

Ljósmyndarinn Sigurður William Brynjarsson hefur undanfarið ár farið með ferðamenn í skipulagðar norðurljósaferðir og fræðir hér lesendur um hvernig best er að taka myndir af þessum óviðjafnanlegu náttúruferibærum. Hollráð hans og skýr framsetning gera áhugamönnum kleift að taka myndir eins og atvinnumenn.

71 bls.

**Forlagið**

SVK



### Childhood, Youth and Upbringing in the Age of Absolutism

*An Exercise in socio-democratic analysis*

Loftur Guttormsson

Þessi bók kom fyrst út á íslensku 1983 undir titlinum *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Hér birtist hún í fyrsta sinn á ensku í þýðingu Kenevu Kunz. Þetta er brautryðjandaverk í fjölskyldusögu Íslands á 18. öld, þar sem íslenskur raunveruleiki er settur í alþjóðlegt samhengi.

330 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK



### Dagdraumar

Hanna Karlzon

Í litabókaveröld Hanna Karlzon getur þú með litum látið drauma þína rætast. Hér getur þú skapað litrík blóm, töfrandi fugla, neðansjávardýr og himnesk smáhyzi. Einu takmörkin sem þér eru sett er hugmyndaflugði. Litabækur Hanna Karlzon njóta mikilla vinsælda um allan heim.

96 bls.

**Draumsýn**

SVK



Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

### Dauði harmleiksins

George Steiner

Þýð.: Trausti Ólafsson

George Steiner er fræðimaður af gamla skólanum, Evrópumaður sem er þaulkunnugur menningu, listum og tungumálum álfunnar. Þessi bók ber kunnáttu hans skýrt vitni og hefur fram að færa ógrandi kenningu um sögu og afdrif harmleiksins allt frá Æskilosi til Shakespeares og fram til nútímans. Trausti Ólafsson þýddi og ritaði inngang.

463 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB



### Deilt á dómara

Jón Steinar Gunnlaugsson

Þessi tímamótabók Jóns Steinars Gunnlaugssonar er nú fánleg á nýjan leik í kilju. Æðsti dómstóll réttarríkisins er sú stofnun sem borgararnir verða að geta treyst.

Höfundur bókarinnar segir hér frá sex hæstaréttarmálum þar sem reynir á mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar.

138 bls.

**Almenna bókafélagið**

KIL ENDUR ÚTGÁFA



### Einn af okkur

Saga af samfélagi


Ásne Seierstad

Þýð.: Sveinn H. Guðmarsson

Áhrifamikil lýsing á voðaverkunum í Ósló og Útey 22. júlí 2011, en um leið mikilvæg samtímasaga um von og höfnun, ást og fordóma. ★★½ KB/Mbl. „Það eiga allir að lesa þessa bók ... Frábærlega gert.“ FB/Kiljan. „Ótrúlega mögnuð og merkileg bók ... ómögulegt að leggja hana frá sér. Bók sem breytir fólki.“ BB/Frbl. 571 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

SVK



### Eitthvað annað

Björn Þorsteinsson

Bók þessi hefur að geyma greinar og erindi sem hverfast öðru fremur um spurninguna um þá óeirð sem ein-kennir mannveruna og hugsun hennar um veruleikann. Er allt í góðu lagi og hinn fullkomni heimur hlutskipti okkar – eða þurfum við að halda áfram leitinni, er ennþá ástæða til að biðja um eitthvað annað en það sem við blasir?

260 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK



### Elliðaárdalur

Perla Reykjavíkur

Árni Hjartarson og Helgi Máni Sigurðsson

Ritstj.: Ivar Gissurarson

Í Elliðaárdal sem nýtur borgarverndar vegna náttúru sinnar og útivistarmöguleika leynist margt sem vert er að gefa gaum. Þar ber fyrst að nefna sjálfa náttúruna, þ.e. gróðurfar, fuglalíf og fjölbreytilega jarðfræði, en ekki má heldur gleyma merkilegum sögustöðum og friðlýstum minjum. Allt þetta og svo miklu fleira er að finna í þessari nýju og ríkulega myndskreyttu bók.

232 bls.

**Nýhöfn**

IB



### Ensk-íslenska orðabókin

Dóra Hafsteinsdóttir, Helga Þórarinsdóttir, Ingrid Markan, Jón Skaptason, Sigríður Harðardóttir og Þórunn Hafstein *Ensk-íslenska orðabókin* er endurbætt útgáfa hinnar geysivinsælu *Ensk-íslensku skólaorðabókar* frá 1986. Uppflettið eru um 40.000 og fjöldi orða og orðasambanda úr daglegu máli. Í bókinni er einnig að finna margvíslegar málfræðilegar upplýsingar og fróðleik um notkun, málsnið og merkingu.

872 bls.

**Forlagið**

SVK

ENDUR  
ÚTGÁFA

### Exploring Iceland's Geology

Snæbjörn Guðmundsson

Þýð.: Katrina Downs-Rose

Hér er á skilmerkilegan hátt fjallað um jarðfræði og jarðsögu 50 áningarstaða í öllum landshlutum. Sagt er frá því hvernig viðkomandi staðir mynduðust, hvað ein-kennir þá og síðast en ekki síst hvað þar er merkilegast að skoða. Einstaklega glögg og fræðandi lýsing á náttúru Íslands ætluð erlendum ferðamönnum og öðru áhuga-fólki um jarðfræði Íslands.

168 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

SVK



### Fánýtur þjóðlegur fróðleikur

Ásgeir Berg Matthíasson og Siggeir F. Ægisson

Myndskr.: Bjarney Hinriksdóttir og José Vásquez

*Fánýtur þjóðlegur fróðleikur* er bókinn sem landsmenn hefur vantað upp í rúm á kvöldin. Og í sumarbústaðinn. Og í ferðalagið. Og bara hvar sem er. Þetta er bókinn sem kætir og hressir. Hér er kominn vænn skammtur staðreynda af því tagi sem þér datt aldrei í hug að þig langaði að þekkja – en munt síðan aldrei framar vilja vera án.

188 bls.

**Sögur útgáfa**

IB

## » Sendum samdægurs

Nú getur þú látið okkur senda til vina og vandamanna erlendis.

Við getum meira að segja pakkað gjöfinni inn og skrifað á kortið!

Stærsta bókabúðin er á netinu!

HEIMKAUP

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S. 550-2700



### Fátækt og fúlga

*Purfalíngarnir 1902*

Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon  
Fátækt hefur verið ráðamönnum hugleikið viðfangsefni allt frá landnámi. Umræðan fékk aukid vægi á dögum upplýsingarinnar. Árið 1902 lét Alþingi gera yfirgripsmikla skrá yfir alla þá sem þegið höfðu af sveit það árið og töldust til þurfalínga. Hér er fjallað um starf nefndarinnar, skráin birt í heild sinni og viðbrögð þingheims við tillögum hennar.

430 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Fléttur IV

Ritstj.: Sólveig Anna Bóasdóttir o.fl.

Fjallað er um sögu, hugmyndaheim og aðstæður kvenna í kenningalegu og persónulegu samhengi. Höfundar tengja rannsóknarefni sín við ömmur sínar/langömmur og/eða konur sem tengdust þeim með einum eða öðrum hætti. Markmiðið er að segja sögur kvenna í lok 19. og á fyrri hluta 20. aldar og varpa ljósi á framlag þeirra, stöðu og aðstæður.

290 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Forystufé

Ásgeir Jónsson frá Gottorp

Bókin *Forystufé* eftir Ásgeir frá Gottorp er nú komin út í annarri útgáfu, með margs konar ítarefni, bókarauka og myndefni. Hér eru á ferðinni einstakar hetjusögur af sauðfé og baráttu upp á líf og dauða. Sögur Ásgeirs lýsa ótrúlegum vitmunum og náttúrugreind þessarar dularfyllu skepnu en einnig aldalöngu ástarsambandi manns og sauðkindar.

468 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



### Frygð og fornar hetjur

*Kynlíf í Íslendingasögum*

Óttar Guðmundsson

Í þessari bók skrifar Óttar Guðmundsson geðlæknir um kynlíf og ástir á söguöld. Árið 2012 gaf Óttar út met-söluþókina *Hetjur og hugarvil* sem fjallaði um geðsjúkdóma og persónuleikaraskanir í sögunum. Nú gengur hann skrefinu lengra og gægist undir rekkjuvöðirnar í baðstofum og skálum söguvaldar og lýsir því sem fyrir augu ber.

234 bls.

Skrúdda

KIL



### Fræðinæmi

Ásdís Egilsdóttir

Í tilefni af sjötuáfsafmæli Ásdísar Egilsdóttur, prófessors í íslenskum miðaldabókmenntum, hafa nokkrir starfsfélagar hennar tekið saman afmælisritið *Fræðinæmi*, henni til heiðurs. Í ritinu eru alls 22 greinar um helgisögur, jarteinir, kynferði, minni, menntun og fleiri viðfangsefni.

380 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



### Fyrsti arkitektinn

Rögnvaldur Ágúst Ólafsson og verk hans

Björn G. Björnsson

Rögnvaldur Ágúst Ólafsson hefur verið kallaður fyrsti íslenski arkitektinn. Hann teiknaði fjölda bygginga víða um land, margar meðal þess fegursta sem til er í íslenski húsagerð. Má þar nefna Húsavíkurkirkju, Hafnarfjarðarkirkju og Pósthúsið í Reykjavík. Vífilsstaðahælið var hans stærsta verk en þar lést hann sjálfur úr berklum, aðeins 42 ára.

240 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



### Fyrstu forsetarnir

*Embætti þjóðhöfðingja Íslands á 20. öld*

Guðni Th. Jóhannesson

Í bókinni er fjallað um embætti forseta Íslands frá upphafi til loka síðustu aldar. Rakið er hvernig embættið þróaðist í tíð þeirra forseta sem sátu Bessastaði á 20. öld, Sveins Björnssonar, Ásgeirs Ásgeirssonar, Kristjáns Eldjárns og Vigdísar Finnbogadóttur.

200 bls.

Sögufélag

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

SVK



### Gagnrýni og gaman

*Samræður og spurningalist*

Jón Thoroddsen

Bókin er framlag til gagnrýnnar umræðu í skólastarfi og er ætluð kennurum sem vilja þróa með sér spurningalist. Hún lýsir tilraunum í kennslustundum og er í senn leit og uppgötvunarnám kennara og nemenda. Áhersla er lögð á ímyndunaraflid og skapandi hugsun á kostnað strangrar rökhyggju.

172 bls.

ÍÐNÚ útgáfa

SVK



### Gjaldeyriseftirlitið

*Vald án eftirlits?*

Björn Jón Bragason

Setning gjaldeyrishafta og stofnun sérstaks Gjaldeyriseftirlits Seðlabankans er fordæmalaus kafla í íslenskri réttarfarssögu. Kærur bankans á hendur einstaklingum og fyrirtækjum höfðu afdrifarík áhrif hjá þeim sem fyrir þeim urðu. Björn Jón Bragason, lögfræðingur, fer hér yfir vinnubrögð bankans við eftirlitið sem snerti hundruð einstaklinga og fyrirtækja. Þar kemur fjölmargt athyglisvert fram. Niðurstaðan er mögnuð bók um skritið tímabil í sögu þjóðar.

252 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



### Gnist - kennslubók í dönsku

*1. þrep*

Myndskr.: Jens Monrad

Ritstj.: Randi Benedikte Brodersen og Brynja Stefánsdóttir  
Ný kennslubók í dönsku fyrir nemendur á 1. þrepi í framhaldsskóla. Hún hefur að geyma fjölmarga stutta texta, bæði smásögur og ljóð, en auk þess teiknimyndasögu og myndskreytingar. Höfundarnir eru frá Danmörku, Íslandi, Grænlandi og Færeyjum og sögurnar fjalla um margvísleg málefni ungs fólks.

150 bls.

ÍÐNÚ útgáfa

SVK



**Gripla XXVI**

Ritstj.: Emily Lethbridge o.fl.

Gripla er ritrýnt tímarit sem kemur út einu sinni á ári. Það er alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir á sviðum íslenskra og norræna fræða. Í XXVI hefti (2015) eru sjö fræðigreinar, m.a. um forníslenskan kveðskap, Landnámu, þýðingar og rímur.

300 bls.  
**Háskólaútgáfan**

SVK

**Guð sem kemur á óvart**

Gerard Hughes

Þýð.: Vigfús Ingvar Ingvarsson

Þetta er þekktasta bók höfundarins og hefur verið þýdd á yfir 20 tungumál. Gamalli vísku og reynslu er miðlað til nútímafólks. Hughes (1924–2014) var maður íhugunar og bænar en jafnframt baráttu gegn þjóðfélagslegu óréttlæti, stríðsæsingum og umhverfisvá. Alvarleg mál eru stundum sett fram í gamansömum tón þegar varað er við trúarlegri hræsni.

200 bls.

**Bókstafur**

KIL

**Gullöld bílsins**

Glesivagnar risanna þriggja 1946–1960

Örn Sigurðsson

Á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar voru risarnir þeir, General Motors, Ford og Chrysler, nær allsráðandi á bílamarkaði heimsins. Um leið átti sér stað mesta bylting í tækni og hönnun sem sést hefur og glæsilegustu bílar sögunnar litu dagsins ljós. Í *Gullöld bílsins* er þetta minnistæða tímabil rifjað upp með yfir 400 myndum af flottustu bílunum. Greint er frá því helsta sem gerðist á þessum árum og stiklað á stóru í sögu framleiðendanna.

Ómissandi bók fyrir alla bílaáhugamenn.

152 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB

**Hafbókin**

listin að veiða risaháfisk á gúmmúþáti fyrir opnu hafi árið um kring

Morten A. Stróksnes

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Tveir menn á litlum báti. Skrimslí í hafdjúpinu undir þeim. Gamli vinir ásetja sér að veiða risavaxinn hvítan hákarl úti fyrir lítilli eyju í Noregi. Leiðangurinn verður uppspretta gjöfilla hugleiðinga um töfra fiskveiða og sjómennsku.

Hafbókin sló í gegn á liðnu ári víða um heim.

263 bls.

**Bjartur**

IB KIL

**Hársnyrting – undirstöðuatríði**

Verkefnabók

Þýð.: Margrét Ísdal, Þóris Eiríksdóttir og Jóna Dóra

Óskarsdóttir

Þessi verkefnabók tengist samnefndri kennslubók og er mikilvægur hluti af námi í hársnyrtingu. Þetta er fagbók sem nemandinn vinnur sjálfur út frá eigin aðferðum og verður hans persónulegi námsvísir þegar liður á námið.

368 bls.

**IÐNÚ útgáfa**

GOR

**Travelling safely in Iceland  
Hearing the land speak**


Vigfús Ingvar Ingvarsson

Í stuttu máli: Hvernig eiga erlendir gestir að haga sér á Íslandi? Hagnýt ráð og leiðbeiningar á einu bretti á ensku. Bók sem líklega á sér ekki hliðstæðu á íslenskum bókamarkaði í dag. Í henni er að finna í samþjöppuðu formi nánast allt sem erlendir ferðamaður þarf nauðsynlega að vita um Ísland áður en hann leggur landið undir fót.

60 bls.

**Vestfirska forlagið**

KIL

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRRA FRÆÐIBÓKA**BÓKAMESSA  
Í BÓKMENNTABORG****HELGINA 19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU**  
Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



### Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 1953–2006

Bergljót Línal

Í þessari bók rekur Bergljót Línal fyrrum hjúkrunarforstjóri Heilsuverndarstöðvarinnar sögu stofnunarinnar frá upphafi þar til starfsemi var lögð niður árið 2006. Hér er rakin starfsemi hinna ýmsu deilda stöðvarinnar en þær voru fjölmargar og sinntu öllum helstu þáttum í heilsuvernd Reykvíkinga í meira en hálfa öld. 236 bls.

**Skrudda**

IB



### Heimar mæstast

Smásögur frá Mexíkó

Þýð.: Kristín Guðrún Jónsdóttir

Í *Heimar mæstast* eru sextán smásögur eftir jafn marga höfundu frá Mexíkó. Sögurnar spanna tuttugustu öld til okkar daga. Þær eru ólíkar að efni og stíl og veita innsýn í hið fjölbreytta og litríka mannlíf í Mexíkó. 200 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK



### Héraðsmannasögur


Gamansögur af Héraði

Jón Kristjánsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Hér koma við sögu þeir Hrafn á Hallormsstað, Hákon Aðalsteinsson, Þráinn Jónsson, Frissi í Skóghlíð, Eiríkur í Dagverðargerði, séra Sigurjón á Kirkjubæ, Pétur á Egilsstöðum, Steinþór Eiríksson, Gísli í Skógargerði og margir fleiri í bráðskemmtilegri bók.

**Bókaútgáfan Hólar**

KIL



### Hjúkrun

I. þrep – Almenn hjúkrun

Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir

Ritstj.: Aðalbjörg Stefania Helgadóttir

Þetta er fyrsta bókin í ritröð kennslubóka í hjúkrun. Meginmarkmið hennar er að auka þekkingu á hjúkrun sem byggir á umhyggju og virðingu fyrir mannhelgi einstaklinga um leið og kenndar eru aðferðir sem efla hæfni fagfólks til að veita gæðaþjónustu. 288 bls.

**IBNÚ útgáfa**

SVK



### Hugrekki


Saga afkviða

Hildur Eir Bolladóttir

Kviði og einsemd eru erfiðar tilfinningar og því er sá skilningur sem fæst með sameiginlegri reynslu, sjálf nándin, eitt besta meðal sem til er. Þessi bók er líka fyrir þá sem aldrei hafa glímt við kviða, aðstandendur sem standa ráðþrota frammi fyrir þessu undarlega fyrirbæri, en ekki síður fyrir þá sem eru forvitnir um víddir mannsálarinnar. 128 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

SVK RAF



### Hugskot

skamm-, fram- og víðsýni

Friðbjörg Ingimarsdóttir og Gunnar Hersveinn

Handbók fyrir alla sem vilja taka þátt í baráttunni fyrir betra samfélagi. Markmiðið er að efla kunnáttu og færni lesenda í að skyggast inn í eigið hugskot, beita gagnrýnni hugsun og greina ímyndir, fordóma, texta og skilaboð í samfélaginu. Bókin er jafnframt ætluð til kennslu í framhaldsskólum. 228 bls.

**IBNÚ útgáfa**

SVK



### Hugur 27. árg.

Ritstj.: Guðrún R. Jóhannesdóttir

Þemað að þessu sinni er Líkami. Fjölbreytt efnistöð og ólíkar nálganir gefa góða innsýn í þá miklu grósku sem er í heimspeki á Íslandi. Einnig er hér að finna þýðingar, viðtöl og aðsendar greinar. 164 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK



### Hulduþjóðir Evrópu

Þorleifur Friðriksson

Evrópa er samfélag fjölda þjóða sem margar hverjar búa í sambyli við stærri og völdugri þjóðir. Hér er fjallað um fjörutíu hulduþjóðir; saga þeirra er oft reyfarakennd og menningin stundum gjörólík þeirri sem ríkir í viðkomandi löndum. Yfir og allt um kring er svo áttakamikil saga Evrópu. 405 bls.

**Veröld**

IB



### HÚH!

Ísland á EM 2016

Víðir Sigurðsson

Í þessari bók er fjallað um ævintýri íslenska karlalandsliðsins í fótbolta á Evrópumótinu í Frakklandi sumarið 2016.


160 bls. í lit. Mikill fjöldi ljósmynda.

Ljósmyndir: Hafliði Breiðfjörð ([www.fotbolti.net](http://www.fotbolti.net)) og Skapti Hallgrímsson (Morgunblaðið). Höfundur er Víðir Sigurðsson.

160 bls.

**Tindur**

IB



### Hvað er eiginlega að þessu Alþingi?

Þór Saari

Ný bók eftir Þór Saari fjallar um þann fjölpætta vanda sem löggjafarsamkoma Íslendinga á við að stríða. Í bókinni er að finna harða gagnrýni á starfshætti þingsins og sýnt er hvernig þessir starfshættir stuðla að þeirri skömm sem stór hluti þjóðarinnar hefur á stjórnámum og stjórnámálumönnum.

94 bls.

**Skrudda**

KIL



### Inngangur að skipulagsrétti

Lagaranni og réttarfrankvæmd  
Aðalheiður Jóhannsdóttir o.fl.

Bókin er fyrsta heildstæða ritið á Íslandi þar sem fjallað er um ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, þau skýrð og gerð grein fyrir öðrum ákvæðum sem máli skipta við skipulagsgerð. Jafnframt er fjallað um lykildóma og úrskurði þar sem reynt hefur á ákvæði laganna. Með nokkrum undantekningum er efnið miðað við gildandi rétt 1. janúar 2016.

350 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK



### Í hörðum slag

Íslenskir blaðamenn II

Guðrún Guðlaugsdóttir

Ritstj.: Birgir Guðmundsson

Hér greina 15 þjóðþekktir blaðamenn frá sjónarmiðum sínum og reynslu af blaðamennsku á seinni hluta 20. aldar, þegar fjölmiðlar á Íslandi voru að brjóta klakabönd flokksmiðlunarinnar. Í bókinni má finna einstakan ljósmyndakafla sem byggist á fréttaljósmyndum Gunnars V. Andréssonar.

360 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



### Íslensk klausturmenning

Ritstj.: Haraldur Bernharðsson

Klaustur voru miðstöðvar trúariðkunar en gegndu jafnframt ýmsum öðrum hlutverkum í samfélaginu, sem fræðasetur, miðstöðvar bókagerðar og sjúkrahöfnir, svo eitthvað sé nefnt, en jafnframt voru þau gátt ýmissa erlendra strauma inn í íslenskt samfélag. Í þessu greinasafni fjalla níu fræðimenn um klausturmenningu á Íslandi frá ýmsum hliðum.

297 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK



### Íslensk knattspyrna 2016

Víðir Sigurðsson

Allt um íslenska knattspyrnu 2016. Hér er að finna öll úrslit ársins í öllum flokkum og deildum. Úrvalsdeild og yngstu flokkar, strákar og stelpur. Mikill fjöldi ljósmynda enda er hér á ferðinni mjög lifleg árbók allra þeirra sem hafa áhuga á knattspyrnu.

Eldri bækur fást hjá útgefanda á tilboðsverði.

260 bls.

**Tindur**

IB



### Íslensk leiklist III

Sveinn Einarsson

Hér eru nýrri skeið í leiklistarsögu okkar Íslendinga rakin. Leiklist hefur verið óvenju vinsæl á Íslandi um langt skeið og afrekin á leiksviði mega því ekki falla í gleymsku. Bók þessi tekur við af öðru bindi *Íslenskrar leiklistar* og er ætlað að rekja söguna frá 1920 til 1960. Bókin er ríkulega myndskreytt.

520 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB



### Íslenskar fléttur

Hörður Kristinnsson

Markmið þessarar bókar er að kynna fléttur (skófir) fyrir íslenskum almenningi og gefa lesendum möguleika á að greina algengustu fléttur úti í náttúrunni. Fjallað er um 392 tegundir, sem er um helmingur þeirra tegunda sem skráðar hafa verið á Íslandi. Ljósmyndir eru af öllum tegundunum og jafnframt kort sem sýnir útbreiðslu þeirra á landinu.

468 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag og Bókaútgáfan Opna**

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

SVK



### Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi

Ágúst Einarsson

*Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi* eftir Dr. Ágúst Einarsson prófessor er fyrsta bók sinnar tegundar á íslensku. Fjallað er um sjávarútveg frá fjölmörgum sjónarhornum. Ágúst er prófessor emeritus við Háskólann á Bifröst og fyrrverandi rektor skólans. Hann hefur skrifað 30 bækur og gegnt mörgum trúnaðarstörfum og var meðal annars alþingismaður.

376 bls.

**Háskólinn á Bifröst og Háskólinn á Akureyri**

Dreifing: Ágúst Einarsson

SVK



### Konan kemur við sögu

Ritstj.: Svanhildur María Gunnarsdóttir o.fl.

Í bókinni eru birtir 52 fróðlegir og alþýðlegir pistlar sem fjalla um konur og kvenmenningu í aldanna rás; kvæða- og sagnakonur, skáldkonur, konur í bókmenntum og þjóðlífi fyrr og síðar. Örnefni, nýyrði, tökuorð, handrit skrifuð af konum – og þá er ekki allt upp talið.

192 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK



### Konur breyttu búháttum

- Saga Mjólkurskálans á Hvanneyri og Hvítárvöllum  
Bjarni Guðmundsson

Starfsemi Mjólkurskólans á fyrstu tveimur áratugum 20. aldarinnar hafði viðtæk áhrif í íslenskum landbúnaði. Þar nærðust fyrstu rætur þess öfluga og fjölbreytta mjólkuriðanaðar sem við þekkjum í dag. Nemendur þaðan réðust margir hverjir í forystu fyrir rjómaúin sem spruttu upp á þessum árum – í raun má tala um byltingu í námi og atvinnuþátttöku íslenskra kvenna.

166 bls.

**Landbúnaðarsafn Íslands og Bókaútgáfan Opna**

Dreifing: Landbúnarsafn Íslands

IB



### Kryddjurtarækt

fyrir byrjendur

Auður Rafnsdóttir

Viltu rækta þínar eigin kryddjurtir; elda úr þeim, útbúa kryddoliur og -m auk eða ilmoliur og sápur? Hér eru gefin einföld og gagnleg ráð um ræktun tólf algengra kryddjurtar og margs konar nýtingu á þeim. Höfundur er áhugakona um kryddjurtarækt sem heldur utan um vinsælan hóp íslenskra kryddjurtaræktenda á Facebook og hefur stýrt sjónvarpsþáttum um sama efni á Hringbraut.

112 bls.

Forlagið – Iðunn

SVK



### Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi

Kristján Eldjárn

Ritstj.: Adolf Friðriksson

Grundvallarrit um upphafsögu þjóðarinnar, prýtt fjölda ljósmynda, teikninga og korta. Bókin kom fyrst út 1956 og er í senn mikilvæg heimild um víkingaaldarminjar og áhugaverður fróðleikur fyrir almenning. Hún er nú gefin út í þriðja sinn í tilefni þess að öld er liðin frá fæðingu Kristjáns Eldjárns, og aukin upplýsingum um kumlafundi síðustu áratuga.

630 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB ENDUR ÚTGÁFA



### Land föður míns

Wibke Bruhns

Þýð.: Vilborg Auður Ísleifsdóttir

Árið 1944 var foringi í þýsku leyniþjónustunni tekinn af lífi vegna aðildar að samsæri um að ráða Adolf Hitler af dögum. Yngsta dóttir hans, Wibke Bruhns, var þá sex ára. Áratugum síðar ákveður hún að kafa ofan í bréf og dagbækur foreldra sinna og afa og ömmu. Afraksturinn er þessi áhrifamikla fjölskyldusaga þriggja kynslóða sem veitir einstaka innsýn í sögu þýsku þjóðarinnar á 20. öld.

522 bls.

Ugla

KIL



### Landnám Íslands

Gunnar Karlsson

*Landnám Íslands* er annað bindið í ritröð Gunnars Karlssonar, Handbók í íslenskri miðaldasögu. Fyrsta bindið, *Inngangur að miðöldum*, kom út árið 2007, hið þriðja, *Lifsbjörg Íslendinga frá 10. öld til 16. aldar*, árið 2009.

Hér er fjallað um efnið frá sem flestum sjónarmiðum.

480 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Landsnefndin fyrri. Den islandske Landkommission 1770-1771, I og II

Ritstj.: Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ.

Guðmundsdóttir

Skjöl landsnefndarinnar fyrri gefa einstæða innsýn í íslenskt samfélag um 1770, en nefndin ferðaðist um landið og safnaði upplýsingum um land og þjóð. Í þessum fyrstu tveimur bindum af sex er að finna bréf til landsnefndarinnar frá íslenskum almenningi og íslenskum prestum.

764 bls.

Sögufélag, Þjóðskjalasafn Íslands og Ríkisskjalasafn Danmerkur

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

IB



### Leikum, lærum, lifum

Ritstj.: Kristín Karlsdóttir o.fl.

Markmið starfsefndarannsóknarinnar Leikum, lærum, lifum var að þróa tengsl leiks og náms í leikskólum, en samkvæmt aðalnámskrá leikskóla 2011 er lögð áhersla á leik sem helstu námsleið ungra barna; að leikur sé í senn markmið og leið í leikskólastarfi. Bókin er ætluð kennaranemum, kennurum og starfsfólki í leik- og grunnskólum o.fl.

334 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Leitin að svarta víkingnum

Bergsveinn Birgisson

Hver var Geirmundur heljarskinn? Af hverju er engin saga varðveitt af manni sem sagður var „gófgastur landnámsmanna"? Þessi spennandi bók er heillandi ferðalag um forna tíma og fjarlæg lönd – en einnig á slóðir Geirmundar við Breiðafjörð og á Vestfjörðum.

416 bls.

Bjartur

IB



### Lesið í markaðinn

Eignastýring og leitin að bestu ávöxtun

Sigurður B. Stefánsson og Svandís R. Ríkarðsdóttir

Rakin saga fjárfestinga á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum allt frá því að skipuleg viðskipti með verðbréf komust á í Bandaríkjunum á 19. öld og fram til okkar daga. Ein ítarlegasta bók sem gefin hefur verið út um eignastýringu og fjárfestingar hér á landi. Nú er hægt að byrja að spara.

416 bls.

Crymogea

IB



### Listin að spyrja

Ingvar Sigurgeirsson

Hér er að finna einkar áhugavert efni sem nýtist kennaraefnum og starfandi kennurum á öllum skólastigum. Byggt er á reynslu höfundar, innlendum og erlendum rannsóknum á umræðum og spurningum og ýmsum handbókum um listina að spyrja.

92 bls.

Sögur útgáfa

KIL



### Lykilorð 2017

Órð Guðs fyrir hvern dag

Í *Lykilorðum* eru tvö biblíuvers fyrir hvern dag ársins auk sálmafers eða fleygs orðs, sem bæn eða til frekari ihugunar. Uppbygging bókarinnar og innihald bíður upp á fjölbreytta notkun. *Lykilorð* hafa náð að festa sig í sessi sem daglegur förunautur margra á þeim rúma áratug sem þau hafa verið gefin út hér á landi.

144 bls.

Lífsmótun

KIL



### Lýðveldisbörnin

Ritstj.: Þór Jakobsson og Arna Björk Stefánsdóttir  
Undanfarin ár hafa Þór Jakobsson veðurfræðingur og Arna Björk Stefánsdóttir sagnfræðingur safnað minningum lýðveldisbarna um 17. júní 1944. Bókin er fágæt og skemmtileg heimild um reynslu og viðhorf ungra fólksins á þessum merka degi þegar þjóðin fagnaði fengnu frelsi við endalok hartnær sjö alda skeiðs erlendra yfirráða.

272 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

SVK



### Lög á bók

Sigríður Logadóttir

Öllum er nauðsynlegt að kunna nokkur skil á lögum og rétti. *Lög á bók*, sem kemur nú út í endurskoðaðri og aukinni útgáfu, er gagnlegt og læsilegt undirstöðurit fyrir allan almennig, stofnendur fyrirtækja og sérfræðinga, og hentar einnig nemendum í lögfræði og skyldum greinum. Inn í umfjöllun bókarinnar er fléttað fjölmörgum dómum Hæstaréttar til skýringar.

632 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK ENDUR ÚTGÁFA



### Lög og samfélag

Arnar Þór Jónsson

Í bókinni er fjallað um hagsmuni almennra borgara og samfélagsins í heild, því þótt lögfræðingar beri ríka ábyrgð á lögum og lagaframkvæmd eru lögin ekki alfaríð á þeirra forræði. Hér koma til skoðunar álitamál um tengsl laga og siðferðis, uppruna og markmið laga, lagánám og inntak þess, hlutverk lögmanna og gagnrýna hugsun, svo nokkuð sé nefnt.

246 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Maðurinn

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson, Ágúst H. Bjarnason og Anna María Hilmarsdóttir

Ritstj.: Janet Mohun

Ný útgáfa þessarar vinsælu og aðgengilegu fræðibókar um öll svið manngerar tilveru – líkama, huga, þroska, menningu, þjóðfélög og þjóðir. Heillandi og stórfróðleg lýsing í máli og þúsundum mynda; bók fyrir alla, unga sem aldna, rituð af stórum hópi færustu sérfræðinga. Ómissandi leiðsögn um mannlífið í fortíð og framtíð.

506 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB ENDUR ÚTGÁFA



### Með nótur í farteskinu

Erlendir tónlistarmenn á Íslandi, 1930–1960

Óðinn Melsted

Á árunum 1930–1960 fluttust um 100 erlendir tónlistarmenn til Íslands og settu mikilvægt mark á íslenskt tónlistarlíf. Hvernig var það fyrir þessa tónlistarmenn að halda norður á bóginn? Hvernig gekk að skjóta rótum? Hvernig litu þeir sjálfir á Íslandsævintýri sitt? Hvaða nótur komu þeir með í farteskinu?

266 bls.

Sögufélag

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

SVK



### Miðaldri í skuggsjá Svarfaðardals

Árni Daniel Júlíusson

Hér er fjallað um sögu Svarfaðardals frá landnámi fram á 16. öld. Fornleifar, eldri heimildir og nýjustu rannsóknir eru nýttar til að skyggast inn í fortíðina. Fjallað er um höfuðból jafnt sem kotbyli og sel, greint frá landsháttum, gróðurfari og búskaparháttum og sagt frá hirðstjórum, bændum og kotungum. Bókin, sem er ríkulega myndskreytt, á rætur í drögum að miðaldasögu Svarfæla, sem Kristján Eldjárn ritaði.

339 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



### Mínimalískur lífsstíll

Það munar um mínum

Áslaug Guðrúnardóttir

Myndir: Þórarinn M. Baldursson

Hinn mínimalíski lífsstíll breiðist út um hinn vestræna heim. Er heimilið – og kannski lífið sjálft! – fullt af alls kyns hlutum og athöfnum sem engu bæta við lífsgæðin? Áslaug Guðrúnardóttir fréttamaður veitir innsýn inn í þessa vinsælu hugmyndafræði og segir skemmtilegar og persónulegar sögur.

145 bls.

Bjartur

KIL



### Mjólk í mat

Þóður Tómasson


Hér er gerð ítarleg grein fyrir verkmenningu og þjóðháttum sem tengjast mjólkuriðnaði gamla bændasamfélagsins. Höfundur segist sjálfur vera að greiða upp í skuld sína við þá kynslóð sem lagði honum gull í lófa með fræðslu um líf forfeðra og formæðra. Um leið er verk Þóðar skuldalúkning allrar þjóðarinnar við hina fornu þjóðmenningu og gullfótur undir framtíð mjólkuriðnaðar á Íslandi.

220 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB

KYNNTU  
ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRAR  
BÓKA



BÓKAMESSA  
Í BÓKMENNTABORG

19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU  
Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



### Náttúran í ljósaskiptunum

Ritstj.: Björn Þorsteinsson

Samband mannverunnar við náttúruna er ævagamalt viðfangsefni fræðilegrar hugsunar, og sjaldan hefur skilningur á því verið brýnni en nú. Bók þessi hefur að geyma níu greinar þar sem staða mannverunnar í náttúrunni er skoðuð í ljósi gamalla og nýrra kenninga úr vestrænni og austrænni heimspeki.

190 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Norður yfir Vatnajökul

Um ókunnna stígu á Íslandi

William Lord Watts

Þýð.: Jón Eypórsson

Englendingurinn William Lord Watts komst fyrstur yfir Vatnajökul árið 1875. Um leiðangurinn skrifaði hann merka bók, *Norður yfir Vatnajökul*. Gyrðir Elíasson rithöfundur hefur sagt að þetta sé með bestu ferðabókum sem hafa verið skrifaðar um landið. Hér er þýðing Jóns Eypórssonar frá 1962 endurprentuð með nýjum formála Gerðar Steinþórsdóttur.

208 bls.

Eldjökull

SVK



### Nú veit ég fyrir hvað KEA stendur

Eyfirskúnni og gamanmál

Ritstj.: Jón Hjaltason

Eyfirðingar leiðinlegir? Lestu Bigga Mar, Kára Árna knattspyrnuþóðsögn, Kristján Jóhannsson stórténór, Gunna Helga skátahöfðingja, Gunna Nella, Óða júðókall og ótal fleiri – sem láta ljós sitt skína í þessu riti – og svaraðu svo!

126 bls.

Völuspá útgáfa

KIL



### Orð um lífið

365 vísðómsorð fyrir hvern dag ársins

Þýð.: Lúther Jónsson

Myndir: Richard Exley

Samant.: Helen Exley

Orð um lífið hefur að geyma 365 spaklegar tilvitnanir sem kunna að breyta og bæta lífshætti þína. Þetta er óvenjuleg og falleg gjöf sem gleður dag hvern.

368 bls.

Steinegg

GOR



### Ódauðleg verk


Steinunn Knútsdóttir

Í bókinni varpar Steinunn Knútsdóttir, sviðslistakona, persónlegu ljósi á tíu ára sögu Áhugaleikhúss atvinnu- manna. Hún rekur tilurð leikverkanna fimm sem saman mynda kvintólógiuna *Ódauðleg verk*, þar sem tekist er á við stórar spurningar um lífið og listina. Steinunn lýsir menningarpólitískum jarðvegi verkanna og veitir innsýn í sköpunarferlið, auk þess sem handritin sjálf og gagnrýni um þau eru birt.

214 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Pétrísk-íslensk orðabók

með alfæðivafi


Pétur Þorsteinsson

Séra Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins, hefur um áratuga skeið fundið skrýtin og skemmtileg orð til að setja í stað hinna hversdagslegu og litlausu. Hvað ætli þessi merki: kvenpeningur, spenaspræna, bænabuxur, kjaftaskur, minnipokamaður og millistétta- maður?

Bókauðgáfan Hólar

KIL

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRA BÓKA Í  
SÖGU, ÆTTFRÆÐI OG  
HÉRAÐSLÝSINGUM



# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

HELGINA 19. OG 20. NÓVEMBER Í HÖRPU

Sjá dagskrá: [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



### Háski í hafi Pourquoi-Pas? – Manndrápsveður á Mýrunum

Illugi Jökulsson

Fjallað er á dramatískan og spennandi hátt um þann skelfilega atburð er franska rannsóknarskipið Pourquoi-Pas? fórst á Mýrum fyrir áttatíu árum. Sagt er frá fleiri sjóslysum sem þar hafa orðið og fjallað um hinn fræga leiðangursstjóra Jean-Baptiste Charcot. Mögnuð frásögn um mikla atburði, efni sem enginn vinnur betur úr en Illugi Jökulsson.

320 bls.

Sögur útgáfa

IB



### Quotes and Passages from the Icelandic Sagas

Ellert Baldur Magnússon

Nýtt og stórfróðlegt úrval á ensku sem geymir um þúsund fleyg orð og textabrot úr Íslendingasögunum – þar á meðal kunnugleg snjallyrði og vísdómsorð og sömu-leiðis önnur minna þekkt. Efni er skipað niður í ýmsa flokka, og er hér um að ræða einstakan sjóð fyrir þá sem vilja glöggva sig á lífsháttum og viðhorfum þeirra sem byggðu landið í öndverðu.

464 bls.

Forlagið

SVK RAF



### Reykholt Church Excavations

Guðrún Sveinbjarnardóttir

Reykholt í Borgarfirði er þekktast fyrir búsetu Snorra Sturlusonar þar á 13. öld, en var líklega höfðingjasetur frá upphafi byggðar þar. Reykholt varð einn af hinum fyrstu *stöðum* snemma á 12. öld og var þá einnig goð-orð. Hér er fjallað um fornleifarannsóknir á gamla kirkjustæðinu og farið yfir byggingarsöguna þar frá um 1000 fram á 19. öld.

320 bls.

Háskólaútgáfan

IB



### Ritið 1–3/2016

Ritstj.: Guðni Elísson o.fl.

1. hefti ársins 2016 er helgað loftslagsbreytingum. 2. hefti er helgað klámi og 3. hefti er væntanlegt.

222 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Saga

Tímarit Sögufélags. LIV: 1 2016 og LIV: 2 2016

Ritstj.: Sigrún Pálsdóttir

Tímaritið *Saga* kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast m.a. greinar, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands.

192 bls.

Sögufélag

SVK



### Saga Íslands XI (11. bindi)

Jón Karl Helgason, Pétur Hrafn Árnason og Sigurður Línal

Í þessu lokabindi *Sögu Íslands* er fjallað um tímabilið 1918–2009. Dregin er upp mynd af mannlífi og menningu í samfélagi sem var eitt hið fátækasta í Vestur-Evrópu en var um miðbik 20. aldar komið í hóp þeirra efnuðustu og hélt þeirri stöðu fram á 21. öld. Ritið er prýtt fjölmörgum ljósmyndum, kortum og myndritum sem glæða efnið lífi.

440 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



### Saga stjórnmálakenninga

Hannes H. Gissurarson

Höfundurinn kennir stjórnmálaheimspeki í Háskóla Íslands, og er bókin inngangsrít um átta merka stjórnmálhugsuði, Platón, Machiavelli, Locke, Rousseau, Smith, Mill, Marx og Spencer. Lýst er ævi, umhverfi og helstu verkum heimspekinganna, settar fram helstu kenningar þeirra um stjórnmál og þær gagnrýndar. Leitast er sérstaklega við að setja þær í íslenskt samhengi.

352 bls.

Almenna bókafélagið

KIL



### Saga tónlistarinnar

Arni Heimir Ingólfsson

Í þessari langþráðu bók er fjallað á aðgengilegan hátt um vestræna tónlistarsögu allt frá kaþólskum kirkju-söng í upphafi 9. aldar til nýjustu hræringa í samtímanum. Lykilverk tónbókmenntanna fá sérstakt vægi en einnig er lítið yfir sviðið og rýnt í tónlistina bæði sem samtímaspegil og farveg tjáningar. Óskabók allra tónlistarunnenda. ★★★★★ "... beinir á tæru og auðskildu máli forvitni almennings að perlum vestrænnar tónsköpunar ... bókinn hin skemmtilegasta ígrípslesning nánast hvar sem niður er komið." Ríkarður Ö. Pálsson / *Morgunblaðið*

616 bls.

Forlagið

IB



### Sagan um hina fornu konunga Noregs

ásamt Íslandskafnanum úr *Historia Norvegiae*

Þjóðrekur munkur

Þýð.: Guðmundur J. Guðmundsson

Sagan um hina fornu konunga Noregs er líklega elsta varðveitta konungasagan frá Norðurlöndum. Höfundurinn, Þjóðrekur munkur, var uppi á 12. öld og ritaði á latínu. Frásagnarstíll hans er ólíkur íslenskum miðaldabókmenntum. Aftan við sögur Þjóðreks er Íslandskaffi norska sagnfræðiverksins *Historia Norvegiae* sem talið er frá 13. öld.

103 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



### Samskiptaboðorðin

Aðalbjörg Stefania Helgadóttir

Aðalbjörg Stefania Helgadóttir segir hér á einlægan og persónulegan hátt frá samskiptaboðorðum sínum en þau fela í sér kerfisbundna lýsingu á samskiptum fólks og aðferðum við að bæta þau. Fullyrða má að góðum samskiptum fylgir enn betri líðan. Aðalbjörg hefur um alllangt skeið haldið námskeið um hvernig hægt er að auka samskiptaferni sem og ritstýrt kennslubókum um hjúkrun.

184 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



### Sannfæring og rök

*Gagnrýnin hugsun, hversdagslegar skoðanir og rakalaust bull*

Ólafur Páll Jónsson

Hvað eru góð rök? Hvað er breytni samkvæmt skynsamlegum rökum? Hvernig tengjast sannfæring og sannleikur? Hver er munur samræðu og rökræðu? Hér er fjallað á aðgengilegan hátt um spurningar sem þessar – um undirstöður rökræðinnar og gagnrýna hugsun en einnig er hugað að því hvers vegna sannleikurinn má sín lítills þegar rakalaust bullið tekur yfir.

204 bls.  
Háskólaútgáfan

SVK



### Sá sem flýr undan dýri


Jón Danielsson

Hér eru Guðmundar- og Geirfinnsmálin skoðuð með aðferðum rannsóknarblaðamennskunnar. Við nánari athugun reynast málskjölin sjálf beinlínis sanna sakleysi allra þeirra sem dæmd voru. Bókin er skrifuð fyrir almenning og auðveld aflestrar. Í fyrri hlutanum er sagan rifjuð upp eins og hún birtist fólki fyrir 35–40 árum.

298 bls.

Mýrún ehf

KIL



### Sálfræðibókin

C. Collin o.fl.

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Erum við það sem við hugsum? Hvers vegna gleymum við og hvernig er greind mæld? *Sálfræðibókin* er á einföldu máli og full af útskýringum, eftirminnilegum tilvitnunum og myndum þar sem leikið er með skynjun okkar og skoðanir. Hvort sem við vitum nánast ekkert um sálfræði, erum að læra hana í skóla eða erum sófasérfræðingar geymir bókin fjölmargt sem vekur áhuga og örvar okkur til íhugunar.

352 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



### Sex in the Sagas

*Love and Lust in the old Icelandic Literature*

Óttar Guðmundsson

Þýð.: Wincie Jóhannsdóttir

Í þessari bók skrifar Óttar Guðmundsson geðlæknir um kynlíf og ástir á söguöld. Árið 2012 gaf Óttar út met-söluþókina *Hetjur* og *hugarvél* sem fjallaði um geðsjúkdóma og persónuleikaraskanir í sögunum. Nú gengur hann skrefinu lengra og gægist undir rekkjuvöðirnar í baðstofum og skálum sögualdar og lýsir því sem fyrir augu ber.

238 bls.

Skrudda

KIL



### Siðfræði og samfélagsábyrgð

Óyvind Kvalnes

Þýð.: Jón Ólafsson

Siðfræði og samfélagsábyrgð fjallar á aðgengilegan hátt um siðfræði í atvinnulífi. Hún nýtir sér helstu kenningar siðfræðinnar til að sýna hvernig takast megi á við siðferðileg álitamál. Auk þess að kynna lesandann fyrir leiðum siðfræðinnar skýrir höfundurinn sálfræðilega og hagfræðilega þætti sem koma við sögu í daglegum ákvörðunum.

160 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Siðfræðikver

Vilhjálmur Árnason

Hér eru færð rök fyrir því að siðferðilegar rökræður séu skynsamleg leið til þess að jafna siðferðilegan ágreining og að hægt sé að rökstyðja siðferðilegar ákvarðanir með tilvísun í verðmæti og siðalögmál sem eru hafin yfir einstaklingsbundinn smekk. Skýrt er hvernig þessi tvö fyrirbæri eru höfudatriði í siðferðilegu lífi og að þau eru samofin.

100 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Sigurðar sögur dýralæknis

*Gamansögur af prestum, stjórnmálamönnum, læknum, sjúklingum og skepnum*

Sigurður Sigurðarson

Baldur í Vatnsfirði jarðar framsóknarmenn. Sigurbjörn biskup fer með kvöldbæinirnar. Halldóri í Holti er tíðrætt um mykjudreifara og Jón Ísleifsson skiptir um fót.

Ólafur Thors sefur fram eftir og Smali Jónsson riður berbakt. Sigurðar sögur dýralæknis kalla örugglega fram hlátur hjá lesendum.

Bókaútgáfan Hólar

SVK



### Síðustu ár sálarinnar

Ársæll Már Arnarsson

Höfum við sál? Líklega hafa færst ígrundað þessa ógnarstóru spurningu enda kannski ekki ljóst hvað felst í því fyrirbæri. Í þessu riti er farið yfir helstu hugmyndir Vesturlandabúa um sálina allt frá tímum Forngríkkja, en þær hafa frá upphafi verið bæði margbreytilegar og oft óskýrar.

332 bls.

Háskólaútgáfan

SVK

## » Miklu meira úrval!

Við erum með yfir **4.000 bókatitla** á lager - alla til afgreiðslu í einu smelli!

Stærsta bókabúðin er á netinu!

HEIMKAUP



**Sjónsbók**

*Ævintýrið um höfundinn, súrrealisma og sýnir*  
Úlfhildur Dagsdóttir

Skáldið Sjón er brautryðjandi í íslenskum bókmenntum og hefur hlotið fjölda viðurkenninga hérlendis sem og á alþjóðavettvangi. Úlfhildur Dagsdóttir fjallar hér um verk hans út frá framúrstefnu, súrrealisma og frásagnarfræðum. *Sjónsbók* er þarft innlegg í sögu íslenskra nútímabókmennta og nauðsynleg öllum sem vilja kynna sér þær til hlítar.

480 bls.  
**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK

**Skagfirskar skemmtisögur 5**

*Sá hlær best sem síðast hlær*  
Björn Jóhann Björnsson

Stína Sölva heldur þingmenn Sjálfstæðisflokksins vera Álftagerðisbræður, Ása Öfjörð klárar messuvínið, það raknar úr garnaflækju hjá Valla Jóns, Jóhann Salberg sýslumaður býður forseta Íslands Ópal og Andrés Valberg selur sömu hauskúpuna tvisvar. Skagfirsku skemmtisögurnar svikja engan.

**Bókaútgáfan Hólar**

KIL

**Skipulag kennarans**

Ritstj.: Guðrún Þ. Kristjánsdóttir

*Skipulag kennarans* er bók til að auðvelda kennurum að halda utan um upplýsingar og geyma þær. Með því að hafa allar helstu upplýsingar við hendina án þess að vera við tölvu.

Bókin er prentuð í stærðinni A4.

200 bls.

**ERF ehf**

GOR

**Skírnir – Tímarit HÍB**

*vor & haust 2016, 190. árg.*


Ritstj.: Páll Valsson

Fjölbreytt og vandað efni m.a. um íslenskar bókmenntir, náttúru, sögu og þjóðerni, heimspeki, vísindi, myndlist og stjórnmál og önnur fræði í sögu og samtíð. *Skírnir* er eitt allra vandaðasta fræðatímarit Íslendinga. Nýir áskrifendur velkomnir; Sími 588-9060.

555 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

KIL

**Skóli margbreytileikans**

*Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca*

Ritstj.: Dóra S. Bjarnason o.fl.

Hverju hefur stefnan um skóla án aðgreiningar skilað og hvert er líklegt að hún leiði okkur? Sautján fræðimenn fjalla um skóla og samfélag án aðgreiningar frá ólíkum sjónarhornum og byggja á nýjum íslenskum rannsókn-um. Þetta er fyrsta íslenska bókinn um þessa umdeildu stefnu. Hún vekur upp nýjar spurningar, svarar öðrum.

300 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK

**Stef ástar og valds**

*í sviðsetningum Þórhildar Þorleifsdóttur*

Ritstj.: Trausti Ólafsson

Með leikstjórn sinni á fyrstu verkefnum Alþjóðuleikhússins sló Þórhildur Þorleifsdóttir nýjan tón í íslensku leikhúsi. Allar götur síðan hefur hún sett sterkan og áleitinn svip á leikhús landsins og á að baki fjölmargar sýningar sem vakið hafa eftirtekt fyrir listrænt innsei og frjóa sköpun.

280 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK

**Stjórnandi Jón Stefánsson**

*Líf og list í Langholtskirkju í 50 ár*

Samant.: Gunnlaugur Snævarr

Stjórnandi Jón Stefánsson. Í bókinni er rakin 50 ára saga tónlistarlífs í Langholtskirkju, sem er samofin sögu Jóns Stefánssonar. Þar er greint frá brautryðjandastarfi hans, sem hefur haft varanleg áhrif á kirkjulistasögu Íslendinga. Bókin segir einnig sögu kóranna við Langholtskirkju, leið kórfélaga að settu marki og þeim fögnuði sem þeir uppskera þegar markinu er náð. Bókin er rúmar 200 bls. og ríkulega myndskreytt.

208 bls.

**Syngjandi Langholt**

IB

**Söguágríp**

Sigurður Lindal

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað árið 1816 og fagnar 200 ára afmæli í ár. Af því tilefni kemur út ágríp af sögu þessa elsta bókaforlags landsins en stofnun Bókmenntafélagsins markaði gagngera breytingu á viðhorfi manna gagnvart íslenskrari tungu og bókmenntum. Rakin er stofnun félagsins, greint frá útgáfustarfi og annarri starfsemi þess.

93 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK

**Taktu til í lífi þínu**

*Listin að grisja og endurskipuleggja með japönsku*

*KonMari-aðferðinni*

Marie Kondo

Þýð.: Ingibjörg Eypórsdóttir

Er óreiðan á heimilinu að fara með þig? Þá gæti verið tímabært að grisja, losa sig við óþarfa hluti og raða því sem eftir er af skynsemi í hirslurnar. Aðferðin sem Marie Kondo kynnir í þessari heillandi bók hefur farið sigurför um heiminn, enda er hugmyndafræðin bæði einföld og snjöll. KonMari-aðferðin er lykkill að betra lífi!

220 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

IB

RAF



Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

**Til varnar réttindum konunnar**

Mary Wollstonecraft

Þýð.: Gísli Magnússon

Tímamótaverk í sögu kvenréttinda. Wollstonecraft setur fram beitta samfélagsrýni á tímum vaknandi lýðræðishugmynda og fjallar um menntun, tengsl hugsunar og tilfinninga, hvatalíf manneskjunnar og ýmislegt annað er varðar samfélag, stjórnmál og mannlega hegðun. Gísli Magnússon þýðir og Eyja Margrét Brynjarsdóttir ritar inngang.

415 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB



### Tilbrigði í íslenski setningagerð II

Ritstj.: Höskuldur Þráinsson o.fl.

Bókin greinir frá niðurstöðum úr viðamiklu rannsóknarverkefni sem hlaut svonefndan Öndvegisstyrk frá rannsóknarsjóði (2005–2007). Eins og nafnið bendir til var markmið verkefnisins að kanna útbreiðslu og eðli helstu tilbrigða í setningagerð íslensks máls og fá þannig glögga vitneskju um það hvert þróunin stefndi. 364 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Tíminn minn 2017

Björg Þórhallsdóttir

Hlý og fallega myndskreytt dagbók eftir íslensku listakonuna Björgu Þórhallsdóttur, sem nú er einn vinsælasti listamaður Noregs. Þessi dagbók er sniðin fyrir konur, full af jákvæðni og góðum ráðum. Kemur út fjórða árið í röð á Íslandi. 128 bls.

Bókafélagið

IB



### Tröllin í fjöllum

35 sögur úr safni Jóns Árnasonar

Myndir: Fífa Finnsdóttir

Ritstj.: Silja Aðalsteinsdóttir

